6. Aðstoðardeildarstjóri (2).
7. Hjúkrunarfræðingur (13).
8. Sjúkraliði (5,5).
9. Hjúkrunarritari (1,5).

LYFLÆKNINGADEILD, ein deild (deild A-6).

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m / sérmenntun (4).
3. Læknir m / sérmenntun á bakvakt (4).
4. Aðstoðarlæknir (4).
5. Deildarstjóri hjúkr.fr.
6. Aðstoðardeildarstjóri (2)
7. Hjúkrunarfræðingur (14).
8. Sjúkraliði (8,5).
9. Hjúkrunarritari (1).

SMITSJÚKDÓMADEILD.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/ sérmenntun.
3. Læknir m/ sérmenntun á bakvakt.

Sýklarannsókn.

1. Meinatæknir (1).

ÖLDRUNARLÆKNINGADEILD, ein deild (deild B-5).

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m/ sérmenntun.
3. Læknir m/ sérmenntun á bakvakt.
4. Deildarstjóri hjúkr.fr.
5. Aðstoðardeildarstjóri hjúkr.fr.(2).
6. Hjúkrunarfræðingur (8).
7. Sjúkraliði (14).
8. Hjúkrunarritari.

ÖLDRUNARDEILD, HVÍTABANDI.

1. Deildarstjóri hjúkr.fr.
2. Aðstoðardeildarstjóri hjúkr.fr. (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (3).
4. Sjúkraliði (6).
5. Hjúkrunarritari.

ENDURHÆFINGA- OG TAUGADEILD, GRENSÁSI.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m / sérmenntun á bakvakt (2).
3. Aðstoðarlæknir.
4. Fulltrúi / læknaritari.
5. Sjúkraliði-heilaritari.
6. Sjúkraþjálfarar vinna skv. stórhátíðarfyrirkomulagi.

SJÚKRADEILD, ein deild (deild E-61).

1. Deildarstjóri hjúkr.fr.
2. Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunarfr.(2).
3. Hjúkrunarfræðingur (6).
4. Sjúkraliði (11,5).
5. Hjúkrunarritari.

HÚSUMSJÓN

1. Umsjón fasteigna.

HJÚKRUNAR- OG ENDURHÆFINGARDEILD (deild E-63), HEILSUVERNDARSTÖÐ.

1. Deildarstjóri hjúkr.fr.
2. Aðstoðardeildarstjóri hjúkr.fr. (1).
3. Hjúkrunarfræðingur (3).
4. Sjúkraliði (4).
5. Þroskaþjálfi.
6. Hjúkrunarritari.

SVIÐSSTJÓRN GEÐLÆKNINGASVIÐS.

1. Forstöðulæknir.
2. Hjúkrunarframkvæmdastjóri.

GEÐDEILDA-2.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m / sérmenntun (2).
3. Aðstoðarlæknir (2).
4. Deildarstjóri, hjúkr.fr.
5. Aðstoðardeildarstjóri (2).
6. Hjúkrunarfræðingur (12).
7. Sjúkraliði (5).
8. Deildarstjóri / læknaritari.
9. Hjúkrunarritari.

SJÚKRADEILDIR, 3 deildir (deildir 33, 34, 35), ARNARHOLTI.

1. Læknir m/ sérmenntun (2).
2. Aðstoðarlæknir.
3. Deildarstjóri hjúkr.fr. (3).
4. Hjúkrunarfræðingur (5).
5. Sjúkraliði (8).

ELDHÚS.

1. Forstöðumaður mötuneytis.

DAGDEILD GEÐDEILDAR, HVÍTABANDI, LOKUÐ.

MEÐFERÐARHEIMILIÐ VIÐ KLEIFARVEG.

1. Læknir m/ sérmenntun.
2. Forstöðumaður.
3. Deildarstjóri.
4. Uppeldisfulltrúar (2).

DAGDEILD Í TEMPLARAHÖLL.

1. Læknir m/ sérmenntun.

SVIÐSSTJÓRN MYNDGREININGA- OG RANNSÓKNARSVIÐS.

1. Forstöðulæknir.

RÖNTGENDEILD.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m / sérmenntun (2).
3. Deildarstjóri/hjúkr.fr. (1).
4. Röntgentæknar vinna skv. stórhátíðarfyrirkomulagi.
5. Skrifstofumaður (2).
6. Deildarstjóri / læknaritari.
7. Fulltrúi.
8. Móttökuritari.
9. Sérhæfður aðstoðarmaður (3).

RANNSÓKNARDEILD.

1. Yfirlæknir.
2. Læknir m / sérmenntun (3).
3. Meinatæknar vinna skv. stórhátíðarfyrirkomulagi.
4. Móttökuritari (2).
5. Deildarstjóri / læknaritari.

REKSTRAR- OG VIÐHALDSSVIÐ.

1. Forstöðumaður.

ELDHÚS.

1. Matreiðslumaður (2).
2. Aðstoðarmatreiðslumaður (2).
3. Matarfræðingur.
4. Matartæknir / verkst. (2).
5. Næringarráðgjafi.

SÍMAVAKT OG UPPLÝSINGAR.

1. Skrifstofumaður (6).
2. Móttökuritari (2).
3. Deildarfulltrúi.

TÖLVUDEILD.

1. Deildarstjóri.
2. Verkfræðingur.

LÍN.

1. Línstjóri.

RÆSTINGARDEILD.

1. Ræstingarstjóri.

HÚSUMSJÓN.

1. Verkstjóri verkam.
2. Aðstoðarmaður BSP (7).
3. Skrifstofumaður.
4. Bifreiðarstjóri.

FJÁRMÁLA- OG ÁÆTLUNARSVIÐ.

1. Forstöðumaður.
2. Gjaldkeri.

LAGER.

1. Deildarstjóri.
2. Birgðavörður.
3. Deildarfulltrúi.

SJÚKLINGABÓKHALD.

1. Deildarstjóri.
2. Deildarfulltrúi.

APÓTEK.

1. Birgðavörður.

II SLÖKKVISTÖÐ REYKJAVÍKUR:

1. Fjórar vaktir að fullu skv. varðskrá helgidaga (vaktir A, B, C og D).

Hverja vakt skipa:

1. Aðalvarðstjóri.
2. Varðstjóri (2).
3. Innivarðstjóri.
4. Aðstoðarvarðstjóri (3).
5. Flokksstjóri (6).
6. Slökkviliðsmaður (5).

2. Umsjónarmaður eldvarna.
3. Umsjónarmaður slökkvitækja.

III RAFMAGNSVEITA REYKJAVÍKUR:

1. Kerfisstjóri.
2. Varðstjóri.
3. Vaktmaður (4).
4. Stöðvarstjóri Elliðaárstöðvar (nóv. - apríl).

5. Starfsmannastjóri.
6. Umsjón fasteigna.
7. Bústjóri Úlfljótsvatni.
8. Fiskræktarfulltrúi.
9. Forstöðumaður tæknimála.

IV VATNSVEITA REYKJAVÍKUR:

1. Stöðvarstjóri.

V HITAVEITA REYKJAVÍKUR:

A. SKRIFSTOFA HITAVEITU.

1. Starfsmannastjóri.

B. AÐALSTJÓRNSTÖÐ.

1. Vélfræðingur (5).
2. Vélfræðingur, rafeindasvið.

C. DÆLUSTÖÐ REYKJUM, MOSFELLSBÆ.

1. Vélfræðingur á bakvakt (3).

D. INNANHÚSÞJÓNUSTA (bilanaþjónusta).

1. Vatns- og hitalagnamaður (3).

E. NESJAVALLAVIRKJUN.

1. Stöðvarstjóri.
2. Vélfræðingur (2).
3. Sérhæfður starfsmaður (4).
4. Umsjónarmaður gufuveitu.

VI REYKJAVÍKURHÖFN:

1. Yfirhafnsögumaður.
2. Ein dagvakt skipaþjónustu (4 starfsmenn, nóv - apríl).
   1. Varðstjóri.
   2. Skipstjóri hafnsögubáts.
   3. Bryggjuvörður / háseti (2).
3. Umsjón fasteigna.

VII BORGARVERKFRÆÐINGUR:

A BÍLASTÆÐASJÓÐUR.

1. Umsjónarmaður umferðarljósa.

B KORPÚLFSSTAÐIR.

1. Umsjón fasteigna.

C SKRIFSTOFA BORGARVERKFRÆÐINGS.

1. Starfsmannastjóri borgarverkfræðings.
2. Umsjón fasteigna.

VIII SKÝRR:

1. Öryggisvörður (4).
2. Vinnslustjóri (4).
3. Kerfisforritari.
4. Kerfisfræðingur í launakerfi.

IX SÖFN:

A. ÁRBÆJARSAFN.

1. Ráðsmaður.

X ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ:

A. EIGNAVARSLA o.fl.

1. Íþróttafulltrúi.
2. Deildarstjóri (2).

B. HÚSDÝRAGARÐUR.

1. Yfirdýrahirðir.
2. Dýrahirðir (1).

XI SKÓLAMÁL:

A. EIGNAVARSLA (þar sem húsverðir búa á vinnustað).

1. Umsjónarmaður Laugarnesskóla.
2. Umsjónarmaður Langholtsskóla.
3. Umsjónarmaður Miðbæjarskóla.

XII FÉLAGSMÁLASTOFNUN:

A SKRIFSTOFA FÉLAGSMÁLASTOFNUNAR.

1. Yfirmaður fjármála- og rekstrardeildar.
2. Yfirmaður fjölskyldudeildar.
3. Yfirmaður öldrunarþjónustudeildar.
4. Starfsmannastjóri.

B Í ÞÁGU ALDRAÐRA:

Austurbrún 6.

1 Húsvörður.

Árskógar:

1. Forstöðumaður.

Furugerði 1.

1. Forstöðumaður.

Langahlíð 3

1. Forstöðumaður
2. Forstöðumaður mötuneytis.

Dalbraut 27: Þjónustuíbúðir.

1. Vaktstjóri.
2. Læknir (1/2).
3. Forstöðumaður mötuneytis (2).
4. Sjúkraliði (3).
5. Fulltrúi (símvarsla).
6. Vaktstjóri (flokkstj. í heimaþjónustu).
7. Hjúkrunarfræðingur (dagdeild).

Droplaugarstaðir:

1. Forstöðumaður mötuneytis.
2. Fulltrúi (símavarsla) (1,5).

Hjúkrunardeild.

1. Hjúkrunarfræðingur (7).
2. Sjúkraliði (9).

Þjónustudeild (vistdeild).

1. Hjúkrunarfræðingur.

Seljahlíð:

1. Forstöðumaður mötuneytis.
2. Skrifstofumaður (símavarsla) (2).

Hjúkrunardeild.

1. Hjúkrunarfræðingur (4).
2. Sjúkraliði (3).

Þjónustudeild (vistdeild).

1. Hjúkrunarfræðingur (7).
2. Sjúkraliði (1,5).

Forstöðumenn heimaþjónustustöðva:

1. Forstöðumaður Aflagranda 40.
2. Forstöðumaður Bólstaðarhlíð 43.
3. Forstöðumaður Hvassaleiti 58.
4. Forstöðumaður Norðurbrún 1.
5. Forstöðumaður Vesturgötu 7.
6. Forstöðumaður Lindargötu 59.

C Í ÞÁGU BARNA OG UNGLINGA:

Akurgerði 20:

1. Forstöðumaður.
2. Uppeldisfulltrúi (1,5).
3. Þroskaþjálfi (2,5).

Álfaland 6:

1. Forstöðumaður.
2. Þroskaþjálfi (5,5).

Hraunberg 15:

1. Forstöðumaður.
2. Fóstra (4,5).

Laugarásvegur 39:

1. Forstöðumaður.
2. Fóstra (4,5).
3. Þroskaþjálfi.
4. Meðferðarfulltrúi (2,5).

Unglingaheimili Búðargerði 9:

1. Forstöðumaður (2).

D ÖNNUR HEIMILI:

Mæðraheimilið Sólvallagötu 10:

1. Forstöðumaður.
2. Meðferðarfulltrúi (4).

Húsverðir í ýmsum húsum í eigu borgarinnar:

1. Húsvörður Fannarfelli 2-12.
2. Húsvörður Írabakka 2-16.
3. Húsvörður Jórufelli 2-12 og Unufelli 44-46 (1).
4. Húsvörður Skúlagötu 64-80.
5. Húsvörður Yrsufelli 1-15.
6. Húsvörður Kleppsvegi 66-76.
7. Húsvörður Meistaravöllum 19-29.

E HEIMILISHJÁLP:

1. Deildarstjóri.

XIII DAGVIST BARNA.

A. EIGNAVARSLA.

1. Fulltrúi (2).

XIV SVR.

A. EIGNAVARSLA.

1. Deildarstjóri tæknideildar.

XV BORGARSKRIFSTOFUR:

A. SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA.

1. Ritari (3).
2. Bílstjóri (2).
3. Fulltrúi (símavarsla).
4. Aðstoðarkona borgarstjóra.

B. RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR.

1. Yfirumsjónarmaður Ráðhúss.
2. Umsjónarmaður Ráðhúss (4).
3. Forstöðumaður mötuneytis.

C. VIÐEY.

1. Ráðsmaður Viðey (1).

D. HÖFÐI.

1. Umsjón fasteigna.

Reykjavík, 24. janúar 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1995

24. janúar 1995 101 Nr. 48

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

5. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 - 1995

Nr. 49 102 20. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Elli- og hjúkrunarheimilið Grund og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Lyfjafræðinga Íslands, Læknafélag Íslands og Starfsmannafélag ríkisstofnana hafa gert með sér samning samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 staða	Yfirlæknir	1,0 staða
Hjúkrunarfr., næturvaktir	1,4 staða	Lyfjafræðingur	0,25 staða
Lyfjatæknir	1,0 staða		

Hjúkrunardeildir:

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Hjúkrunardeildir (DI, DI ng, DII, AII)
Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.
Einn sjúkraliði á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum.

Dvalardeildir:

Á dvalardeildum eru aldraðir heimilismenn í langtímadvöl, er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Dvalardeildir (VI, AI)
Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hvorri deild á morgun- og kvöldvöktum.
Einn sjúkraliði í 50% starfi á hvorri deild.

Dvalardeildir (MG/LG)
Einn sjúkraliði á hvorri deild á dagvakt.

Ræstingadeild.	
Ræstingastjóri	1,0 staða
Aðalborðsalur.	
Verkstjóri	1,0 staða
Eldhús.	
Yfirmatsveinn	1,0 staða

Reykjavík, 20. janúar 1995.

Elli- og hjúkrunarheimilð Grund.
Guðrún B. Gísladóttir forstjóri.

12. janúar 1995 Nr. 50

AUGLÝSING

um skrá Vinnu- og dvalarheimilis Sjálfsbjargar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar (VDS) er sjálfseignarstofnun. Þar er rekin starfsemi á grundvelli 4. og 5. tl. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka m. a. til starfsmanna sjálfseignarstofnana og liggur fyrir yfirlýsing stjórnar VDS að um starfsmenn tilgreindra stéttarfélaga gildi ákvæði laga nr. 94/1986 eftir því sem við getur átt sbr. 2. gr. laganna. Í dag varða lögin starfsmenn stofnunarinnar innan eftirgreindra stéttarfélaga: Starfsmannafélags ríkisstofnana, Sjúkraliðafélags Íslands, Félags íslenskra sjúkraþjálfara, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Iðjuþjálfafélags Íslands (kjarafélags iðjuþjálfa).

Í 19. gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3. tl. 1. mgr. 19. gr. er tilgreint, að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé birt opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá starfsmenn Vinnu- og dvalarheimils Sjálfsbjargar í ofangreindum stéttarfélögum sem óheimilt er að gera verkfall:

Heimilisdeildir.

Þar eiga lögheimili 43 mikið fatlaðir einstaklingar sem ekki verða sendir af heimili sínu þó komi til verkfalls. Einnig eru þar 2 skammtímavistrými.

Á heimilisdeildum starfa 3 hjúkrunarfræðingar í fullu starfi (einn á hverri hinna þriggja hæða heimilisins). Gert er ráð fyrir að allir hjúkrunarfræðingarnir sinni störfum komi til verkfalls. Á heimilisdeildunum starfa einnig 12 sjúkraliðar í 9,8 stöðugildi. Gert er ráð fyrir að 6 sjúkraliðar í 5,0 stöðugildi sinni störfum komi til verkfalls. Stöðurnar raðast þannig: 3 sjúkraliðar í fullu starfi á morgunvakt, 1 sjúkraliði í 70% stöðugildi á næturvakt og 2 sjúkraliðar í samtals 1,3 stöðugildi á kvöldvakt.

Mötuneyti.

Rekstur mötuneytis tengist fyrst og fremst heimilisdeildunum og er því óhjákvæmilegt að reka þá starfsemi komi til verkfalls. Því skulu 5 starfsmenn í 5,0 stöðugildi sinna störfum komi til verkfalls.

Á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 19. gr. er eftirtöldum starfsmönnum VDS óheimilt að gera verkfall:

Framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra sem jafnframt er staðgengill framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra, forstöðumanni endurhæfingarstöðvar, forstöðumanni Dagvistar, forstöðumanni eldhúss, forstöðumanni reksturs fasteignar, ræstingarstjóra og launafulltrúa.

Reykjavík, 12. janúar 1995.

Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar.
Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri.

Nr. 51 30. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu D.A.S. Reykjavík skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4. - 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri	0,5 stöðugildi	Skrifstofu- og fjármálstjóri	1 stöðugildi
Aðstoðarframkvæmdastj.	1,0 stöðugildi	Starfsmenn launadeildar	2 stöðugildi

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,00 stöðugildi	Yfirlæknir	0,60 stöðugildi
Hjúkrunarfr.næturvakt alla daga	1,40 stöðugildi	Læknar	1,20 stöðugildi
Hjúkrunarritari	1,00 stöðugildi	Læknafulltrúi	1,00 stöðugildi
Lyfjafræðingur	0,25 stöðugildi		

Hjúkrunardeildir

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, er Hrafnista Reykjavík því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað. Hjúkrunardeildirnar eru 5 með 114 rúm samtals.

Hjúkrunardeild A - 4

Hjúkrunarrúm á A - 4 eru 23.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00	0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	0,70			0,30	1,00

Hjúkrunardeild A - 3

Hjúkrunarrúm á A - 3 eru 30 og er deildin fyrir heilabilaða.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,50	1,00		0,40	0,40	3,30
Sjúkraliðar	1,40	0,50	0,75	0,20	0,25	3,10

Hjúkrunardeild E - 2

Hjúkrunarrúm á E - 2 eru 18.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00	0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	0,60	0,20		0,20	1,00

Hjúkrunardeild F - 2

Hjúkrunarrúm á F - 2 eru 19.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00	0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	0,60	0,20			0,80

Hjúkrunardeild G - 2

Hjúkrunarrúm á G - 2 eru 24.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00	0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	2,00	0,25	0,20	0,25	2,70

Vistdeildir (þjónustuhúsnæði)

Á vistdeildum eru 134 aldraðir vistmenn og 69 aldraðir sjúklingar eða samtals 203 íbúar í langtímadvöl, er Hrafnista Reykjavík því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Heilsugæsla D - 1

Þjónar 69 sjúklingum og 134 vistmönnum á vistdeildum ásamt neyðarþjónustu við aldraða sjálfseignaríbúa við Jökulgrunn (45-50 íbúar) og mun væntanlega þjóna íbúum í fjöleignarhúsi við Kleppsveg 62 (50-60 íbúar).
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	3,00	1,00		0,40	0,40	4,80
Sjúkraliðar	2,00	1,00	0,60	0,20	0,20	4,00

Skrifstofa

Símavarsla 1 stöðugildi
Fulltrúi (sjúklingabókhald) 1 stöðugildi

Þvottahús

Verkstjóri 1 stöðugildi

Ræstingardeild

Ræstingarstjóri 1 stöðugildi

Stóri borðsalur

	Dagvakt Virka daga Stöðugildi	Síðdegisvakt Kl. 16-20 Virka daga Stöðugildi	Dagvakt Helgar Stöðugildi	Síðdegisvakt Kl. 16 - 20 Helgar Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Verkstjóri	1,0	0,5	0,4	0,2	2,1

Litli Borðsalur

	Dagvakt Virka daga
Verkstjóri	1 Stöðugildi

Eldhús

	Dagvakt Virka daga Stöðugildi	Dagvakt Helgar Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Yfirmatsveinn	0,87	0,13	1,00
Matsveinn	1,74	0,26	2,00

Kjötvinnsla

Deildarstjóri 1 stöðugildi

Húsvarsla

	Kvöldvakt Kl. 17-24 Virka daga Stöðugildi	Næturvakt Kl. 24-8 Alla daga Stöðugildi	Dagvakt Kl. 14-17 Helgar Stöðugildi	Kvöldvakt Kl. 17 - 24 Helgar Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Næturverðir	0,90	1,40	0,15	0,35	2,80

Skýring; 1 stöðugildi er starfsmaður í fullu starfi (40 tímar).

Reykjavík 30. janúar 1995.
Hrafnista D. A. S.,
Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri.

30. janúar 1995 Nr. 52

AUGLÝSING

um skrá Hrafnistu D.A.S. Hafnarfirði skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 4. - 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri 0,5 stöðugildi, Skrifstofustjóri 1 stöðugildi,
Starfsmenn launadeildar 1,8 stöðugildi.

Skrá yfir þá sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19 gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Hjúkrunarforstjóri	1,0 stöðugildi	Yfirlæknir	0,45 stöðugildi
Hjúkrunarfr. næturvaktir alla daga	1,4 stöðugildi	Læknar	1,12 stöðugildi
Læknafulltrúi	1,0 stöðugildi	Lyfjafræðingur	0,2 stöðugildi

Hjúkrunardeildir

Á hjúkrunardeildum eru aldraðir sjúklingar í langtímadvöl, er Hrafnista Hafnarfirði því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað. Hjúkrunardeildirnar eru 3 með 86 rúm samtals.

Hjúkrunardeild B - 2

Hjúkrunarrúm á B - 2 eru 27.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00		0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	2,00	1,00	1,40	0,80	0,40	5,60

Hjúkrunardeild B - 3

Hjúkrunarrúm á B - 3 eru 29.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00		0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	2,00	1,00	1,40	0,80	0,40	5,60

Hjúkrunardeild B - 4

Hjúkrunarrúm á B - 4 eru 30.
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	1,00	1,00		0,40	0,40	2,80
Sjúkraliðar	2,00	1,00	1,40	0,80	0,40	5,60

Vistdeildir (þjónustuhúsnæði)

Á vistdeildum eru aldraðir vistmenn 79 og 60 aldraðir sjúklingar eða samtals 139 íbúar í langtímadvöl, er Hrafnista Hafnarfirði því heimili þeirra og verða þeir ekki útskrifaðir annað.

Forstöðukona 1 stöðugildi

Heilsugæsla B - 1

Þjónar 60 sjúklingum og 79 vistmönnum á vistdeildum ásamt neyðarþjónustu við aldraða sjálfseignaríbúa við Boðahlein (40-50 íbúar) og Naustahlein (40-50 íbúar).
Stöðugildi raðast þannig:

	Dagvakt Virka daga Stöðu-gildi	Kvöldvakt Virka daga Stöðu-gildi	Næturvakt Alla daga Stöðu-gildi	Dagv. Helgar Stöðu-gildi	Kvöldv. Helgar Stöðu-gildi	Samtals Stöðu-gildi
Hjúkrunarfræðingar	2,00	1,00		0,40	0,40	3,80
Sjúkraliðar	1,00	1,00	1,40	0,40	0,40	4,20

Dagvistun aldraðra

Í dagvistun eru 25-30 aldraðir, sem geta tæplega verið einir heima hjá sér að degi til.
Sjúkraliði 1 stöðugildi

Þvottahús

Verkstjóri 1 stöðugildi

Ræstingardeild

Ræstingarstjóri 1 stöðugildi

Skrifstofa

Símavarsla 1 stöðugildi
Fulltrúi (sjúklingabókhald) 1 stöðugildi.

Aðalborðsalur

	Dagvakt Virka daga Stöðugildi	Síðdegisv. Kl. 16-20 Virka daga Stöðugildi	Dagvakt Helgar Stöðugildi	Síðdegisvakt Kl. 16-20 Helgar Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Verkstjóri	1,00	0,50	0,40	0,20	2,10

Eldhús

	Dagvakt Virka daga Stöðugildi	Dagvakt Helgar Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Matsveinn	1,00	0,40	1,40

Húsvarsla

	Kvöldvakt Kl.17-22 Alla daga Stöðugildi	Næturvakt Kl.22-8 Alla daga Stöðugildi	Samtals Stöðugildi
Næturverðir	0,88	1,75	2,63

Skýring: 1 stöðugildi er starfsmaður i fullu starfi (40 tímar)

Hafnarfirði, 30. janúar 1995.
Hrafnista D.A.S.
Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri.

Nr. 53 25. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann skv. 2 mgr. 19. gr. laga nr 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann kt. 671077-0169 og neðangreind stéttarfélög hafa gert með sér samninga um að með kjarasamninga skuli farið eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr 94/1986:

Læknafélag Íslands.
Félag ísl. hjúkrunarfræðinga.
Sjúkraliðafélag Íslands.
Starfsmannafélag ríkisstofnana.
Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi.

Í 2. gr. laga nr. 94/1986 er tekið sérstaklega fram að lög þessi nái einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almanna þágu skv. lögum, og eru á fjárlögum.

Í 19 gr. laga nr. 94/1986 eru tilgreindir þeir, sem ekki er heimilt að gera verkfall og í 3.- 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. segir að heimild til að gera verkfall nái eigi til þeirra, er starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónusu.

Í 2. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir að skrá yfir þá sem falla undir 3.- 4. og 6. tl. 1. mgr. 19. gr. 1. 94/1986 sé birtur opinberlega. Fer hér á eftir skrá yfir þá starfsmenn Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann sem skv. þessu er óheimilt að gera verkfall:

Sjúkrahúsið Vogur.

Á Sjúkrahúsinu Vogi eru rúm fyrir 60 áfengis og vímuefnasjúklinga. Þeir verða ekki útskrifaðir heim tafarlaust. Nauðsynlegt er að taka til innlagnar bráðveika áfengis og vímuefnaneytendur.

Læknar:

Gert er ráð fyrir 2,5 stöðugildum í verkfalli. Læknar þessir gegna einnig störfum við Meðferðarheimilin Vík á Kjalarnesi og Staðarfelli í Dölum.

Hjúkrunarforstjóri:

Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi hjúkrunarforstjóra.

Hjúkrunarfræðingar:

Gert er ráð fyrir 4,2 stöðugildum við vinnu í verkfalli. Stöður þessar raðist þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt, 1 staða næturvakt.

Sjúkraliðar:

Gert er ráð fyrir 2,8 stöðugildum við vinnu í verkfalli. Stöður þessar raðist þannig: 1 staða morgunvakt, 1 staða kvöldvakt.

Ráðgjafar:

Gert er ráð fyrir 6 stöðugildum ráðgjafa við vinnu í verkfalli.

Sálfræðingur:

Gert er ráð fyrir 0,5 stöðugildi sálfræðings við vinnu í verkfalli.

Læknaritarar og símaverðir:

Gert er ráð fyrir 2 stöðugildum við ritun og símavörslu, við vinnu í verkfalli.

Næturverðir:

Gert er ráð fyrir 2 stöðugildum næturvarða, við vinnu í verkfalli.

Eldhús:

Gert er ráð fyrir 1 stöðugildi yfirmatreiðslumanns, við vinnu í verkfalli.

Meðferðarheimilið Vík Kjalarnesi.

Þar er rúm fyrir um 30 sjúklinga í meðferð eftir afeitrun á Sjúkrahúsinu Vogi. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þaðan verði útskrifaðir tafarlaust allir sjúklingar. Nauðsynlegt er að veikir einstaklingar er fengið hafa afeitrun á Vogi fái eftirmeðferð.

Gert er ráð fyrir að vinni í verkfalli: 1 stöðugildi rekstrarstjóri, 1 stöðugildi yfirmatreiðslumaður, 2 stöðugildi ráðgjafar. Alls 4 stöðugildi.

Meðferðarheimilið Staðarfelli í Dölum.

Þar eru um 30 sjúklingar í meðferð eftir afeitrun á Sjúkrahúsinu Vogi. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þaðan verði útskrifaðir tafarlaust allir sjúklingar. Nauðsynlegt er að veikir einstaklingar er fengið hafa afeitrun á Vogi fái eftirmeðferð.

Gert er ráð fyrir í vinnu í verkfalli: 1 stöðugildi rekstrarstjóri, 2 stöðugildi ráðgjafar, 2 stöðugildi matargerðarmenn. Alls 5 stöðugildi.

Skrifstofa SÁÁ, Ármúla 20.

Þar er skrifstofa Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann Þar fer fram hið venjubundna skrifstofuhald.

Í verkfalli er gert ráð fyrir að starfi framkvæmdastjóri og launafulltrúi, í alls 2 stöðugildum.

Reykjavík, 25. janúar 1995.

F. h. Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann,
Ágúst Jónatansson.

Nr. 54 18. janúar 1995

REGLUGERÐ

um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga.

1. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglugerð þessi gildir um :
   a) Fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.
   b) Vörulyftur.
   c) Rennistiga, færibönd og sambærilegan búnað til fólksflutninga.
   d) Hjólastólalyftur.
   e) Annan þann varanlega fastan búnað sem gerður er til að lyfta og slaka fólki eða vöru og er í stýringum.

2. Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru lyftur með minna en 10 kg burðargetu og gólfflöt minni en 0,05 m^2.

3 Í reglugerð þessari merkir „lyfta“ allar þær lyftur og þann lyftubúnað sem getið er um í 1. tölulið.

4. Í reglugerð þessari eru lyftum skipt í flokka sem hér segir:

   a) Fólkslyftur, fólks- og vörulyftur og vörulyftur. Varanlega festar rafknúnar, vökvaknúnar eða raf- og vökvaknúnar lyftur sem fara upp í tiltekna hæð, með lyftustól sem ætlaður er til flutnings á fólki, fólki og vörum eða vörum og hangir í strengjum eða keðjum eða lyftur sem bornar eru uppi af kólfi og ganga að minnsta kosti að hluta til eftir sporum sem eru lóðrétt eða víkja í mesta lagi 15° frá lóðréttu.

b) Hjólastólalyftur. Varanlega festur flutningabúnaður, með stól, palli eða sambærilegum búnaði, sem hreyfist á milli hæða, sillna eða palla og gengur að hluta til eða alveg í ákveðinni braut sem er lóðrétt eða hallandi.

c) Rennistigar. Varanlega festur flutningabúnaður sem samanstendur af tröppum sem hreyfast stöðugt upp eða niður á við.

d) Færibönd. Varanlega festur flutningabúnaður fyrir fólk. Búnaður sem t.d. samanstendur af pöllum eða samfelldu bandi sem hreyfist stöðugt lárétt eða hallandi.

e) Lyftur sérstakrar gerðar, t.d. leiksviðslyftur.

2. gr.

Hönnun og uppsetning.

1. Fólkslyftur og fólks- og vörulyftur skal hanna, smíða og setja upp í samræmi við gildandi reglur og staðlana ÍST EN 81-1 og ÍST EN 81-2 sem gilda um rafknúnar og vökvaknúnar lyftur.

2. Rennistiga og færibönd til fólksflutninga skal hanna, smíða og setja upp í samræmi við gildandi reglur og staðalinn ÍST EN 115.

3. Annan búnað, sem skilgreindur er í reglugerð þessari, skal hanna, smíða og setja upp í samræmi við gildandi reglur og staðla.

4. Við hönnun, smíði og uppsetningu á lyftum skal farið eftir gildandi reglum og reglugerðum um raforkuvirki, brunavarnir og byggingar.

5. Aðgang að vélarúmi, tækjabúnaði, strengjahjólum og lyftugöngum má ekki nota sem aðgang að öðru rými sem er lyftunni óviðkomandi. Það rými sem ætlað er lyftunni og búnaði hennar má ekki nota sem geymslu fyrir annað en það sem tilheyrir lyftunni.

6. Sá sem selur, leigir, lánar, setur upp eða breytir lyftum skal sjá til þess að hönnun og uppsetning sé við afhendingu í samræmi við gildandi reglur og staðla.

7. Þeir aðilar sem setja upp lyftur skulu hafa sérþekkingu á lyftum og búnaði þeirra. Þeim ber að fylgjast með því að lyftur þær, sem þeir sjá um uppsetningu á, séu í samræmi við gildandi reglur og staðla.

3. gr.

Merkingar og leiðbeiningar.

1. Allar merkingar í lyftum skulu vera í samræmi við staðlana ÍST EN 81-1 og ÍST EN 81- 2. Enn fremur skal burðargeta lyftu merkt þannig að farþegar sem ætla að fara í lyftuna geti greinilega séð merkinguna áður en farið er í hana.

2. Við sérhvern inngang í vörulyftu skal vera skilti sem gefur til kynna burðargetu lyftunnar í kg. Einnig skal vera skilti með áletrunni: Fólksflutningar bannaðir.

3. Við rennistiga og færibönd skulu vera merki í samræmi við staðalinn ÍST EN 115.

4. Öll merki og skilti skulu vera með greinilegri og varanlegri áletrun.

5. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist frekari merkinga en um er getið í gildandi reglum og stöðlum, varði það öryggi þeirra sem nota lyftur eða vinna við uppsetningu eða viðhald þeirra.

6. Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, eftirlit og viðhald skulu fylgja hverri einstakri lyftu við afhendingu.

7. Seljandi lyftu skal láta í té rekstrardagbók fyrir þær lyftur sem hann selur. Í rekstrardagbók skal gert ráð fyrir öllum færslum sem framleiðandi gerir ráð fyrir og sem gildandi reglur og staðlar segja til um.

4. gr.
Notkun og þjónusta.

1. Lyftu má einungis nota innan þess notkunarsviðs sem hún er gerð fyrir. Ofhleðsla og flutningur á fólki eða vörum utan þess rýmis sem ætlað er til flutninga er óheimill utan þess sem nauðsynlegt er við eftirlit og þjónustu. Rekstur og þjónusta skal vera þannig að fyllsta öryggis sé gætt.

2. Lyftugöng, braut, lyftibúnað eða aðra hluta sem tilheyra lyftunni má ekki nota til að festa við verkpalla eða annan búnað án samráðs við Vinnueftirlit ríkisins, nema gert sé ráð fyrir slíkum búnaði vegna viðgerðar, uppsetningar eða eftirlits á lyftunni.

3. Meðan fólkslyfta, fólks- og vörulyfta og vörulyfta er ekki í notkun vegna eftirlits eða viðgerðar skal það greinilega gefið til kynna með tilkynningu á spjaldi sem sett er upp við allar dyr inn í lyftugöngin. Sé um að ræða tvær eða fleiri samstýrðar lyftur er nægjanlegt að merkja á aðalhæð þá lyftu sem er ekki í rekstri.

4. Þurfi dyrnar inn í lyftugöngin að vera ólæstar eða þurfi að fjarlægja hurðir meðan á viðgerð eða eftirliti stendur, skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir fallhættu.

5. gr.
Tilkynningarskylda og skráning.

1. Áður en byrjað er að setja upp lyftu sem reglugerð þessi gildir um skal tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins og fá umsögn þess um hið fyrirhugaða fyrirkomulag.

2. Tilkynningunni skal fylgja lýsing á lyftunni á þar til gerðu eyðublaði ásamt þeim gögnum sem þar eru tilgreind. Tilkynningareyðublöð fást hjá Vinnueftirlitinu. Ef um nýja tegund eða nýja gerð lyftu er að ræða, getur Vinnueftirlitið krafist enn frekari gagna.

3. Tilkynningar, upplýsingar og fylgiskjöl skal senda í tvíriti til Vinnueftirlitsins sem heldur eftir öðru eintakinu en sendir seljanda lyftunnar eða fulltrúa hans hitt eintakið ásamt athugasemdum ef einhverjar eru.

4. Vinnueftirlitið heldur skrá yfir lyftur, gerð þeirra, búnað, eiganda og aðrar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegt að skrá.

6. gr.
Umsjón, rekstur og viðgerðir.

1. Eigandi eða sá sem hefur með höndum rekstur lyftu er ábyrgur fyrir því að lyftan sé ekki notuð nema búnaður hennar sé í lagi.

2. Eigandi eða sá sem hefur með höndum rekstur lyftu skal gera þjónustusamning við viðurkenndan umsjónarmann um eftirlit, viðhald og viðgerðir viðkomandi lyftu. Við gerð samnings skal taka tillit til leiðbeininga framleiðanda og notkunar lyftunnar. Umsjónarmaður skal reglubundið yfirfara allan öryggisbúnað lyftunnar og sjá um að hann sé í lagi. Hann skal veita lyftunni og búnaði hennar þá þjónustu og viðhald sem nauðsynlegt er til að fyllsta öryggi sé tryggt.

3. Tíðni eftirlits og fyrirkomulag skal tilgreint í samningi, en þó skal gera ráð fyrir að umsjónarmaður þjónusti lyftuna minnst fjórum sinnum á ári. Umsjónarmaður skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af þjónustusamningi. Einnig skal hann tilkynna Vinnueftirlitinu uppsögn samningsins.

4. Vinnueftirlitið getur krafist endurskoðunar á þjónustusamningi komi í ljós að hann sé ekki fullnægjandi að mati Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið getur bannað notkun lyftu sé ákvæði um þjónustusamning ekki framfylgt.

5. Umsjónarmaður skal skrá í rekstrardagbók alla þjónustu, s.s. viðgerðir og smurningu. Umsjónarmaður skal einnig skrá dagsetningu þjónustu og staðfesta með undirskrift sinni. Rekstrardagbók skal ávallt vera aðgengileg fyrir eiganda lyftunnar og eftirlitsmann.

6. Þegar meiriháttar breyting er gerð á lyftu skal tilkynna það Vinnueftirlitinu áður en framkvæmdir hefjast. Allir nýir íhlutar sem settir eru í lyftuna skulu uppfylla kröfur í gildandi reglum og stöðlum. Eftir breytingu skal lyftan vera minnst eins örugg í notkun eins og hún var ný.

7. Umsjón með lyftu má einungis fela aðila sem þekkingu hefur á raftækjum og öryggistækjum þeim sem lyftan er búin og viðurkenndur er af Vinnueftirlitinu til þessara starfa. Vinnueftirlitið getur krafist þess að forsenda fyrir viðurkenningu sé að viðkomandi hafi aflað sér ákveðinnar menntunar og þjálfunar. Vinnueftirlitið getur afturkallað viðurkenningu umsjónarmanns, framfylgi hann ekki þjónustusamningi eða gildandi reglum og stöðlum.

7. gr.
Prófun og úttekt.

1. Áður en ný lyfta er tekin í notkun sér Vinnueftirlit ríkisins um að fram fari allsherjar skoðun á henni í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlitsins og gildandi staðla.

2. Galla þá sem kunna að koma fram við skoðun skal lagfæra áður en notkun er leyfð.

3. Hafi lyfta við skoðun og prófun uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru í gildandi reglum Vinnueftirlitsins og stöðlum gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð og heimilar notkun hennar. Ekki má taka lyftu í notkun fyrr en staðfesting frá rafvirkjameistara um að rafbúnaður uppfylli kröfur reglugerða um raforkuvirki liggi fyrir.

4. Jafnframt framangreindu skoðunarvottorði gefur eftirlitsmaður út vottorð um skoðun og prófun lyftunnar sem hengja skal upp í lyftustólnum eða við lyftuna eftir því sem við á.

5. Alla nauðsynlega aðstoð við skoðun og prófun eftir uppsetningu eða endurbyggingu á lyftum lætur seljandi hennar eða eigandi eftirlitsmanni í té að kostnaðarlausu.

8. gr.
Skoðanir.

1. Vinnueftirlit ríkisins sér um að árlega sé framkvæmd skoðun á öllum lyftum sem ætlaðar eru til fólksflutninga og annað hvert ár á lyftum sem ekki eru leyfðar til fólksflutninga. Skoðanir og prófanir skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglur.

2. Reynist öryggisbúnaður, og annað það sem skoðað er, í fullkomnu lagi, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð er heimilar áframhaldandi notkun lyftunnar og gefur út samskonar vottorð og um getur í gr. 7.4.

3. Komi í ljós gallar á lyftunni við skoðun skal eftirlitsmaður tilkynna það umsjónarmanni lyftunnar skriflega og tilgreina frest til úrbóta eða stöðva rekstur hennar þar til úrbætur hafa farið fram, séu gallarnir svo alvarlegir að eftirlitsmaður telji það nauðsynlegt.

4. Umsjónarmaður lyftunnar skal þegar að skoðun lokinni tilkynna eiganda niðurstöður hennar og leita heimilda til að láta framkvæma þær úrbætur sem kann að hafa verið krafist.

5. Umsjónarmaður lyftunnar skal sjá svo um að eftirlitsmaður fái alla nauðsynlega aðstoð við framkvæmd skoðunarinnar, eftirlitinu að kostnaðarlausu.

6. Eftirlitsmaður getur hvenær sem er á reglubundnum vinnutíma látið framkvæma skoðun en að jafnaði skal umsjónarmanni lyftunnar tilkynnt það með fyrirvara.

9. gr.
Ýmis ákvæði.

1. Um lyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir 1. janúar 1995 gilda tæknileg ákvæði sem voru í gildi þegar viðkomandi lyfta var tekin í notkun, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 11. gr.

2. Eigandi lyftu greiðir Vinnueftirliti ríkisins gjald vegna skráningar hennar og skoðana. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem stjórn Vinnueftirlitsins setur.

3. Vinnueftirlitið getur leyft, þegar um er að ræða hjólastólalyftur, sbr. 1. gr. lið 4b, eða lyftur sérstakrar gerðar sbr. 1. gr. lið 4e, leyft frávik frá ákvæðum reglugerðar þessarar eða fyrirskipað þann búnað sem það telur nauðsynlegan.

4. Verði slys eða efnislegt tjón við lyftu skal það þegar tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. Vinnuslys skal tilkynna samkvæmt reglum þar að lútandi.

10. gr.
Viðurlög.

1. Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

1. Allar fólkslyftur og fólks- og vörulyftur sem eru í notkun við gildistöku reglugerðar þessarar skulu frá 1. janúar 1996 vera með eftirtöldum öryggisbúnaði:

   a) yfirhraðavörn; sé hún tengd lyftustólnum með streng skal einnig vera öryggisbúnaður sem stöðvar lyftuna, slitni strengurinn.

   b) sé lyftustóll ekki lokaður skulu, vegna klemmihættu, vera þröskuldsrofar eða ljósnemar þar sem stóllinn er opinn. Búnaðurinn skal stöðva lyftuna sé þrýst á þröskuldsrofann eða þegar farþegi fer inn í svið ljósnemanna. Lyftan má ekki fara af stað aftur nema með endurkvaðningu úr stól.

   c) hurðarlæsingum samkvæmt lið 7.7.3.1.1. í stöðlum ÍST EN 81-1 og ÍST EN 81-2.

2. Um þær lyftur sem gerður hefur verið samningur um kaup og uppsetningu á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar gildir reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 474/1975 og reglugerð nr. 64/1988.

12. gr.
Gildistaka.

1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins sbr. 47., 48. og 49 gr. sömu laga. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

Nr. 55 25. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá St. Franciskusspítala Stykkishólmi, skv. 3.-6. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Eftirtalin störf/starfsemi skuli í vera með venjubundnum hætti, nema annað sé tekið fram:
Hjúkrunarforstjóri.
Hjúkrunarfræðingar, aðrir en hjúkrunarforstjóri starfi þannig: Einn hjúkrunarfræðingur á vakt yfir allri stofnuninni á næturvöktum. Einn hjúkrunarfræðingur á vakt á hverri deild á morgun- og kvöldvöktum. Á næturvöktum ein ljósmóðir (F.Í.H.) á vakt.
Ljósmóðir (Ljósmæðrafélag Íslands) (0.5).
Einn sjúkraliði á hverri vakt (morgun-, kvöld- og næturvakt).
Læknar (2).
Læknaritarar (0.5).
Matráðskona (1).
Forstöðukona í þv.h. (1).
Símavarsla (1).
Umsjónarmaður (0.5).
Launafulltrúi (0.8).
Framkvæmdastjóri.
Eftirfarandi störf/starfsemi séu eins og á stórhátíðum:
Endurhæfing.
Rannsóknarstofa.
Röntgen.
Skurðstofa.
Sótthreinsun.

Stykkishólmi, 25. janúar 1995.

Róbert Jörgensen framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 54/1983 um notkun nítríta og formalíns sem rotvarnarefni til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Reglugerð nr. 54/1983 um notkun nítríta og fomalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 19. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

24. janúar 1995 Nr. 57

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, að því er tekur til landnotkunar á lóðinni Laufásvegur 31.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 24. janúar 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010 að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit 1.1.

Breytt landnotkun á lóðinni nr. 31 við Laufásveg, þ.e. úr íbúðasvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 24. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir	Sorphreinsigjald	Kr. 2.250
		Sorpeyðingargjald	" 1.450
B)	Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	" 5.100
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	" 5.000
	" 2	"	" 20.000
	" 3	"	" 40.000
	" 4	"	" 60.000
	" 5	"	" 80.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 59 18. janúar 1995

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Ísafirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarkaupstað.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphirðugjald	kr. 7.000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Sorpeyðingargjald skal taka mið af kostnaði bæjarsjóðs við eyðingu og er lagt á aðila samkvæmt eftirfarandi fokkum:

Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr. 0
Flokkur 2	"	" 17.500
Flokkur 3	"	" 25.000
Flokkur 4	"	" 50.000
Flokkur 5	"	" 75.000
Flokkur 6	"	" 125.000
Flokkur 7	"	" 175.000

Bátar:

Bátar að 20 tonnum, kr. 650 fyrir hvern mánuð á sjó.

Bátar 21-30 tonn, kr. 950 fyrir hvern mánuð á sjó.

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er mið af umfangi starfsemi og sorpgerð.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Reikningar á báta/skip verða gefnir út með hafnargjöldum.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu Funa sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Rangárvallahrepps skv. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Eftirtaldir eru undanþegnir þátttöku í verkfalli skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 sbr. staðfestingu Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi dagsettri 19. janúar 1995:

Sveitarstjóri.
Launafulltrúi.
Verkstjóri áhaldahúsi.

Rangárvallahreppi, 26. janúar 1995.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,
sveitarstjóri Rangárvallahrepps.

Nr. 61 20. janúar 1995

REGLUGERÐ

um kartöfluútsæði.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Afbrigði: Samheiti yfir plöntur sem allar eru af sömu eða svipaðri arfgerð. Þetta geta verið afkomendur eftir kynjaða víxlun (dæmi: Bintje og Premiére) eða afkomendur kartaflna sem hafa verið lengi í ræktun (dæmi: Rauðar íslenskar og Gullauga).

Græðlingur: Hluti stönguls með minnst einu laufblaði og einu brumi (enda- eða axlarbrumi). Að fenginni rótarmyndun verður græðlingur að sjálfstæðri plöntu.

Kartöfluútsæði eða útsæði: Stöngulhnýði kartöflujurtarinnar sem viðurkennd hafa verið til niðursetningar skv. skilyrðum reglugerðar þessarar.

Klón: Samheiti yfir plöntur sem með kynlausri vaxtaræxlun eru afkomendur sömu plöntu eða sama plöntuhluta.

Ræktunarland: Allt land sem notað er af sama framleiðanda og þar sem notaðar eru sömu vélar, hvort sem þetta land er hans eigið eða ekki.

Stofnræktandi: Ræktandi sem útsæðisnefnd hefur viðurkennt sem framleiðanda stofnútsæðis.

Stofnútsæði: Skiptist í,

Úrvalsútsæði (S-stofn): Útsæði sem til er orðið við úrval og á uppruna að rekja til eins eða fleiri vaxtarbrodda. Ekki mega vera fleiri en fimm hnýðisættliðir frá vaxtarbroddi, þar af mest fjórir ættliðir í útiræktun. Útsæðið skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir úrvalsútsæði í viðauka 1 og 2.

Eðalútsæði (E-stofn): Útsæði sem komið er af úrvalsútsæði. Ekki mega vera fleiri en þrír hnýðisættliðir frá úrvalsútsæði. Útsæðið skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir eðalútsæði í viðauka 1 og 2.

Stofnútsæði A (A-stofn): Útsæði sem komið er af eðalútsæði og uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fyrir stofnútsæði A í viðauka 1 og 2.

Úrval: Val á plöntum innan afbrigðis sem taldar eru bera af öðrum plöntum í útliti, afkastagetu, heilbrigði eða öðrum æskilegum eiginleikum. Einnig val á plöntum sem taldar eru bera þessa eiginleika í þeim mæli sem best gerist hjá viðkomandi afbrigði.

Vaxtarbroddur (meristem): Vaxtarsvæði í ysta hluta brums, endabrums eða axlarbrums, ásamt einum til þremur blaðvísum (<1mm).

*Vefjarækt*un: Þegar einstakar frumur, vefur eða líffæri er ræktað á tilbúnu æti við dauðhreinsuð skilyrði.

II. KAFLI
Útsæðisnefnd.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í útsæðisnefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tilnefningu stjórnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, annar eftir tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands og sá þriðji án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Útsæðisnefnd skal beita sér fyrir því að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu, innlendu útsæði af þeim afbrigðum sem hér henta best til ræktunar. Skal nefndin stuðla að því að heimild fáist til útsæðisframleiðslu á eftirsóttum afbrigðum, þegar slík framleiðsla er háð samkomulagi við handhafa kynbótaréttar.

Útsæðisnefnd ákveður hvaða afbrigði skulu tekin með í stofnræktun. Nefndin ákveður einnig, hvaða framleiðendur skulu teljast stofnræktendur og gerir við þá ræktunarsamning skv. ákvæðum 15. gr. Skylt er að veita útsæðisnefnd upplýsingar um sölu og dreifingu á útsæði, sé þess óskað.

Útsæðisnefnd skal fylgjast með framkvæmd reglugerðar þessarar.

III. KAFLI
Almenn ákvæði um kartöfluútsæði.

4. gr.

Kartöfluræktandi sem ætlar að afhenda útsæði til sölu og dreifingar á almennum markaði, skal sækja um leyfi til landbúnaðarráðuneytisins. Skal hann í umsókn sinni nefna það afbrigði (eitt eða fleiri) sem hann óskar að selja sem útsæði og umfang ræktunar af því afbrigði (magn niðursett og/eða stærð lands). Með umsókninni skal fylgja umsögn sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum. Skal leyfið bundið við ákveðin afbrigði.

Leyfi kartöfluræktanda til sölu útsæðis af tilteknu afbrigði er háð því skilyrði að hann endurnýi reglulega með kaupum á stofnútsæði það útsæði sem hann setur niður af því afbrigði. Skal hann þar velja um aðra af tveimur leiðum. Annars vegar skal hann árlega kaupa sem nemur að lágmarki 15% af því útsæði sem hann setur niður af afbrigðinu, halda nýja stofninum sem mest aðskildum frá öðrum kartöflum í forspírun, ræktun og geymslu og nota uppskeruna síðan sem útsæði næsta ár. Hins vegar skal hann endurnýja alveg með stofnútsæði að minnsta kosti fjórða hvert ár.

Þegar kartöfluræktandi selur útsæði beint til þess sem setur það niður og útsæðið fer ekki um hendur dreifingaraðila, þarf ekki sérstakt leyfi (sbr. þó 5. gr.).

5. gr.

Ef fyrir liggur vitneskja eða rökstuddur grunur um að ljóst hringrot (*Clavibacter michiganensis ssp. sepedonicus*), dökkt hringrot (*Pseudomonas solanacearum*), kartöfluhnúðormur (*Globodera rostochiensis* eða *G. pallida*), kartöflubjalla (*Leptinotarsa decemlineata*), vörtupest (*Synchytrium endobioticum*) eða aðrir af þeim skaðvöldum sem upp eru taldir í viðauka I með reglugerð 189/1990 finnast á ræktunarlandi eða í uppskeru hjá ákveðnum ræktanda, skal honum óheimilt að láta af hendi kartöflur til niðursetningar. Leyfi skv. 4. gr. reglugerðar þessarar skal þá ekki veitt.

Tekin skulu árlega kartöflusýni úr geymslum útsæðisleyfishafa til greiningar á ljósu hringroti. Einnig skulu tekin jarðvegssýni til greiningar á kartöfluhnúðormi minnst fjórða hvert ár.

Ef fleiri kartöfluræktendur samnýta vélar, geymslu eða annan búnað til kartöfluræktunar og skaðvaldur skv. 1. mgr. finnst hjá einum þeirra, og sé það mat sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum að veruleg hætta sé á að umrædd samnýting hafi borið smit milli ræktenda, er þeim öllum óheimilt að láta af hendi eða selja útsæði.

6. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins heldur skrá um útbreiðslu þeirra skaðvalda, sem nefndir eru í 5. gr. Komi upp rökstuddur grunur um að einhver þeirra finnist í kartöflum eða garðlöndum, er skylt að tilkynna stofnuninni það.

7. gr.

Hafi skaðvaldur skv. 5. gr. fundist í garðlandi eða uppskeru hjá ákveðnum ræktanda og telji sá hinn sami ræktandi sig nú lausan við allt smit, getur hann sótt um leyfi til sölu útsæðis. Þegar um kartöfluhnúðorm er að ræða skulu þó líða minnst 20 ár án kartöfluræktunar, og þegar um vörtupest er að ræða minnst 30 ár áður en unnt er að veita leyfi til sölu útsæðis frá viðkomandi jörð. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum hafi smituðum garðlöndum verið lokað með grassáningu strax og smit var uppgötvað og sé það mat sérfræðings Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í plöntusjúkdómum að þær ráðstafanir sem gerðar hafi verið til að hindra smitdreifingu séu fullnægjandi og fjarlægð milli nýrra garðlanda og hinna smituðu sé næg.

Hringrot má ekki hafa fundist í þrjú ár í röð, þrátt fyrir leit með aðferðum sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins viðurkennir. Einnig skal hafa farið fram á tímabilinu endurnýjun útsæðis með útsæði frá útsæðisleyfishafa og/eða stofnræktanda af öllum þeim afbrigðum sem ræktandinn hefur í ræktun.

8. gr.

Kartöfluræktandi má eingöngu afhenda útsæði í nýjum (ónotuðum) umbúðum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á eða innan í umbúðum:

a) Útsæðiskartöflur

b) Heiti útsæðis (stofns) (gildir aðeins um stofnútsæði)

c) Nafn afbrigðis

d) Stærð útsæðis
e) Magn (kg)
f) Nafn og heimilisfang eða númer ræktanda
g) Nafn umpökkunaraðila (ef útsæði er umpakkað).

9. gr.

„Haraldr konungr bauð kunnugum manni at fara í hamförum til Íslands ok freista, hvat hann kynni segja honum. Sá fór í hvalslíki. En er hann kom til landsins fór hann vestr fyrir norðan landit. Hann sá at fjöll öll ok hólar váru fullir af landvéttum, sumt stórt, en sumt smátt.

En er hann kom fyrir Vápanfjörð, þá fór hann inn á fjörðinn ok ætlaði á land at ganga. Þá fór ofan eptir dalnum dreki mikill, ok fylgdu honum margir ormar, pöddur ok eðlur ok blésu eitri á hann. En hann lagðisk í brot ok vestr fyrir land, allt fyrir Eyjarfjörð.“

2. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins er neðri hluti skjaldar (haf) og útlínur drekans bláar (Pantone 274C), himininn rauður (Pantone 221c) og sólin gul (Pantone 122c). Hátíðarútgáfa byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, sveitarstjóri og stofnanir hreppsins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps er óheimil án leyfis hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og það á að nota.

Hreppsskrifstofan á Vopnafirði leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

Nr. 90 8. febrúar 1995

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í þéttbýli í Neskaupstað 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað, sbr. c. lið 1. gr. samþykktar nr. 303/1992 um hundahald í Neskaupstað, skal vera kr. 6.700 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 5. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Dalvíkurbæjar.



1. gr.

Hátíðarútgáfa byggðarmerkis Dalvíkurbæjar skal vera hvítur skjöldur með bláum (Pantone 3145) kanti. Á skildinum miðjum eru þrír fletir, tvær grænar (Pantone 342) hringsneiðar er til samans mynda hringgeira og blár (Pantone 3145) tígullaga flötur sem fyllir hringgeirann. Neðan við hringlaga fletina eru tvær bláar (Pantone 3145) bogalínur. Merkið má annars vegar skoða sem táknmynd Dalvíkur frá fjöru til fjalls þar sem blái flöturinn táknar fjalllendið fjær og grænu fletirnir hlíðarnar. Bogalínurnar tvær tákna hafið. Einnig má líta á merkið sem táknmynd skips undir seglum og vísar þá til fiskveiða sem undirstöðu mannlífs á Dalvík.

2. gr.

Hátíðarútgáfu merkisins skal nota þar sem merkið stendur eitt sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur, bæjarstjóri, embættismenn bæjarins og stofnanir hans nota byggðarmerkið með embættis- eða stofnanaheitum á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Dalvíkur er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Dalvíkur, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema til prentnota, sbr. 5. gr.

5. gr.

Til almennra prentnota má nota einlita útgáfu merkisins, þ.e. svart/hvítt eða annan hvorn lita merkisins, þ.e. blátt (Pantone 3145) eða grænt (Pantone 342). Þessi notkun er heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litaflötum merkisins og útlínum skjaldarins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til að nota byggðarmerki bæjarins skal fylgja sýnishorn af væntanlegri notkun merkisins. Bæjarskrifstofan á Dalvík leiðbeinir um notkun merkisins og varðveitir frummyndina af því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 5.500, árgjald sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili.

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins.

Gjaldendum er skipt í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki og/eða starfstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

a. kr. 3.850 Urðað magn (áætlað) að 12 m^3 á ári.
b. kr. 11.550 Urðað magn (áætlað) frá 12 m^3 að 48 m^3 á ári.
c. kr. 46.200 Urðað magn (áætlað) yfir 48 m^3 á ári.

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt með tveimur jöfnum greiðslum, með gjalddögum 1. júní og 1. september.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Aðaldælahrepps.



1. gr.

Byggðarmerki Aðaldælahrepps skal vera sem hér segir:

Merkið er blátt og hvítt. Á merkinu er svanur, öldur á Laxá og í bakgrunni er stílfært náttúrufyrirbrigði í Aðaldalshrauni, Knútsstaðaborg.

Svanurinn hefur verið notaður í fána sveitarfélagsins síðan um síðustu aldamót. Svanurinn hefur auk þess verið Aðaldælskum skáldum yrkisefni.

2. gr.

Notkun á byggðarmerki Aðaldælahrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Aðaldælahrepps, sbr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu eru allir bláir fletir svartir.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Aðaldælahrepps hefur gert, staðfestist hér með, sbr. 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

10. febrúar 1995 Nr. 94

AUGLÝSING

um umferð á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps hefur verið ákveðið að bannað verði að leggja eða stöðva ökutækjum framan við íbúðarhúsið að Eyrargötu 10A á Eyrarbakka.

Selfossi, 10. febrúar 1995.

Sýslumaðurinn á Selfossi,

Karl Gauti Hjaltason ftr.

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal Borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 3. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis sem hér segir:

1. flokkur	kr.	40.000
2. flokkur	kr.	25.000
3. flokkur	kr.	15.000
4. flokkur	kr.	10.000
5. flokkur	kr.	5.000

Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Ekkert gjald skal greiða við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti nema umtalsverðar breytingar hafi orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eða fella niður gjald fyrir leyfi til markaðs- og götusölu.

3. gr

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem upp er talin í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og starfsemi sem upp er talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna, skal borgarstjórn innheimta árlegt gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr.	80.000
2. flokkur	kr.	50.000
3. flokkur	kr.	30.000
4. flokkur	kr.	20.000
5. flokkur	kr.	10.000

Flokkun starfsleyfis- og eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi takmörkuð eða hún rekin skemur en 6 mánuði á ári er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða innra eftirlit sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein um allt að helming.

4. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 5.000.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku er að ræða, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

5. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfisskyld fyrirtæki, eins og hún er hverju sinni.

6. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlitið innheimtir gjald fyrir vottorð og leyfi til markaðs- og götusölu.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal innheimta eitt árlegt gjald. Sama gildir fyrir starfsemi sem er eftirlitsskyld bæði samkvæmt ákvæðum mengunarvarna- og heilbrigðisreglugerðar.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Frá 1. júlí 1995 fellur úr gildi gjaldskrá nr. 103/1993 fyrir mengunareftirlit í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skulu gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar fyrir árið 1995 innheimt fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember. Gjalddagi á árinu 1995 skal vera 1. ágúst og eindagi 1. september.

Umhverfisráðuneytið, 6. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

FYLGISKJAL

Flokkun starfsleyfis- og eftirlitsskyldrar starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Starfsemi sem upp er talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð er flokkuð í samræmi við 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar með hliðsjón af flokkum viðauka 9 sömu reglugerðar.

Flokkun annarrar starfsemi er miðuð við umfang og eðli hennar og þeirra áhrifa sem hún getur haft á hollustuhætti fólks.

A. Matvælaframleiðsla

Matvælaframleiðsla, meiriháttar	1. fl.
Matvælaframleiðsla, miðlungs	2. fl.
Matvælaframleiðsla, minniháttar	3. fl.
Sláturhús	4. fl.
Mjólkurstöðvar	1. fl.
Reykhús	3. fl.
Kjötvinnsla, stór	1. fl.
Kjötvinnsla, miðlungs	2. fl.
Kjötvinnsla, lítil	3. fl.
Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað	3. fl.
Fiskþurrkun	4. fl.
Niðursuða/niðurlagning	3. fl.
Stóreldhús	2. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð	2. fl.
Brauðgerðarhús, stór	1. fl.
Brauðgerðarhús, lítil	3. fl.
Sælgætisgerð	3. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, stór	1. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, miðlungs	2. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð, lítil	3. fl.
Kaffibrennsla	4. fl.
Smjörlíkisgerð	2. fl.
Kartöfluvinnsla	4. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólgarframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	5. fl.
Vinnsla, flokkun, pökkun og geymsla garðávaxta	4. fl.
Pizzugerð	4. fl.
Smurbrauðstofur	4. fl.

B. Þjónusta

Flugstöðvar, stórar	4. fl.
Flugstöðvar, litlar	5. fl.
Hópferðastöðvar	5. fl.
Sólbaðsstofur	5. fl.

Hársnyrtistofur	5. fl.
Snyrti- og fótaaðgerðarstofur	5. fl.
Húðflúrstofur	5. fl.
Sundlaugar, stórar	3. fl.
Sundlaugar, litlar	4. fl.
Gufubaðsstofur	5. fl.
Læknastofur	5. fl.
Tannlæknastofur	5. fl.
Félagsheimili, einkasalir (veitingasala)	4. fl.
Félagsheimili, einkasalir (án veitingasölu)	5. fl.
Heilsurækturstöðvar	4. fl.
Heilsugæslustöðvar/læknastöðvar	4. fl.
Sjúkrahús	2. fl.
Dvalarheimili aldraða/hjúkrunarheimili	3. fl.
Dagvistarstofnanir/gæsluvellir	5. fl.
Leikhús, stór	4. fl.
Leikhús, lítil	5. fl.
Tómstundamiðstöðvar	4. fl.
Sjúkraþjálfunarstöðvar	4. fl.
Sjúkraþjálfun, minni háttar	5. fl.
Kvikmyndahús	4. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Íþróttavellir	5. fl.
Safnaðarheimili og kirkjur	5. fl.
Vistheimili	5. fl.
Meðferðarheimili	5. fl.
Fangelsi og aðrar vistarverur fanga	4. fl.

C. Verslun

Stórmarkaðir	1. fl.
Matvælaverslanir með miðlungs vinnslu	2. fl.
Matvælaverslanir með litla vinnslu	3. fl.
Matvælaverslanir án vinnslu (nýlenduvöruverslun)	4. fl.
Skyndibitastaðir	4. fl.
Veitingaverslun	4. fl.
Matsöluvagnar, tengdir veitukerfi	4. fl.
Matsöluvagnar, ótengdir veitukerfi	5. fl.
Markaðs- og götusala	5. fl.
Apótek	5. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir (samlokur eða ís úr vél o.þ.h.)	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir	5. fl.
Fiskverslanir	4. fl.
Brauð - og kökusala	4. fl.
Ísbúðir og ísvagnar	4. fl.
Áfengisverslanir	5. fl.
Matvæla- og neysluvörugeymslur	5. fl.
Búsáhaldaverslanir	5. fl.

	Blómaverslanir	5. fl.
	Leikfangaverslanir	5. fl.
	Snyrtivöruverslanir	5. fl.
	Véla- og varahlutaverslanir	5. fl.
	Málningar- og byggingarvöruverslanir	5. fl.
D.	**Veitinga-, skemmti- og gistiþjónusta**	
	Gististaðir miðast við fjölda gistirúma:	
	Færri en 11 rúm	5. fl.
	11-25 rúm	4. fl.
	26-40 rúm	3. fl.
	41-100 rúm	2. fl.
	Fleiri en 100 rúm	1. fl.
	Veitingasala miðast við gestafjölda:	
	Færri en 11 gestir	5. fl.
	11-25 gestir	4. fl.
	26-40 gestir	3. fl.
	41-100 gestir	2. fl.
	Fleiri en 100 gestir	1. fl.
	Mötuneyti (> 100 manns)	2. fl.
	Mötuneyti (< 100 manns)	4. fl.
	Tjaldsvæði	5. fl.
E.	**Vinnsla úr járni og öðrum málmum**	
	Málmsteypur	4. fl.
	Stálsmíði/stálskipagerð	4. fl.
	Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur	5. fl.
	Nagla- og skrúfuframleiðsla	5. fl.
	Vélaframleiðsla/vélasala	5. fl.
	Blikksmiðjur	5. fl.
	Vinnsla á málmum í raftækjaiðnaði, rafgeyma-verksmiðjur, raftækjaverkstæði o.þ.h.	4. fl.
	Zink- og krómhúðun málma	3. fl.
	Rafherðing málma	4. fl.
	Sandblástur	4. fl.
F.	**Jarð- og steinefnavinnsla**	
	Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefni	5. fl.
	Malarnám	5. fl.
	Steinsmíði	5. fl.
	Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	5. fl.
	Leirmunaverkstæði	5. fl.
	Jarðvegsgerð	5. fl.
G.	**Efnaiðnaður**	
	Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.
	Lakksprautun	4. fl.
	Prentiðnaðarfyrirtæki	4. fl.
	Efnalaugar	4. fl.

	Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla	4. fl.
	Framköllunarstofur	4. fl.
	Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda	4. fl.
	Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað	4. fl.
	Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.
	Plastiðnaður	4. fl.
	Gleriðnaður	5. fl.
H.	**Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu**	
	Fóðurstöðvar	5. fl.
	Fóðurblöndunarstöðvar	5. fl.
	Gúmmívinnsla	4. fl.
	Trésmíðaverkstæði	5. fl.
	Sögunarmyllur	5. fl.
	Fúavörn á timbri	4. fl.
	Framleiðsla úr spónaplötum, límtré o.þ.h.	5. fl.
	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	5. fl.
	Skinnaverkun og leðurvinnsla	5. fl.
	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	5. fl.
	Litun og bleiking	4. fl.
	Ullarþvottastöðvar	5. fl.
	Lifrarbræðsla	3. fl.
	Fituhersla	3. fl.
I.	**Búfjár- og dýrahald**	
	Dýraspítalar	5. fl.
	Gæludýrageymslur/-verslanir	5. fl.
	Fiskeldi, framleiðsla meiri en 100 tonn og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
	Seiðaeldisstöðvar með meiri en 150 þúsund seiði og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
	Fisk- og seiðaeldi með minni framleiðslu en að ofan greinir	5. fl.
	Hesthús/hestahald, mikil starfsemi	3. fl.
	Hesthús/hestahald, miðlungs starfsemi	4. fl.
	Hesthús/hestahald, lítil starfsemi	5. fl.
	Kanínubú	5. fl.
	Sauðfjárhald	5. fl.
	Svínabú	5. fl.
J.	**Starfsemi er snertir vélknúin farartæki**	
	Bifreiða- og vélaverkstæði	5. fl.
	Smurstöðvar	4. fl.
	Bensínstöðvar	3. fl.
	Bón- og bílaþvottastöðvar, stórar	4. fl.
	Bón- og bílaþvottastöðvar, litlar	5. fl.
	Ryðvarnarverkstæði	4. fl.
	Hjólbarðaverkstæði	5. fl.

Verktakar með þungavinnuvélar og verkstæðisaðstöðu	4. fl.
Bílasölur	5. fl.
Bílapartasölur	4. fl.
Kappaksturs-, æfinga- og keppnisbrautir ökutækja	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	4. fl.
Völuflutningamiðstöðvar	4. fl.
Biðstöðvar leigubifreiða	5. fl.
Bið- og endastöðvar strætisvagna	5. fl.

K. Ýmislegt

Gámastöðvar/gámaflutningafyrirtæki	5. fl.
Fyrirtæki sem geyma eða flytja spilliefni og sérstakan úrgang	4. fl.
Endurvinnsla úrgangs	4. fl.
Hreinsistöðvar fráveitna	2. fl.
Dælubílar og starfsemi tengd þeim	4. fl.
Birgðastöðvar rafveitna	5. fl.
Gasbirgðastöðvar (>100m^3 geymslurými)	3. fl.
Gasbirgðastöðvar (<100 m^3geymslurými)	4. fl.
Stórar spennistöðvar	5. fl.
Stórar vörugeymslur	5. fl.
Líkbrennslur	5. fl.
Skotvellir	5. fl.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.	5. fl.
Þvottahús	5. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	4. fl.
Æfingasvæði slökkviliða	4. fl.

Nr. 96 10. febrúar 1995

REGLUGERÐ

fyrir Tónlistarskóla Fellahrepps.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Fellahrepps. Skólinn er eign Fellahrepps og fer sveitarstjórn Fellahrepps með yfirstjórn hans. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

2. gr.

Hlutverk skólans er að glæða áhuga á tónlist og tónlistariðkun á starfssvæði sínu, annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna og búa nemendur sína undir áframhaldandi nám í tónlist.

3. gr.

Sveitarstjórn kýs 3 manna skólanefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn að loknu hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Formanni er skylt að boða til fundar ef tveir nefndarmenn eða skólastjóri æskja þess.

4. gr.

Sveitarstjórn ræður skólastjóra að fengnum tilllögum skólanefndar. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Starfsmenn skólans starfa samkvæmt starfslýsingum sem skólanefnd ákveður.

5. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun í samráði við kennara. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við reglugerð þessa og námskrár og reglur sem í gildi eru um tónlistarskóla í landinu á hverjum tíma. Skólastjóri skal framfylgja samþykktum skólanefndar. Hann hefur umsjón með eigum skólans. Skólastjóri skal ganga frá vinnuskýrslum og árita reikninga til greiðslu og annast skráningu nemenda.

6. gr.

Skólastjóri skal fyrir 1. ágúst ár hvert gera áætlun um kennslustundafjölda á næsta skólaári í samráði við skólanefnd. Skal áætlun þessi lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs.

7. gr.

Skólastjóri setur skólanum starfsreglur sem kveða á um ástundun, árangur og umgengni nemenda. Reglurnar þurfa samþykki skólanefndar.

8. gr.

Rekstur skólans skal kosta með fjárveitingum á fjárhagsáætlun Fellahrepps og skólagjöldum nemenda. Skólastjóri og skólanefnd leggja drög að fjárhagsáætlun í upphafi hvers árs og leggja tillögu fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Skrifstofa Fellahrepps annast greiðslu launa og rekstrarreikninga svo og bókhald Tónlistarskóla Fellahrepps.

9. gr.

Skólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn Fellahrepps að fengnum tillögum skólanefndar Tónlistarskólans. Skólagjöld skulu greidd fyrirfram og annast skrifstofa Fellahrepps innheimtu þeirra.

10. gr.

Starfstími skólans er sá sami og grunnskólans í Fellahreppi og skulu leyfisdagar vera hinir sömu og þar. Um laun, viðverutíma og vinnuskyldu skólastjóra og kennara fer eftir gildandi kjarasamningi milli Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna annars vegar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar. Stéttarfélag skólastjóra og kennara er Kennarasamband Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps þann 4. janúar 1995.

Menntamálaráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Baldursson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Sauðárkrókskaupstaður annast eða býður út sorphirðu á Sauðárkróki í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis á Sauðárkróki er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun, sem bæjartæknifræðingur ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

3. gr.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu og viðhald. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða. Sorpgeymslur/ílát skulu vera aðgengileg fyrir sorphirðumenn. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum/ílátum þegar þörf er á og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í sorpílát.

Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp, sem ekki fellur undir 3. gr. Brotamálm, t.d. bílhræ skal flytja á afmarkað svæði, í samræmi við fyrirmæli bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

6. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 5. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Við flutning einstaklinga og fyrirtækja á sorpi til móttökusvæða skal gæta ítrasta þrifnaðar.

Gjald fyrir þá urðun, sem Sauðárkrókskaupstaður framkvæmir samkvæmt grein þessari, skal birt í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

7. gr.

Sorphirða samkvæmt 5. gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, sem umhverfisráðherra staðfestir.

Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Sauðárkrókskaupstað er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

Sorphirðugjald er innheimt með fasteignagjöldum ár hvert.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Sauðárkróks er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. febrúar 1995 Nr. 98

REGLUGERÐ

um Póst- og símamálastofnun, skipulag og verkefni.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun, sem fer með framkvæmd einkaréttar ríkisins á sviði póst- og fjarskiptamála.

Ennfremur veitir stofnunin almenna póst- og fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Stjórn Póst- og símamálastofnunarinnar er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra.

Hann stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum æðri stjórnvalda.

3. gr.

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fimm aðalsvið og rekstrarhluti hennar í sex póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

Starfsemi aðalsviða skiptist í samræmi við skipurit Póst- og símamálastofnunarinnar, sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

Einn af framkvæmdastjórum aðalsviðs skal jafnframt starfi sínu sem framkvæmdastjóri gegna stöðu aðstoðarpóst- og símamálastjóra.

4. gr.

Stjórnunarhluti Póst- og símamálastofnunar greinist í fimm aðalsvið: Fjarskiptasvið, samkeppnisstarfsemi (í fjarskiptum), fjármálasvið, póstmálasvið og umsýslusvið.

Framkvæmdastjórar aðalsviða marka stefnu stofnunarinnar, vinna að áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og heildarstefnumálum.

Helstu deildir og verkefni hvers aðalsviðs eru sem hér segir:

1. **Fjarskiptasvið.** Skiptist í eftirtaldar deildir: Markaðs- og alþjóðadeild, sambandadeild og símstöðvadeild. Helstu verkefni eru: Mál sem lúta að fjarskiptaþjónustu stofnunarinnar á sviði einkaréttar. Skipulag og áætlanagerð, val á tæknibúnaði og pantanir. Uppsetning og eftirlit með rekstri fjarskiptakerfa, m.a. með símstöðvum, jarðsíma- og fjölrásakerfum. Uppsetning og rekstur útvarps- og sjónvarpskerfa, svo og annarra tæknikerfa, sem stofnuninni er falið að vinna að. Loftneta- og mastradeild. Tölvumál fjarskiptakerfa. Fjölþjóðasamskipti um fjarskiptamál, þar með talin alþjóðaflugþjónustan. Markaðsmál. Símaskrá. Útgáfa starfsreglna, fyrirmæla og eftirlit með framkvæmd fjarskiptaþjónustu annarrar en samkeppnisþjónustu.
2) **Samkeppnisstarfsemi (í fjarskiptum).** Skiptist m.a. í eftirtaldar deildir: Notendabúnaðardeild, farsímadeild og gagnaflutningsþjónustudeild. Helstu verkefni eru: Mál sem lúta að samkeppnisstarfsemi á sviði fjarskiptaþjónustu. Rekstur farsímaþjónustu (GSM og NMT-450) og boðkerfa. Gagnaflutningsþjónusta. Innkaup, sala notendabúnaðar og rekstur verkstæða. Markaðsmál og fjölþjóðasamskipti. Ýmis virðisaukandi þjónusta.
3. **Fjármálasvið.** Fjármálasvið skiptist í eftirtaldar deildir: Aðalbókhald, aðalfjárvörslu, hagdeild og hagræðingarmál, innkaupa- og birgðadeild og bifreiðarekstur. Helstu verkefni eru: Fjárhags- og greiðsluáætlanir stofnunarinnar, samantekt og samræming áætlana allra deilda vegna rekstrar og fjárfestinga. Rekstrareftirlit, hagræðingarmál og hagkvæmnisútreikningar. Gjaldskrármál. Aðalbókhald og uppgjör erlendra viðskipta. Fjárreiður og innflutnings- og bankaafgreiðsla. Innkaup eða innkaupaheimildir, aðalbirgðavarsla og bifreiðarekstur stofnunarinnar.
4. **Póstmálasvið.** Póstmálasvið skiptist í eftirtaldar deildir: Póstmáladeild, póstgíróþjónustu og markaðsdeild. Helstu verkefni eru: Mál sem lúta að póstþjónustu stofnunarinnar. Skipulag og áætlanagerð, ásamt eftirliti með póstþjónustu og póstdreifingu. Póstflutningar. Eftirlit með rekstri póstmiðstöðva og viðskiptapósthúsa. Val og pantanir búnaðar fyrir póstþjónustu. Frímerkjaútgáfa, frímerkjasala og frímerkjavarsla. Póstgíró. Markaðsmál póstþjónustunnar. Útgáfa starfsreglna og fyrirmæla um framkvæmd póstþjónustu og eftirlit með því að þeim sé fylgt. Kvartanir og skaðabótamál. Erlend samskipti á sviði póstmála.

5. **Umsýslusvið.** Umsýslusvið skiptist í eftirtaldar deildir: Starfsmannadeild, póst- og símaskólann, fasteignadeild, tölvuþjónustudeild og reiknistofu. Helstu verkefni eru: Almenn tölvuráðgjöf og þjónusta. Rekstur reiknistofu. Skipulag og áætlanagerð varðandi starfsmannamál, fræðslumál, byggingu og umsýslu fasteigna. Almenn þjónustumál innan stofnunarinnar. Bókasafn. Póst- og símaminjasafn. Skipulag skjalasafna og mötuneyta. Trésmíða- og rafmagnsverkstæði.

5. gr.

Aðalendurskoðandi og upplýsingafulltrúi heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

6. gr.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í sex umdæmi.

Umdæmi I nær frá mörkum Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu að mörkum Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, að undanskildu höfuðborgarsvæðinu, umdæmi II þaðan að mörkum Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, umdæmi III þaðan að mörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, umdæmi IV þaðan að mörkum Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, umdæmi V nær yfir rekstur símaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og undir umdæmi VI fellur rekstur póstþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, ásamt almennum póst- og símaafgreiðslustöðum.

Umdæmisstjórar hafa hver í sínu umdæmi stjórn og eftirlit með rekstri póst- og símastöðva, tæknimála, verkstæða, húseigna og birgðastöðva, svo og með öðrum rekstri sem þeim er falinn samkvæmt samþykktum rekstraráætlunum, starfsreglum og fyrirmælum viðkomandi aðalsviðs hverju sinni.

Umdæmisstjórar skulu gera rekstraráætlanir fyrir umdæmi sín.

7. gr.

Öllum stjórnendum Póst- og símamálastofnunar ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með nýjungum, sem til framfara horfa.

Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar og ábendingar um endurbætur á sínu sviði og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

Stjórnendum stofnunarinnar er heimilt að mynda sérstakar árangurseiningar í starfsemi hennar, ef þær eru taldar leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. lög um breytingu á þeim nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 173, 16. apríl 1991, um Póst- og símamálastofnun, skipulag og verkefni.

Samgönguráðuneytið, 10. febrúar 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um fráveitu á Dalvík.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í lögsagnarumdæmi Dalvíkur.

2. gr.

Dalvíkurbær starfrækir fráveitu, bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsivatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn. Tæknideild bæjarins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti er bent á 10. gr. mengunarvarnarreglugerðar.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði, sem dælir fráveituvatninu að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veitu fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka. Dalvíkurbær kostan niðursetningu og annan

frágang rotþróar og lagna, en húseigandi leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa og hlotið hefur viðurkenningu Hollustuverndar. Húseigandi annast allt viðhald.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til byggingareftirlits bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja á fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal það einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Dalvíkurbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Ekki er heimilt að veita fráveituvatni frá húseignum í fráveitu bæjarins, ef það inniheldur mikið af fitu frá stórum eldhúsum og matvælaiðnaði, súrum vökvum, lífrænum leysiefnum og öðrum hættulegum efnaúrgangi frá iðnaðar- og framleiðslustarfsemi, bensíni og olíum frá bensínstöðvum, bifreiðaverkstæðum og smurstöðvum, sandi frá þvottaplönum, fiskúrgangi frá fiskvinnslustöðvum eða öðru sem valdið getur skemmdum og rekstrartruflunum á fráveitu bæjarins og skaðlegri mengun á viðtaka.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn innihaldi ofangreind efni, ber eiganda húseignar að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en fráveituvatninu er veitt í fráveitu bæjarins. Dalvíkurbær getur krafist þess að viðurkenndum búnaði sé komið fyrir til að hindra að ofangreind efni komist í fráveitukerfi bæjarins.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári. Skiljur á fráræsislögnum ber að hreinsa reglulega þannig að tryggt sé að hreinsibúnaðurinn gegni hlutverki sínu. Dalvíkurbær sér um hreinsun rotþróa.

14. gr.

Þar sem hætta er á, að fráveituvatn frá fráveitu bæjarins flæði til baka um fráræsislagnir frá húseigendum, vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu, skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

15. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkur, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því m.a. varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Fráveitugjald skal miðast við ákveðinn hundraðshluta af álagningarstofni og hlíta ákvæðum um minnsta og mesta gjald, samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Dalvík nr. 186/1943.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Við alþingiskosningar 20. apríl 1991 buðu eftirtalin stjórnmálasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

A Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands
B Framsóknarflokkur
D Sjálfstæðisflokkur
E Verkamannaflokkur Íslands
F Frjálslyndir
G Alþýðubandalag
H Heimastjórnarsamtökin
T Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna
V Samtök um kvennalista
Z Grænt framboð
Þ Þjóðarflokkur - Flokkur mannsins

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

3. febrúar 1995 Nr. 101

GJALDSKRÁ

um fráveitugjald á Dalvík.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkur sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, þar með taldar rotþrær sem Dalvíkurbær tekur þátt í að byggja, skal greiða árlegt fráveitugjald og skal því m.a. varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð fráveitugjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Bæjarstjórn er heimilt fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka fráveitugjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu fráveitugjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá þessari. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 102 10. febrúar 1995

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Skv. lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum, skal greiða 11% vörugjald af samása köplum og öðrum samása leiðurum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 8544.2000 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Með auglýsingu nr. 146/1994, um breyting á viðauka I við tollalög, 29. desember 1994, var tollskrárnúmeri þessu skipt í tvö númer, 8544.2001 og 8544.2009. Slík skipting hefur eigi áhrif á gjaldskyldu.

Til að samræmis gæti í skattlagningu við aðra hluta til veiðarfæra skulu hér með undanþegnar vörugjaldi vörur sem falla undir tollskrárnúmerið 8544.2001, höfuðlínukaplar með slitþoli sem er að lágmarki 60 kN, enda séu þeir styrktir og varðir með þéttum lögum úr stálvírum.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur, hvað innfluting varðar, til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.
Bjarnveig Eiríksdóttir.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1995

20. febrúar 1995 233 Nr. 103

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 508, 16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland, sbr. reglugerð nr. 629, 9. desember 1994.

1. gr.

Í 1. gr. breytist 8. tl. sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 629, 9. desember 1994, jafnframt bætast við greinina þrír nýir töluliðir. Þessir töluliðir orðast svo:

8. Á Papagrunni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftrigreindra punkta:
   1. 64°00´00 N - 14°05´00 V
   2. 64°00´00 N - 13°53´00 V
   3. 63°53´00 N - 13°47´80 V
   4. 63°52´50 N - 13°51´40 V

9. Í Skeiðarárdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 63°31´00 N - 16°45´00 V
   2. 63°21´20 N - 16°36´00 V
   3. 63°19´60 N - 16°46´00 V

10. Í Breiðamerkurdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   1. 63°32´00 N - 15°26´00 V
   2. 63°29´80 N - 15°22´50 V
   3. 63°28´20 N - 15°29´50 V
   4. 63°28´00 N - 15°41´00 V
   5. 63°29´70 N - 15°36´50 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

Gutenberg

11. Í Hornafjarðardýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°40´00 N - 14°48´30 V
2. 63°41´00 N - 14°43´50 V
3. 63°37´70 N - 14°38´80 V
4. 63°37´00 N - 14°47´00 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. febrúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1995.
Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

13. febrúar 1995 235 Nr. 104

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á árlegt sorpuhirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er kr. 4.000 ár hvert, miðað við einn poka á viku á hvern stað sem hreinsað er frá og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

16. febrúar 1995 Nr. 105

AUGLÝSING

um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing sama efnis nr. 492/1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Gutenberg

Fylgiskjal.

SÖLUUMBOÐ

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987

Undirrit_____ veitir hér með

umboð til að annast sölu eignarinnar

Eigandi
Kennitala

Eigandi/Maki
Kennitala

Sími H.: Sími V.:

Þinglýstur eigandi/Umboðsmaður

Kennitala

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggerninga sem tengjast sölu eignarinnar. Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans og um leið greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

TILHÖGUN SÖLU, SÖLUÞÓKNUN

☐ **Eignin er sett í einkasölu**

Eigandi eignar í einkasölu skuldbindur sig til þess að bjóða eignina aðeins til sölu hjá einum fasteignasala og á hann rétt til umsaminnar söluþóknunar úr hendi seljanda jafnvel þótt eignin sé seld annars staðar. Einkasala á einnig við þegar eignin er boðin fram í makaskiptum

☐ **Eignin er sett í almenna sölu**

Eign i almennri sölu má bjóða til sölu hjá fleiri fasteignasölum en einum. Söluþóknun greiðist þeim fasteignasala sem selur eignina.

Söluþóknun skal vera_____ % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings **auk virðisaukaskatts.**

AUGLÝSINGAR

☐ Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað einu sinni á venjulegan hátt í eindálki, og síðan á sama hátt á kostnað eiganda .....

☐ Eignin skal auglýst á kostnað eiganda með sérauglýsingum sem hér segir .....

☐ Eignin skal ekki auglýst.

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5 - 2,0 dálksentimetrar. Eigandi eignar skal greiða fasteignasala útlagðan auglýsingakostnað mánaðarlega samkv. gjaldskrá dagblaðs hverju sinni.

GILDISTÍMI

Frá undirritun gildir umboðið: _____ daga ☐ Þar til eignin er seld

Umboðið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 30 daga fyrirvara. Uppsögnin skal vera skrifleg og gerð á sannanlegan hátt.

GREIÐSLUSTAÐUR KAUPVERÐS

Greiðslustaður kaupverðs verður.....

ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUYFIRLITS UM EIGNINA SBR. 10 GR. L. NR. 34/1986, SBR. LÖG NR. 10/1987.

Eigandi eignar skal, innan 5 daga frá undirritun söluumboðs þessa, afla sölugagna þeirra sem greinir á meðfylgjandi lista. Ella er fasteignasala heimilt að afla þeirra, svo og upplýsinga um stöðu áhvílandi veðskulda hjá skuldareigendum eða innheimtuaðilum skulda, reynist það nauðsynlegt, allt á kostnað eiganda eignar.

Allar breytingar á söluumboði þessu skulu gerðar skriflega. Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Skoðunargjald kr. _____ með virðisaukaskatti er greitt með _____ og skal dregið frá söluþóknun ef af sölu verður.

Það athugist að öll þjónusta fasteignasala er virðisaukaskattskyld.

Til staðfestu framanrituðu rita aðilar nöfn sín hér undir.

Eigandi/Umboðsmaður

Staður og dagsetning

Samþykki maka

Fasteignasali/Umboðsmaður fasteignasala

FELF 1 – Gutenberg

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Kaldrananeshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Kaldrananeshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Kaldrananeshrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Gjaldið greiðist á gjalddögum 15. febrúar, 15. apríl og 15. júlí ár hvert og er eindagi gjaldsins 30 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds sbr. 3. gr sömu samþykktar skal vera kr. 2.500.

3. gr.

Gjald vegna töku hunds sbr. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 6.000.

Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 700 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. febrúar 1995 Nr. 116

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Hálshreppi

1. gr.

Hálshreppur annast flutning á sorpi til förgunar. Flutningurinn fer fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi og sumarbústaðaeigendi skal nota sorpgáma í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd Hálshrepps ákveður staðsetningu gámana í sveitarfélaginu í samráði við heilbrigðisnefnd og viðkomandi landeiganda.

3. gr.

Í sorpgáma má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpgámana spilliefni (umhverfismengandi úrgang).

4. gr.

Sorpgámar verða losaðir svo oft sem þurfa þykir.

5. gr.

Allur úrgangur sem ekki verður látinn í sorpgáma, skulu hlutaðeigendur sjálfir koma til viðurkenndrar förgunar á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

6. gr.

Iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem felur í sér fráfall úrgangs ber að sjá um að koma honum til förgunar sjálfir, eða semja um það við hreppsnefnd Hálshrepps. Þeir sem sjá um að koma úrgangi til förgunar sjálfir skulu fara eftir ákvörðun Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs.

7. gr.

Hreppsnefnd Hálshrepps ákveður árlegt sorphirðugjald á hvern notenda í gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

8. gr.

Hafi notandi fram að færa kvörtun, skal hann koma henni til hreppsnefndar Hálshrepps.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 117 10. febrúar 1995

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Hálshreppi.

1. gr.

Sorphirðugjald í Hálshreppi skal vera kr. 2.500 ár hvert samkvæmt 7. gr. samþykktar um sorphirðu í Hálshreppi frá 10. febrúar 1995.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 118 15. febrúar 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993.

1. gr.

5. liður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40 1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.

2. gr.

20. töluliður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Jafnframt fer nefndin með verkefni leikskólanefndar skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

15. febrúar 1995 Nr. 119

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands, nr. 207 16. maí 1990.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Yfirstjórn skal árlega efna til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem veita aðstoð við leit og björgun, svo og fulltrúum annarra aðila sem fara með öryggismál á sjó, þar sem m.a. skal fjallað um helstu björgunaraðgerðir og hvaða lærdóm megi af þeim draga með það að markmiði að auka öryggi á sjó, þ. á m. hvort ástæða sé til að breyta reglum um skipulagningu leitar og björgunar, sbr. 4. gr.

Yfirstjórn skal almennt fylgjast með þróun mála á sviði leitar og björgunar og gera, ef ástæða þykir til, tillögur um breytingar á reglum þessum.

2. gr.

2. málsl. 13. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með hliðsjón af lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967, og að höfðu samráði við Landhelgisgæslu Íslands, Póst- og símamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Endurprentað blað.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Bolungarvík.

1. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.000

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5.000
Flokkur 2	"	10.000
Flokkur 3	"	15.000
Flokkur 4	"	30.000
Flokkur 5	"	50.000
Flokkur 6	"	75.000
Flokkur 7	"	100.000
Flokkur 8	"	125.000
Flokkur 9	"	150.000
Flokkur 10	"	175.000

Bæjarráð skipar aðilum í flokka

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 121 20. febrúar 1995

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir faggildingu og eftirlit.

1. gr.

Umsóknargjald.

Í umsóknargjaldi er innifalið upplýsingar fyrir umsókn, móttaka, skráning og yfirferð umsóknar og fylgiskjala og stutt álitsgerð um niðurstöður fyrstu yfirferðar.

Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingu skal greiða 75% af umsóknargjaldi fyrir sérhvert útibú.

			Kr.	m/vsk.
F.1.1	Prófunarstofa I	(1-5 aðferðir)	120.000	149.400
F.1.2	Prófunarstofa II	(6-10 aðferðir)	135.000	168.075
F.1.3	Prófunarstofa III	(11-15 aðferðir)	160.000	199.200
F.1.4	Prófunarstofa IV	(16-21 aðferðir)	190.000	236.550
F.1.5	Prófunarstofa V	(>21 aðferð)	235.000	292.575
F.1.6	Vottunarstofa I	(1-10 svið)	160.000	199.200
F.1.7	Vottunarstofa II	(11-20 svið)	215.000	267.675
F.1.8	Vottunarstofa III	(21-30 svið)	275.000	342.375
F.1.9	Vottunarstofa IV	(31-39 svið)	330.000	410.850
F.1.10	Skoðunarstofa I	(1-5 aðferðir)	120.000	149.400
F.1.11	Skoðunarstofa II	(6-10 aðferðir)	135.000	168.075
F.1.12	Skoðunarstofa III	(11-15 aðferðir)	160.000	199.200
F.1.13	Skoðunarstofa IV	(16-20 aðferðir)	190.000	236.550
F.1.14	Skoðunarstofa V	(>21 aðferð)	235.000	292.575

2. gr.

Faggildingargjald.

F.2 Í faggildingargjaldi er innifalið val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, mat á gæðakerfi, skýrslugerð, faggildingarskjal og stjórn faggildingarinnar.

Fyrir ofangreinda verkþætti við framkvæmd faggildingar skal greiða tímagjald í samræmi við fjölda tíma, sé ekki um annað samið.

Tímagjald er kr. 3.200 án vsk. eða kr. 3.984 með vsk.

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.

Þegar yfirferð umsóknar er lokið getur Löggildingarstofan gert fast tilboð í framkvæmd faggildingar.

Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

3. gr.

Eftirlitsgjald.

Í eftirlitsgjaldi er innifalin umsýsla með faggiltum aðila, val á matsmönnum, gerð verk- og tímaáætlunar, skýrslugerð, stjórn eftirlitsins og stutt álitsgerð um niðurstöður. Þegar um útibú prófunarstofu, vottunarstofu eða skoðunarstofu er að ræða, þar sem fram fer samskonar starfsemi og í aðalstöðvum sem áður hafa hlotið faggildingu skal greiða 75% af eftirlitsgjaldi fyrir sérhvert útibú.

			Kr.	m/vsk.
F.3.1	Prófunarstofa I	(1-5 aðferðir)	90.000	112.050
F.3.2	Prófunarstofa II	(6-10 aðferðir)	101.250	126.056
F.3.3	Prófunarstofa III	(11-15 aðferðir)	120.000	149.400
F.3.4	Prófunarstofa IV	(16-21 aðferðir)	142.500	177.413
F.3.5	Prófunarstofa V	(>21 aðferð)	176.250	219.431
F.3.6	Vottunarstofa I	(1-10 svið)	120.000	149.400
F.3.7	Vottunarstofa II	(11-20 svið)	161.250	200.756
F.3.8	Vottunarstofa III	(21-30 svið)	206.250	256.781
F.3.9	Vottunarstofa IV	(31-39 svið)	247.500	308.138
F.3.10	Skoðunarstofa I	(1-5 aðferðir)	90.000	112.050
F.3.11	Skoðunarstofa II	(6-10 aðferðir)	101.250	126.056
F.3.12	Skoðunarstofa III	(11-15 aðferðir)	120.000	149.400
F.3.13	Skoðunarstofa IV	(16-20 aðferðir)	142.500	177.413
F.3.14	Skoðunarstofa V	(>21 aðferð)	176.250	219.431

Allur ferðakostnaður greiðist skv. framlögðum reikningi.

Löggildingarstofan getur gert fast tilboð í framkvæmd eftirlits með faggildingu.

Kostnaður vegna vinnu sérfræðings (sérfræðinga) við tæknilegt mat greiðist skv. framlögðum reikningi.

4. gr.

Gjöld vegna B-faggildingar endurskoðunarverkstæða:

		Kr.	m/vsk.
F.5	Umsóknar- og faggildingargjald	29.900	37.226
F.6	Eftirlitsgjald	18.800	23.406

5. gr.

F.4 Þegar um er að ræða mat eða úttektir þar sem ekki er um faggildingu að ræða skal samið sérstaklega um þóknun.

6. gr.

Verði breyting á álagningu virðisaukaskatts, geta upphæðir í dálknum merktum „m/vsk." (með virðisaukaskatti) breyst til samræmis við þá breytingu til hækkunar eða lækkunar án þes að sú breyting kalli á endurskoðun gjaldskrár þessarar og endurútgáfu.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992, um vog, mál og faggildingu. Gjaldskráin öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 19 frá 14. janúar 1993.

Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

Nr. 122 20. febrúar 1995

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingar, prófanir og kvarðanir.

1. gr.

Löggildingar.

1	Vogarlóð	Kr.	m/vsk.
1.10	1 g - 2 kg M2*	1.580	1.967
1.11	5, 10 og 20 kg M2	2.000	2.490
1.12	50 kg M2	2.630	3.274
1.20	1 mg - 2 kg M1*	2.000	2.490
1.21	5, 10 og 20 kg M1	2.630	3.274
1.22	50 kg M1	5.250	6.536
1.30	1 mg - 2 kg F1*	4.200	5.229
1.31	5, 10 og 20 kg F1	5.250	6.536
1.32	50 kg F1	10.500	13.073

* Sjá viðauka 1 um nákvæmnisflokka

Vogarlóð án stillihólfs verða *ekki* endurlöggilt.

		Kr.	m/vsk.
2	Vogarbúnaður í nákvæmnisflokki II (sjá viðauka 2)		
2.1	Burðarþol ≤ 30 kg	9.980	12.425
	Vogarbúnaður í nákvæmnisflokki I (sjá viðauka 2).	Sjá gjaldskrárlið 12.1	
3	Brautarvogir fyrir sláturhús	Kr.	m/vsk.
3.1	Burðarþol ≤200 kg	23.630	29.419
3.2	Burðarþol >200 - 450 kg	27.830	34.648
4	Öxulþungavogir	Kr.	m/vsk.
4.1	Prófun án löggildingar	9.450	11.765
5	Vogarbúnaður í nákvæmnisflokkum III og IIII (sjá viðauka 2)		
		Kr.	m/vsk.
5.1	Burðarþol ≤30 kg	6.300	7.844
5.2	Burðarþol >30 - 200 kg	8.400	10.458
5.3	Burðarþol >200 - 500 kg	10.500	13.073
5.4	Burðarþol >500 - 2.000 kg	17.850	22.223
5.5	Burðarþol >2.000 - 5.000 kg	24.150	30.067
6	Bílavogir í nákvæmnisflokkum III og IIII (sjá viðauka 2)		
		Kr.	m/vsk.
6.1	Burðarþol ≤60.000 kg	90.000	112.050
6.2	Burðarþol >60.000 - 100.000 kg	125.000	155.625
7	Sjálfvirkar ósamfelldar löndunarvogir	Kr.	m/vsk.
7.1	Burðarþol ≤1000 kg	26.250	32.681
8	Reislur	Kr.	m/vsk.
8.1	Reislur, burðarþol ≤ 20 kg	1.700	2.117
9	Vínmælar	Kr.	m/vsk.
9.1	Veltivínmál; rúmtak 3 cl og 6 cl	1.580	1.967
9.2	Annað	Skv. reikningi	
10	Mælibúnaður fyrir, eldsneyti, olíur og mjólk	Kr.	m/vsk.
10.1	Mælibúnaður með hámarksrennsli ≤ 100 l/mín	8.400	10.458
10.2	Mælibúnaður með hámarksrennsli >100 l/mín - 800 l/mín	9.980	12.425
10.3	Mælibúnaður með hámarksrennsli >800 l/mín - 2.000 l/mín	15.230	18.961
10.4	Mælibúnaður með hámarksrennsli >2.000 l/mín - 3.000 l/m	20.480	25.498
11	Lengdarmál	Kr.	m/vsk.
11.1	Málbönd ≤ 100 cm	7.880	9.811
11.2	Kvarðar fyrir álnavöru 0,5 m og 1,0 m	580	722
11.3	Möskvamælar	2.940	3.660

12 Sérferðir

12.1 Sérferðir greiðast samkvæmt reikningi, og reiknast hlutar úr klukkustund sem ein klukkustund. Einnig reiknast: Akstur, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatrygging. Þessi kostnaður leggst ofaná gjaldskrá viðkomandi tækis eins og við á.

Endurprentað blað.

13 Annað

13.1 Löggilding og prófun annars búnaðar, svo sem vogarbúnaðar í nákvæmnisflokki I (sjá viðauka 2), lóða af öðrum stærðum en um getur í lið 1 og mælitæki utan þeirra mælisviða sem upp eru talin hér á undan. Skv. reikningi eða tilboði

14 Afsláttur

14.1 Ef prófun leiðir í ljós að mælibúnaðurinn stenst ekki löggildingarkröfur er heimilt að veita 50% afslátt frá gildandi löggildingargjaldskrá.

14.2 Heimilt er að veita 15 % afslátt af gjaldskrá þessari sé komið með tæki, sem falla undir gjaldalið 2 og 5, til prófunar eða löggildingar á Löggildingarstofuna.

14.3 Heimilt er við löggildingu mælitækja að veita magnafslátt, stigvaxandi allt að 30% ef mælitækin eru:

a. 20 eða fleiri
b. í eigu sama aðila
c. prófuð í sömu ferð og á sama stað.

Við vanskil fellur þessi afsláttur niður. Afsláttur getur í engu tilfelli orðið meiri en 30% alls.

2. gr.
Prófanir.

21	Frumsannprófun	Skv. reikningi eða tilboði
22	Prófanir á vogarbúnaði	Skv. viðeigandi liðum í 1. gr.

Um er að ræða prófanir í þeim tilfellum þar sem ekki er óskað eftir né gerð krafa um löggiltan vogarbúnað. Miðað er við að um sambærilega vinnu og við löggildingar sé að ræða.

23 Aðrar prófanir Skv. reikningi eða tilboði

3. gr.
Kvarðanir.

		Kr.	m/vsk.
31	Kvörðun lóða		
31.10	grunnverð	4.500	5.603
31.11	merking lóðs	550	685
31.12	flokkun kvarðaðs lóðs án stillingar	250	311
31.20	≤ 10 kg [1]	1.600	1.992
31.21	lóð >10 - 50 kg [1]	2.150	2.677
31.22	lóð >50 - 100 kg [1]	2.700	3.362
31.23	lóð >100 - 200 kg [1]	3.200	3.984
31.24	lóð >200 - 500 kg [1]	6.400	7.968
31.30	≤ 10 kg [2]	2.240	2.789
31.31	lóð >10 - 50 kg [2]	3.010	3.747
31.32	lóð >50 - 100 kg [2]	3.780	4.706
31.33	lóð >100 - 200 kg [2]	4.480	5.578
31.34	lóð >200 - 500 kg [2]	8.960	11.155

[1] Gjaldskrárliðir 31.20 til 31.24 miðast við kvörðun með óvissu sem er sambærileg við M1 vikmörk, sjá viðauka 1.

[2] Gjaldskrárliðir 31.30 til 31.34 miðast við kvörðun með óvissu sem er sambærileg við F2 vikmörk, sjá viðauka 1.

Önnur vinna við lóð, svo sem stilling inn í nákvæmnisflokk er ekki innifalin í ofangreindum gjaldaliðum.

Venjulega er gert eitt kvörðunarvottorð fyrir hvert lóð. Þó má gera eitt vottorð sameiginlega fyrir lóðasafn, sem á að fylgjast að í notkun og líta má á sem eina heild. Slíkt lóðasafn er venjulega í sérstökum kassa. Lóðasafnið ber aðeins eitt grunngjald.

32	Kvörðun vogabúnaðar		Kr.	m/vsk.
32.1	Grunnverð vegna vottorðs		9.000	11.205

Við grunnverð bætist gjald fyrir kvörðunarvinnu sem er jafnt gjaldi fyrir löggildingu fyrir viðkomandi vogarbúnað.

33	Kvörðun rúmtaks fyrir mæliker og tanka		Kr.	m/vsk.
33.10	grunnverð vegna vottorðs		9.000	11.205
33.20	heildarrúmtak	≤ 1 l	3.000	3.735
33.21	hvert kvarðað aukagildi		1.000	1.245
33.30	heildarrúmtak	≤ 10 l	5.000	6.225
33.31	hvert kvarðað aukagildi		1.500	1.868
33.40	heildarrúmtak	≤ 100 l	20.000	24.900
33.41	hvert kvarðað aukagildi		2.000	2.490
33.50	heildarrúmtak	≤ 1000 l	40.000	49.800
33.51	hvert kvarðað aukagildi		3.000	3.735
33.60	heildarrúmtak	≤ 10.000 l	60.000	74.700
33.61	hvert kvarðað aukagildi		4.500	5.603

34	Kvörðun rennslismæla		Kr.	m/vsk.
34.1	Grunnverð vegna vottorðs		9.000	11.205

Við grunnverð bætist gjald fyrir kvörðunarvinnu sem er jafnt gjaldi fyrir löggildingu fyrir viðkomandi rennslismæli.

35	Kvörðun hitamæla	(-50 til +250°C)	Kr.	m/vsk.
35.10	grunnverð		9.000	11.205
35.11	lágmarksgjald		15.600	19.422
35.20	hvert kvarðað gildi undir 0°C		3.000	3.735
35.21	hvert kvarðað gildi frá 0°C til 90°C		2.000	2.490
35.22	hvert kvarðað gildi yfir 90°C		3.000	3.735

Heimilt er að semja um sérverð við kvarðanir hitamæla, enda séu kvarðaðir a.m.k. 10 mælar í senn, á sömu gildum. Tilraunastofur skóla geta fengið sértilboð.

36	Annað	
36.1	Aðrar kvarðanir	skv. reikningi eða tilboði

4. gr.

Innifalið í gjaldskrá eru laun, ferðir og uppihald starfsmanna Löggildingarstofunnar, notkun tækja stofunnar og þess búnaðar sem notaður er við prófanir á löggildingarhæfi.

Aðstoð mælitækiseiganda, svo sem handlang og flutningur lóða og mælitækja á staðnum, kostnaður við að opna hús og veita starfsmönnum Löggildingarstofunnar aðgang að mælitækjum, útvegun aukaþyngda og annað slíkt skal borinn af mælitækiseiganda.

5. gr.

Verði breyting á álagningu virðisaukaskatts, geta upphæðir í dálknum merktum „m/vsk." (með virðisaukaskatti) í 1. - 3. gr. breyst til samræmis við þá breytingu til hækkunar eða lækkunar án þess að sú breyting kalli á endurskoðun gjaldskrár þessarar og endurútgáfu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 100 frá 16. desember 1992, um vog, mál og faggildingu. Gjaldskráin öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 18/1993.

Viðskiptaráðuneytið, 20. febrúar 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

VIÐAUKI 1

Nákvæmnisflokkar lóða.
Samkvæmt reglugerðum nr. 136 og 137, 1994.

Mál-gildi	E1 ±mg	E2 ±mg	F1 ±mg	F2 ±mg	M1 ±mg	Lóð í milli-nákvæmnisflokki (M2) +mg
50kg	25	75	250	750	2500	8000
20kg	10	30	100	300	1000	3200
10kg	5	15	50	150	500	1600
5kg	2,5	7,5	25	75	250	800
2kg	1,0	3,0	10	30	100	400
1kg	0,5	1,5	5	15	50	200
500g	0,25	0,75	2,5	8,5	25	100
200g	0,10	0,30	1,0	3,0	10	50
100g	0,05	0,15	0,5	1,5	5	30
50g	0,03	0,10	0,3	1,0	3,0	30
20g	0,025	0,08	0,25	0,80	2,5	20
10g	0,020	0,06	0,20	0,60	2,0	20
5g	0,015	0,05	0,15	0,50	1,5	10
2g	0,012	0,06	0,12	0,40	1,2	5
1g	0,010	0,03	0,10	0,30	1,0	5
500mg	0,008	0,025	0,08	0,25	0,8	
200mg	0,006	0,020	0,06	0,20	0,6	
100mg	0,005	0,015	0,05	0,15	0,5	
50mg	0,004	0,012	0,04	0,12	0,4	
20mg	0,003	0,010	0,03	0,10	0,3	
10mg	0,002	0,008	0,025	0,08	0,25	
5mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20	
2mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20	
1mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20	

VIÐAUKI 2

Nákvæmnisflokkar voga.

Flokkur	Skerðingargildi (e)	Lágmarksþyngd (Min)	Fjöldi skerðingargilda $n = Max/e$	
		lágmarks-gildi	lágmarks-gildi	hámarks-gildi
I	0,001 g ≤ e	100 e	50 000	—
II	0,001 g ≤ e ≤ 0,05 g	20 e	100	100 000
	0,1 g ≤ e	50 e	5 000	100 000
III	0,1 g ≤ e ≤ 2 g	20 e	100	10 000
	5 g ≤ e	20 e	500	10 000
IIII	5 g ≤ e	10 e	100	1 000

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

1. gr.

F-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

f) Jarðveg, safnhaugamold, ógunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýraáburð. Undanskilin er þó mold, sem að meginhluta samanstendur af mosa *(Sphagnum)*, enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli. Frá löndum þar sem nýsjálenski flatormurinn *(Artioposthia triangulata)* er útbreiddur skulu plöntur og plöntuafurðir vera alveg lausar við mold nema sérstök yfirlýsing sé um það á heilbrigðisvottorði að plönturnar séu frá ræktunarstað þar sem flatormurinn finnst ekki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Endurprentað blað.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Rangárvallaafréttar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Rangárvallaafréttar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns. Félagið starfar eftir lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

2. gr.

Félagið nær til allra vatna á Rangárvallaafrétti, sem eru Laufavatn, Skyggnishlíðarvötn, Álftavatn og Torfavatn, auk alls annars vatnasvæðis Rangárvallaafréttar að undanskildu vatnasvæði Markarfljóts, Hvítmögu, Kaldaklofskvíslar og Bláfjallakvíslar, þar sem þessar ár liggja á hreppamörkum.

3. gr.

Aðild að félaginu eiga allar jarðir sem upprekstur eiga á Rangárvallaafrétt, en þær eru:

Árbær	8607-05000	Kirkjubær	8607-29000
Ármót	8607-11000	Kot	8607-31000
Ártún	8607-12000	Lambhagi	8607-32000
Bakkakot	8607-13000	Langanesmelar	8607-32500
Bolholt	8607-13500	Langekra	8607-33000
Eystra-Fróðholt	8607-14000	Litla-Strönd	8607-34000
Foss	8607-15000	Minna-Hof	8607-35000
Fróðholtshjáleiga	8607-15500	Nes	8607-36000
Gaddstaðir	8607-15700	Oddhóll	8607-38000
Galtárholt	8607-15800	Oddi	8607-39000
Geldingalækur	8607-16000	Rauðnefsstaðir	8607-39500
Grafarbakki	8607-16500	Reyðarvatn	8607-40000
Gröf	8607-16800	Reynifell	8607-41000
Gunnarsholt	8607-17000	Selalækur	8607-42000
Haukadalur	8607-18000	Selsund	8607-43000
Heiðarbrekka	8607-19000	Sólvellir	8607-44000
Heiði I	8607-20000	Stokkalækur	8607-45000
Heiði II	8607-20100	Stóra-Hof	8607-46000
Helluvað I	8607-20500	Svínhagi	8607-48000
Helluvað II	8607-21000	Uxahryggur I	8607-49000
Helluvað III	8607-22000	Uxahryggur II	8607-50000
Hjarðarbrekka	8607-23000	Varmidalur I	8607-51000
Hofteigur	8607-23500	Varmidalur II	8607-51100
Hróarslækur	8607-25000	Vestra-Fróðholt	8607-52000
Kaldbakur	8607-26000	Vindás	8607-54000
Keldur	8607-27000	Þingskálar	8607-55000
Ketilhúshagi	8607-28000	Þorleifsstaðir	8607-56000

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu og ráðstafa fiskveiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal jafn marga til vara og ganga þeir úr á sama hátt og aðalstjórn. Tvo skoðendur skal kjósa til tveggja ára í senn, ganga þeir úr sitt árið hvor.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar eða öðrum sem hún gefur umboð til þess. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal leggja fram skoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. gr.

Samþykktum þessum má einungis breyta á aðalfundi, skal þess þá getið í fundarboði og þarf til þess samþykki 2/3 félagsmanna. Ef fundarsókn er ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti. Þar ræður afl atkvæða.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

Nr. 125 20. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 536/1990 um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

1. gr.

F-liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

f) garð- og gróðurhúsaafurðir hvers konar, þ.m.t. trjáplöntur og runnar til skrúðgarðyrkju, svo og útsæðiskartöflur, aðrar en þær sem seldar eru kartöflubændum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. febrúar 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1995

27. febrúar 1995 273 Nr. 126

AUGLÝSING

um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 9 27. febrúar 1995, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurkjördæmi	19 þingsæti
Reykjaneskjödæmi	12 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. 2. gr. og I. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 9 27. febrúar 1995 um breytingu á þeim lögum.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis, nr. 473 2. október 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. febrúar 1995 Nr. 127

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	kr. 226,00
B. Vatnsgjald pr. m^3	kr. 29,77

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafin mánaðarlega, þó er heimilt að láta líða lengri tíma og fækka gjalddögum.

5. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er útgáfudagur reiknings. Gjaldanda ber að greiða reikninginn þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir afnot skv. 3. gr. eru ekki greidd í síðasta lagi á eindaga. Útgáfudagur, greiðslustaður og eindagi eru tilgreindir á reikningi.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Rúmmál húss (utanmál):

Hús allt að 300 m^3	kr. 71.000,00
Hús 300 - 2000 m^3	kr. 71.000,00
Fyrir 300 m^3	kr. 62,36
Á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærri en 2000 m^3	kr. 177.000,00
fyrir 2000 m^3	kr. 54,38
á hvern rúmmetra þar yfir.	

b) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m^3 húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Á gjöldin leggst virðisaukaskattur samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.980,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 100, 23. febrúar 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur.

Raforkuverð - Yfirlit.

A - ALMENNIR TAXTAR.

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.2 Verð á raforku til heimilisnotkunar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	2.704,00 kr/ár

A.3 Verð á raforku til mannvirkjagerðar:

Orkugjald	6,23 kr/kWh
Fast gjald 1 fasa	5.046,00 kr/ár

B - AFLTAXTAR.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Fastagjald	39.179,00 kr/ár
Orkugjald	3,12 kr/kWh
Aflgjald	8.815,00 kr/kWh/ár

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

C - HITUN.

C.1 Verð á raforku til órofinnar hitunar:

Orkugjald	5,37 kr/kWh
Fast gjald	7.740,00 kr/ár

C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar:

Orkugjald	2,84 kr/kWh
Fast gjald	4.745,00 kr/ár

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

Mælitæki.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð er við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjöld:
25A 1 fasa	12.100,00
63A 1 fasa	62.300,00
63A 3 fasa	68.200,00
100A 3 fasa	105.000,00
200A 3 fasa	216.000,00
315A 3 fasa	338.000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsaveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, skal greiða gjald kr. 1.980,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1.980,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera virðisaukaskatt samkvæmt lögum og reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 483, 10. október 1991 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 66/1995 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Úr 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar falli brott tollskrárnúmerið 0408.1900.

2. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr., svohljóðandi:
Gjaldtaka af tollskrárnúmerinu 0408.1900 skal hefjast 8. mars 1995.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1995

2. mars 1995 279 Nr. 130

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 447 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 105 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 18 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu vátryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera kr. 77.000 kr. fyrir einstakling og 166.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera kr. 27.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 87 23. febrúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1995 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

1. gr.

Á árinu 1995 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til að fjölga atvinnutækifærum í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja skv. 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðsgreiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%.

Annar kostnaður við verkefnið, sem umfram er, svo sem launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga eða viðhalda atvinnutækifærum í sveitarfélaginu, við sem flestra hæfi.
2. Vera unnið á vegum sveitarfélags eða þriðja aðila. Ef verkefni er unnið á vegum þriðja aðila ber sveitarfélag ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði og skal unnið í einu lagi.
4. Vera nýtt viðfangsefni eða verkefni umfram venjuleg umsvif. Ekki skal veita styrki úr sjóðnum til niðurgreiðslu á vinnuafli í fyrirtæki sem er í hliðstæðum rekstri og önnur fyrirtæki í landinu, þannig að um mismunun og röskun á samkeppnisstöðu verði að ræða. Hefðbundin viðfangsefni sveitarfélaga, svo sem gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsalagnir eru ekki styrkhæf nema um sérstakt tíma- og staðbundið átaksverkefni sé að ræða. Heimilt er að styrkja verkefni þar sem samþætt er fræðsla og vinna.
5. Nota vinnuafl á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Að jafnaði skulu þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur sveitarfélag ákveðið verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrðinu um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefjast sérhæfðs starfskrafts.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði, eru ekki styrkhæf.

4. gr.

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands. Enn fremur sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku.

5. gr.

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum í allt að sex mánuði meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg, enda verði starfsemin ekki í beinni samkeppni við annan atvinnurekstur.

6. gr.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu að ráðningar og kjör starfsfólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Að jafnaði er ekki heimilt að ráða sama starfsmann til lengri tíma en sex mánaða í sama eða sams konar verkefni.

7. gr.

Við mat á umsóknum skal veita forgang umsóknum frá sveitarfélögum þar sem atvinnuleysi er alvarlegast.

8. gr.

Sveitarfélög, sem hyggjast sækja um styrk samkvæmt reglum þessum, skulu senda skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs umsókn þar að lútandi. Með umsókn skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um verkefnið, svo sem kostnað við það, framkvæmdaaðila, áhrif þess á atvinnuástand í sveitarfélaginu, ásamt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 1994 og 1995. Jafnframt skulu fylgja nýjustu upplýsingar um atvinnuleysi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnuleysisskráningu.

9. gr.

Áður en umsókn er lögð fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal nefnd, sem skipuð skal samkvæmt yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmála- og fjármálaráðherra frá 12. desember 1994, fjalla um umsókn og gefa umsögn um hana. Nefndin skal undirbúa afgreiðslu umsókna í hendur stjórnarinnar. Hún skal sjá um að afla viðbótarupplýsinga og -gagna frá sveitarfélögum, ef þörf er á, og getur beint tillögum og ábendingum til þeirra. Nefndin heldur fasta reglulega fundi og skal fundartími kynntur sveitarfélögum.

10. gr.

Hraða skal umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er.

Að jafnaði skal umsókn lögð fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til afgreiðslu eigi síðar en tveimur vikum eftir að hún barst skrifstofu sjóðsins.

11. gr.

Þegar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur afgreitt umsókn af sinni hálfu skal hún leggja tillögu sína um styrkveitingu fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar.

Þess skal freistað að ná samstöðu innan stjórnarinnar um afgreiðslu umsóknar.

Nú verður ágreiningur í stjórninni um afgreiðslu umsóknar og skal þá gerð grein fyrir ágreiningnum í tillögu til ráðherra um afgreiðslu umsóknar og hvernig atkvæði féllu.

Félagsmálaráðherra skal að jafnaði innan viku frá því að tillaga um afgreiðslu barst frá stjórninni staðfesta tillöguna eða hafna henni.

12. gr.

Eftir að verkefni hefst, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt og félagsmálaráðherra staðfest styrkveitingu til, skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða styrkfjárhæð með föstum mánaðarlegum greiðslum eftirá þann tíma sem verkefnið stendur yfir.

13. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fylgjast með því að verkefni, sem styrkt er samkvæmt reglum þessum, sé framkvæmt með þeim hætti sem ráðgert var.

Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar er stjórn sjóðsins heimilt að stöðva greiðslu styrksins. Jafnframt getur það, samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar, haft áhrif á framtíðarstyrkveitingar til átaksverkefna á vegum sama aðila.

14. gr.

Kostnaður við verkefni skal færður sérstaklega og haldið aðskildum frá öðrum kostnaði hjá viðkomandi sveitarfélagi eða þeim aðila sem annast framkvæmd verkefnisins á ábyrgð sveitarfélagsins.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að óska eftir því að Ríkisendurskoðun endurskoði bókhald þeirra verkefna sem unnin eru með styrk samkvæmt reglum þessum.

15. gr.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal sveitarfélag senda skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs greinargerð um verkefnið. Þar skal sérstaklega láta koma fram áhrif verkefna á atvinnuástand í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að stöðva greiðslur, eða hafna að afgreiða frekari umsóknir, til sveitarfélaga sem ekki sinna skýrslugerð skv. 1. mgr.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í V. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. laga nr. 148/1994 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1995, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um dagpeninga fanga.

1. gr.

Þegar og þar sem ekki er unnt að útvega afplánunarfanga vinnu, skal hann frá greidda dagpeninga svo að hann eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu, s.s. hreinlætisvörum og skulu þeir greiddir þá daga sem hann á ekki kost á vinnu. Fangi sem á kost á vinnu eða er í vinnu fær ekki greidda dagpeninga.

2. gr.

Fjárhæð dagpeninga skal vera kr. 300 -þrjúhundruð- á dag, alla daga vikunnar.

3. gr.

Fangi sem er í gæsluvarðhaldi skal ekki fá greidda dagpeninga.

4. gr.

Fangi sem afplánar vararefsingu í stað fésektar skal ekki fá greidda dagpeninga.

5. gr.

Handtekinn maður sem vistaður er í fangelsi eða í fangaklefum lögreglu skal ekki fá greidda dagpeninga.

6. gr.

Fangi sem vistaður er um stundarsakir utan fangelsis, svo sem í sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, skal ekki fá greidda dagpeninga, nema að fengnu fyrirfram samþykki Fangelsismálastofnunar ríkisins.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, öðlast gildi frá og með 1. mars 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphaníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 - 1995

Nr. 133 284 1. mars 1995

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Rétt til grásleppuveiða eiga þeir bátar, sem leyfi fengu á a.m.k. einu áranna 1991, 1992, 1993 eða 1994 enda hafi leyfið ekki verið flutt til annars báts. Óheimilt er að veita bátum, sem eru stærri en 12 brl., leyfi til grásleppuveiða, hafi þeir ekki haft leyfi til veiða á grásleppu vertíðina á undan. Heimilt er að binda úthlutun leyfa og leyfi til grásleppuveiða þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Flutningur grásleppuleyfis milli báta er bundinn eftirfarandi skilyrðum: a) að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, b) að bátur, sem grásleppuleyfi er flutt á, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni og c) að hinn nýi bátur sé ekki meira en 10 rúmmetrum stærri en sá bátur, sem veiðileyfið er flutt frá.

4. gr.

Við sölu báts, sem hefur leyfi til grásleppuveiða, fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi. Hafi seljandi báts, með grásleppuleyfi, tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuleyfið fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur seljandinn heimild til að flytja leyfið á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé innan stærðarmarka sbr. 2. og 3. gr. Tilkynna skal til Fiskistofu fylgi leyfi til grásleppuveiða ekki báti við sölu hans. Nýti seljandi ekki ofangreinda heimild til að flytja grásleppuleyfi á annan bát næstu tvær vertíðir frá sölu bátsins fellur leyfið niður.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Ekki er heimilt að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski.

Gutenberg

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.

B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 10. maí -10. ágúst.

C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl - 20. júlí.

D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl - 1. júlí.

E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.

F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítingum, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.

G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, er veiðitímabilið 20. mars - 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skylt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr. úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum sbr. 8. gr. frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 hrognkelsanet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm). Við ákvörðun á hvort um grásleppunet eða rauðmaganet er að ræða teljast öll net grásleppunet, sem eru með stærri möskva en 8,5 þumlunga (216 mm).

Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga möskva og net dýpri en 20 möskva.

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur eigi netið.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 134 6. mars 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994, um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Ákvæðið til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo: Á loðnuvertíðinni 1994/1995 sbr. 1. gr. skal 817.775 lestum af loðnu úthlutað til þeirra íslensku fiskiskipa, sem aflahlutdeild hafa í loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

5. tl. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 613, 28. nóvember 1994, breytist og orðist svo:

5.	Innfjarðaræka	9.450
	þ.a. Eldey	1.500
	þ.a. Arnarfjörður	700
	þ.a. Ísafjarðardjúp	2.100
	þ.a. Húnaflói	2.300
	þ.a. Skagafjörður	700
	þ.a. Skjálfandaflói	700
	þ.a. Axarfjörður	1.450

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 - 1995

Nr. 136 288 3. mars 1995

REGLUGERÐ

um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 20., 21. og 23. tölulið XIII. viðauka við hann skulu gilda hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðaukanum, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, svo og þeirri aðlögun sem leiðir af ákvæðum 2. - 4. gr. reglugerðar þessarar.

EBE gerðir þær sem vísað er til eru:

a. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, sbr. og ákvörðun framkvæmdastjórnar nr. 93/173/EBE um útlit staðlaðs eyðublaðs (20. tölul.).

b. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, eins og henni hefur verið breytt með reglugerðum (EBE) nr. 3314/90, nr. 3572/90 og nr. 3688/92 (21. tölul.).

c. Tilskipun ráðsins nr. 88/599/EBE um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðanna í a- og b- lið, sbr. og ákvörðun framkvæmdastjórnar nr. 93/172/EBE um útgáfu staðlaðs eyðublaðs (23. tölul.).

EBE gerðirnar nr. 3820/85, nr. 3821/85, nr. 3572/90 og nr. 88/599 eru birtar í sérritinu EES-gerðir S40, bls. 179-199, 204-206 og 312-315, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, en EBE gerðirnar nr. 93/172, nr. 93/173, nr. 3314/90 og nr. 3688/92 eru birtar í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 338-343 og 472-476.

Sérákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í innanlandsflutningum.

2. gr.

Með vísun til 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gilda þessi frávik frá ákvæðum 5. - 8. gr. þeirrar reglugerðar:

1. Lágmarksaldur ökumanna (5. gr.):
   a. Lágmarksaldur ökumanna sem annast vöruflutninga á bifreið sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða á bifreið með eftirvagni fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, enda sé samanlögð heildarþyngd beggja ökutækjanna yfir 3500 kg, skal vera 20 ár.
   b. Lágmarksaldur ökumanna sem annast farþegaflutninga skal vera 21 ár.
2. Aksturstími (6. gr.):
   a. Akstursdagur skal ekki vera lengri en tíu klukkustundir. Tvisvar í viku er heimilt að lengja hann í tólf klukkustundir.

Gutenberg

b. Ákvæði 4. undirgr. 1. mgr. gildir einnig um farþegaflutninga innanlands, aðra en reglubundna farþegaflutninga.
c. Heildar aksturstími á hálfum mánuði má ekki fara yfir 100 klukkustundir.

3. Hlé (1. - 3. mgr. 7. gr.):
a. Eftir akstur í fjóra og hálfa klukkustund skal ökumaður taka sér hlé frá akstri í a.m.k. 30 mínútur, nema hvíldartími sé að hefjast hjá honum.
b. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er heimilt að skipta hléunum í allt að þrjú hlé á aksturstímanum, eða að hluta þegar akstri lýkur.

4. Hvíldartími (1. - 3. mgr. 8. gr.):
a. Á sólarhrings fresti skal ökumaður fá daglegan hvíldartíma sem er a.m.k. tíu klukkustundir samfellt, en heimilt er að stytta hann í átta klukkustundir samfellt hið minnsta, þó ekki oftar en þrisvar í einni viku.
b. Í viku hverri skal eitt hvíldartímabil skv. a-lið framlengt í vikulegan samfelldan hvíldartíma í a.m.k. 36 klukkustundir.

3. gr.

Ökutæki sem falla undir 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 eru undanþegin ákvæðum um að skrá aksturs- og hvíldartíma með ökurita. Ökumaður slíks ökutækis skal þó eftir því sem unnt er fylgja reglum um aksturs- og hvíldartíma.

Ökuriti.

4. gr.

Með vísun til 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 er eigi skylt að búa ökutæki sem falla undir 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 ökurita, enda sé ökutækið í flutningum hér á landi.

5. gr.

Ökutæki sem fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar skal frá gildistöku hennar búið ökurita.

Ábyrgð eiganda.

6. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á að ökuriti skrái hverju sinni réttar upplýsingar og sýni raunhraða ökutækisins. Hann skal og sjá til þess að allar tengingar milli aflrásar og ökurita séu innsiglaðar. Eigi sjaldnar en á sex ára fresti skal hann færa ökutækið á verkstæði sem hefur faggildingu til að yfirfara og innsigla ökuritann (sbr. b-lið 3. tölul. VI. kafla í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85).

Viðgerð og eftirlit.

7. gr.

Verkstæðismanni sem hefur kunnáttu, verkfæri og aðstöðu til að gera við ökurita og starfar á verkstæði sem er faggilt til slíkrar starfsemi er heimilt að rjúfa innsigli ökurita, gera við hann og innsigla á ný.

Verkstæðismanni sem hefur kunnáttu, verkfæri og aðstöðu til að innsigla tengingar milli aflrásar ökutækis og ökurita og starfar á verkstæði sem er faggilt til slíkrar starfsemi er heimilt, þegar nauðsynlegt er vegna viðgerðar á ökutækinu, að rjúfa innsigli ökurita og innsigla á ný.

8. gr.

Við almenna skoðun bifreiðar skal skoðunarmaður kanna hvort ökuriti starfar eðlilega, hvort uppsetningarplatan sé föst á, hvort innsigli séu órofin og hvort ökuritinn sé með gerðarviðurkenningarmerki og mæla ummál hjólbarða (sbr. a-lið 3. tölul. VI. kafla í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85).

9. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar skal fara fram í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 88/599/EBE.

10. gr.

Lögregla og mælaeftirlitsmenn (starfsmenn Vegagerðarinnar) skulu líta eftir að ökuriti sé í ökutæki sem skal búið ökurita samkvæmt reglum þessum, að ökuritinn vinni eðlilega og að hann sé notaður eins og til er ætlast, svo og að aksturs- og hvíldartími ökumanna sé í samræmi við ákvæði í reglum þessum, sbr. EBE tilskipun nr. 88/599. Fyrir byrjun hvers árs skal setja upp skipurit fyrir eftirlitsstarfsemi ársins.

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 20., 21. og 23. tölul. XIII. viðauka EES samningsins, öðlast gildi 1. maí 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ökutæki sem fellur undir ákvæði reglna þessara og er aðeins í innanlandsflutningum skal svo fljótt sem unnt er, þó ekki síðar en 31. ágúst 1995, búið ökurita samkvæmt reglum þessum. Þar til slíkt ökutæki hefur verið búið ökurita skal ökumaður skrá aksturs- og hvíldartíma í akstursbók sem ávallt skal vera í ökutækinu. Ráðuneytið getur kveðið nánar á um hvenær ökutækið skuli búið ökurita eftir því hvar á landinu það er notað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 137 24. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Stafliður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	3.151	9400-9599	9.549
1000-1999	3.917	9600-9799	9.663
2000-2199	4.258	9800-9999	9.778
2200-2399	4.488	10000-10199	9.896
2400-2599	4.721	10200-10399	9.966
2600-2799	4.948	10400-10599	10.039
2800-2999	5.181	10600-10799	10.107
3000-3199	5.394	10800-10999	10.178
3200-3399	5.638	11000-11199	10.251
3400-3599	5.853	11200-11399	10.512
3600-3799	6.102	11400-11599	10.774
3800-3999	6.329	11600-11799	11.034
4000-4199	6.568	11800-11999	11.297
4200-4399	6.761	12000-12199	11.557
4400-4599	6.957	12200-12399	11.778
4600-4799	7.153	12400-12599	11.996
4800-4999	7.349	12600-12799	12.209
5000-5199	7.543	12800-12999	12.427
5200-5399	7.662	13000-13199	12.647
5400-5599	7.782	13200-13399	12.913
5600-5799	7.902	13400-13599	13.179
5800-5999	8.021	13600-13799	13.445
6000-6199	8.141	13800-13999	13.689
6200-6399	8.218	14000-14199	13.978
6400-6599	8.294	14200-14399	14.189
6600-6799	8.414	14400-14599	14.403
6800-6999	8.490	14600-14799	14.616
7000-7199	8.520	14800-14999	14.828
7200-7399	8.586	15000-15199	15.034
7400-7599	8.654	15200-15399	15.282
7600-7799	8.719	15400-15599	15.521
7800-7999	8.786	15600-15799	15.762
8000-8199	8.920	15800-15999	16.003
8200-8399	8.985	16000-16199	16.242
8400-8599	9.052	16200-16399	16.479
8600-8799	9.119	16400-16599	16.719
8800-8999	9.186	16600-16799	16.959
9000-9199	9.318	16800-16999	17.199
9200-9399	9.435		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17.000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 240 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17.000 kg. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast þegar gildi. Frá og með sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 32/1994.

Fjármálaráðuneytið, 24. febrúar 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bergþór Magnússon.

Nr. 138 3. mars 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993.

1. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. Liður 16.02 (3) orðist svo:
Hjólbarðar fyrir ökutæki sem er 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd skulu vera negldir sem hér segir:
   a. Lengd nagla út úr nýnegldum hjólbarða má að meðaltali ekki vera meiri en 1,2 mm.
   b. Lengd nagla út úr hjólbarða má ekki vera minni en 0,9 mm.
   c. Hámarksfjöldi nagla má vera sem hér segir:
      90 fyrir felgustærð til og með 13"
      110 fyrir felgustærð yfir 13" til og með 15"
      150 fyrir felgustærð yfir 15".
   d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 1,4 g. Í hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarði) má þyngd hvers nagla þó mest vera 3 g.
   e. Hámarks stöðukraftur nagla (sá kraftur sem þarf til þess að þrýsta nagla sem stendur 1,2 mm út úr sóla hjólbarða með eðlilegum loftþrýstingi inn þannig að hann sé sléttur við sólann) má við 20 °C (± 4 °C) mestur vera:
      - 120 N fyrir hjólbarða sem ætlaður er undir fólksbifreið.
      - 340 N fyrir hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarða).
   f. Í hjólbarða sem er yfir 760 mm (30 þumlungar) í þvermál og ætlaður er undir torfærubifreið (jeppa) er heimilt að nota nagla sem hver um sig er allt að 4,7 g og mesta stöðukraft við 20 °C (± 4 °C) 380 N.

b. Liður 16.02 (4) orðist svo:
Hjólbarðar fyrir ökutæki sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skulu vera negldir sem hér segir:
   a. Lengd nagla út úr nýnegldum hjólbarða má að meðaltali ekki vera meiri en 1,7 mm.
   b. Lengd nagla út úr hjólbarða má ekki vera minni en 0,9 mm og ekki meiri en 2 mm.

c. Hámarksfjöldi nagla má vera sem hér segir:
110 fyrir felgustærð til og með 15"
150 fyrir felgustærð yfir 15". Naglarnir mega þó vera allt að 200 ef útfærsla og ísetning þeirra er í samræmi við ákvæði sem gilda um hjólbarða sem ætlaðir eru undir torfærubifreið (jeppa) eða sendibifreið.
d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 5,2 g.
e. Hámarks stöðukraftur nagla má við 20 °C (± 4 °C) mestur vera 400 N.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um hjólbarða sem teknir verða í notkun frá 1. september 1995, nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. maí 1995. Til þess tíma gilda ákvæði reglugerðar nr. 411/1993.

Heimilt er nú þegar að negla hjólbarða samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

3. mars 1995 Nr. 139

REGLUGERÐ

um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

ADR-samningurinn: Evrópusamningur um millilandaflutninga á vegum á hættulegum farmi (ADR) sem gerður var í Genf 30. september 1957.

Flutningar á vegum: Allur akstur ökutækis til flutninga með hættulegan farm á vegum opnum fyrir almennri umferð.

Hættulegur farmur: Varningur sem inniheldur hættulegt efni sem um getur í ADR-samningnum.

Vottorð um starfsþjálfun: Vottorðið sem kveðið er á um í viðbæti B. 6 við ADR-samninginn.

Bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun: Vottorð sem kveðið er á um í viðbæti B. 6 við ADR-samninginn og gildir eingöngu fyrir flutninga innanlands.

Gildissvið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um starfsþjálfunarvottorð til handa ökumönnum sem annast innanlands- og millilandaflutninga með hættulegan farm á vegum með:

a. ökutækjum með leyfða heildarþyngd meiri en 3500 kg og ef flutt er meira magn hættulegs farms en fram kemur í viðauka I. Ef um sprengiefni eða sprengifima hluti er að ræða gildir ákvæðið einnig þótt leyfð heildarþyngd ökutækis sé 3500 kg eða minni,
b. tankbifreiðum eða flutningseiningum sem samanstanda af tönkum eða fargeymum með meira en 3000 lítra rými og/eða yfir 3500 kg leyfðri heildarþyngd. Þetta gildir bæði þegar bifreiðirnar eða flutningseiningarnar flytja hættulegan farm og þegar búið er að losa hinn hættulega farm áður en tankarnir hafa verið hreinsaðir og/eða afgasaðir.

Starfsþjálfun.

3. gr.

Nám sem ökumaður þarf að stunda til að fá vottorð um starfsþjálfun skal bæði vera bóklegt og verklegt og samþykkt af prófnefnd.

Þessi þjálfun hefur að meginmarkmiði að gera stjórnendum ökutækja grein fyrir hættunni sem fylgir flutningum með hættulegan farm og kenna þeim nauðsynleg grundvallaratriði til að draga sem verða má úr slysahættu, og beri slys að höndum að þeir bregðist rétt við til að verja sjálfa sig og umhverfið og draga úr áhrifum slyssins.

Í þjálfuninni skal a.m.k. farið yfir það námsefni sem talið er upp í viðauka II. Náminu skal ljúka með prófi.

Vottorð um starfsþjálfun.

4. gr.

Ökumaður sem annast flutning á hættulegum farmi á vegum, sbr. 2. gr., skal hafa gilt vottorð um starfsþjálfun.

Heimilt er að framlengja gildistíma vottorðsins í fimm ár í senn þegar handhafi þess:

a. hefur áður en gildistími vottorðsins rann út lokið endurmenntunarnámskeiði sem samþykkt er af prófnefnd og staðist próf, eða
b. getur sannað fyrir prófnefnd að hann hafi verið samfellt við störf frá því að vottorð hans var gefið út eða síðast endurnýjað. Árstíðabundin stöðvun, frídagar og hlé, allt að sex mánuðum á tólf mánuðum, er heimil.

Prófnefnd.

5. gr.

Þriggja manna prófnefnd skal sjá um framkvæmd prófa og um undirbúning fyrir útgáfu og afgreiðslu vottorða um starfsþjálfun til handa stjórnendum ökutækja sem flytja hættulegan farm. Einn nefndarmanna skal tilnefndur af dómsmálaráðuneytinu, einn af samgönguráðuneytinu og einn af félagsmálaráðuneytinu og er hann formaður nefndarinnar.

6. gr.

Hlutverk nefndar samkvæmt 5. gr. er að gera námskrá fyrir nám til undirbúnings þess að öðlast vottorð um starfsþjálfun og hafa yfirumsjón með námskeiðum samkvæmt 7. gr.

Framkvæmd.

7. gr.

Vinnueftirlit ríkisins annast framkvæmd námskeiða í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og gefur út vottorð um starfsþjálfun til þeirra sem lokið hafa prófi, undir yfirumsjón prófnefndar. Það sér um að útvega námsefni, innheimta námskeiðsgjöld og að greiða kostnað sem af námskeiðum og prófum hlýst.

Heimilt er atvinnurekendum, ökuskólum, félagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum eða öðrum sem hafa ökumenn í vinnu sem aka ökutæki sem flytur hættulegan farm að halda námskeið til að undirbúa þá sem öðlast vilja vottorð um starfsþjálfun. Sá aðili sem heldur námskeiðið skal greiða kostnað af prófi og útgáfu vottorðs um starfsþjálfun.

Sérstakt eftirlit á vegum.

8. gr.

Lögreglan skal hafa eftirlit með að stjórnandi ökutækis sem flytur hættulegan farm hafi meðferðis vottorð um starfsþjálfun. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með að fyrirtæki sem flytja hættulegan farm hafi í sinni þjónustu ökumenn með gild vottorð um starfsþjálfun.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 24. tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 89/684/EBE), og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar og umhverfisráðuneytið hvað þátt Hollustuverndar ríkisins varðar, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem annast flutninga sem krefjast starfsþjálfunarvottorðs samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skulu hafa hlotið slíkt vottorð fyrir 30. júní 1995.

Prófnefnd er heimilt að veita stjórnanda ökutækis sem flytur hættulegan farm bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun til tveggja ára án þess að hann hafi farið á námskeið eða gengist undir próf eins og mælt er fyrir um í 3. gr., enda leggi hann fram umsókn um slíkt vottorð innan 6 mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar og leggi fram sönnun þess að hann hafi a.m.k. síðustu fimm árin starfað sem stjórnandi slíks ökutækis. Til þess að fá vottorð um starfsþjálfun þarf hlutaðeigandi að hafa sótt námskeið og tekið próf skv. 3. gr.

Til 31. desember 1998 er prófnefnd heimilt, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, að undanþiggja frá þessari reglugerð að hluta eða í heild, yfir tveggja ára tímabil, í afskekktum byggðarlögum, sem unnt er að framlengja í önnur tvö ár, ökumenn ökutækja sem einungis annast innanlandsflutninga með varning sem skapar litla hættu (t.d. dísilolíu) eða er lítill mengunarvaldur vegna sérstakra eiginleika hans eða vegna þess að flutt er lítið magn.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Viðauki 1.

Hámarksmagn sem flytja má á flutningatæki án vottorðs um starfsþjálfun (byggt á spássíunr. 10011 í ADR-samningnum).

Flokkur	Undirflokkar/Efni	Magn kg
1 Sprengiefni	1, 3, 5-7, 9, 10, 12, 13, 15, 17-19, 21-23, 25, 27, 30-32, 34	50
	2, 4, 8, 11, 24, 48	5
	26, 29, 33	20
	35-37, 39-41, 43	500
	47	ótakmarkað
	48	20
2 Lofttegundir	3 (ct) cýanógenklóríð	5
	3 (at) fosgen, 1 (at) flúor	50
	1(a) og (b), 2(a) og (b) **Lofttegundir undir þrýstingi**	1000
	Önnur efni og tómar umbúðir undan: (at), (bt), (c) eða (ct) **Eitraðar lofttegundir**	333
3 Eldfimir vökvar	8, 12, 13 og efni undir (a) í 11 og 14-26 **Eldfim, eitruð og ætandi efni**	5
	Efni í (b) í 11 og 14-26 **Eldfim, eitruð og ætandi efni (minna)**	100
	1(a), 2(a) og (b), 3(b), 4(a) og (b), 5(a), 6(a), 6(b) og 7(b) **Eldfim efni með blossamark < 21 °C** t.d. bensín	333
	32(c) og 34(c) **Eldfim efni með blossamark < 55 °C-100°C** t.d. dísilolía	1000
	Önnur efni	500
4.1 Eldfim föst efni	1(b) og 2(c) **Gúmmíafgangar, eldspýtur**	ótakmarkað
	6(c) og 11(c) **Naftalen, fosfór, brennisteinn o.fl.**	333
	21-36 **Sprengiefni í ósprengifimu ástandi t.d. í vatnslausn**	5
	Önnur efni	50
4.2 Efni með hættu á sjálfsíkveikju	1(c) **Kol, sót, virk kol**	ótakmarkað
	Undir (b)	333
	Undir (c)	1000
4.3 Efni sem mynda eldfimar lofttegundir með vatni	11(a), 13(a), 14(a) og 16(a)-18(a) **Alkalímálmar, ýmis málmduft og karbíð (ekki kalsíumkarbíð)**	5
	11(b)-17(b) **Jarðalkalímálmar, minna hvarfgjörn málmduft, kalsíumkarbíð**	333
	11(c)-15(c) **Ýmis málmsambönd t.d. FeSi**	1000

Flokkur	Undirflokkar/Efni	Magn kg
5.1 Eldnærandi efni	Efni undir (a)	50
	Efni undir (b)	100
	Efni undir (c)	500
	5 **Halógeneruð flúrorsambönd**	20
5.2 Lífræn peroxíð	5, 6, 15, 16	20
	7-10, 17-20	50
6 Eiturefni	Efni undir (c)	100
	Efni undir (b)	50
	Önnur efni (að undanteknum 1 og 2)	20
7 Geislavirk efni	Sérstaklega gert grein fyrir í nr. 2704	Ótakmarkað
8 Ætandi efni	1(a), 2(a), 6, 8(b), 21(a), 22(b), 24, 25, 26(a), 36(a), 37(a), 44(a), 53(a) **Sterk ætandi efni t.d. bróm, hýdrasín, óleum, saltpéturssýra, brennisteinssýra, flússýra**	20
	21(b), 26(b), 33(b), 36(b), 37(b), 44(b), 52(c), 53(c), önnur efni undir (a) og (b) **Ætandi efni**	100
	Önnur efni	500
9 Ýmis hættuleg efni	**Litíumrafhlöður, blátt og brúnt asbest**	50
	Hvítt asbest, björgunarbúnaður	100
1,2 (aðeins undir (a) og (b), 3, 4.1, 4.2, 4.3, 5.1, 5.2, 6.1, 8.9	**Tómar umbúðir (þ.m.t. hylki, ekki tankar)**	Ótakmarkað

Ath.

* Miðað er við brúttóþyngd í öllum tilfellum nema þegar um 50 kg eða minna af sprengiefni er að ræða þá er miðað við nettóþyngd.

* Ef fluttur er hættulegur farmur úr mismunandi flokkum skal samanlagt hlutfall af uppgefnum mörkum ekki vera stærri en 1.

* Vísað er til ADR-samningsins varðandi nánari upplýsingar um einstaka flokka. Vinnueftirlit ríkisins getur gefið upplýsingar um hann.

Viðauki II.

Námskeiði til undirbúnings þess að öðlast vottorð um starfsþjálfun skal ljúka með prófi og skal próftaki a.m.k. kunna skil á eftirtöldu námsefni:

a. almennum fyrirmælum um flutning á hættulegum farmi,
b. helstu áhættuþáttum,
c. forvörnum og öryggisráðstöfunum sem eiga við mismunandi tegundir áhættu,

d. hvað gera skal þegar slys eða óhapp ber að höndum (hjálp í viðlögum, umferðaröryggi, grundvallarþekking á notkun varnarbúnaðar, o.s.frv.),
e. hættumerkingum og viðvörunarskiltum,
f. hvað stjórnanda ökutækis ber eða ber ekki að gera þegar hættulegur farmur er fluttur,
g. tilgangi og stjórnun tæknibúnaðar ökutækis sem notað er til að flytja hættulegan farm,
h. banni við að blanda tilteknum efnum í farmi í sama ökutæki eða gámi,
i. varúðarráðstöfunum sem huga ber að við fermingu og affermingu á hættulegum farmi og
j. meðhöndlun og hleðslu pakka sem hættulegan farm.

Stjórnendur ökutækja sem flytja hættulegan farm í tönkum þurfa einnig, til að öðlast vottorð um starfsþjálfun, að kunna skil á aksturseiginleikum ökutækis sem flytur tanka eða fargeyma, þar með talið hreyfingu farms.

Nr. 140 23. febrúar 1995

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skefilsstaðahreppi, Skarðshreppi, Sauðárkrókskaupstað, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 25 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd eða framkvæmdanefnd hennar skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna) og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Héraðsnefnd Skagfirðinga greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa við störf samvinnunefndar/framkvæmdanefndar. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af héraðsnefnd Skagfirðinga ef fundurinn er haldinn í héraði en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn utan Skagafjarðar.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra og að hálfu af héraðsnefnd Skagfirðinga. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl 1998. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 566/1994 með sama heiti.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 189/1988,
um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins.**

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr málsliður, sem orðast svo:

Ákvæði 4. málsl. gildir ekki ef slíkt er óheimilt skv. milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 3. mars 1995.

F. h. r.
Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 142 23. febrúar 1995

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 588/1993
um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.**

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi ml.:

Á kartöfluumbúðum skal koma skýrt fram tegundarheiti.

2. gr.

Við 44. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi mgr.:

Þegar kartöflur eru seldar í lausri vigt skal merkja með áberandi hætti hvaða tegund er um að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

um norrænt umhverfismerki.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Umsóknargjald er kr. 100.000.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt í sérstökum tilfellum að lækka umsóknargjaldið að fenginni umsögn stjórnar umhverfismerkisráðs.

3. gr.

Árgjald vöru sem ber norræna umvherfismerkið er 0,4% af ársveltu af árinu á undan.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 65/1994 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

1. gr.

Við 6. gr. bætist svohljóðandi mgr.:

Undanþegin ákvæði 1. mgr. eru vetnisklórflúorkolefni. Söluaðilar skulu halda sérstaka skrá yfir allan útflutning þessara efna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993 og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 21. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Sauðárkrók.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpurðunargjald).

2. gr.

Gjald fyrir íbúðir og íbúðarhúsnæði, sbr. 7. gr. samþykktar nr. 97/1995 um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað, er sem hér segir.

Vegna fyrsta íláts	kr.	4.000
Vegna hvers viðbótaríláts	kr.	3.000

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks innheimtir sorpurðunargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 97/1995 um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað.

Fyrirtækjum er raðað í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar, miðað við magn og umfang úrgangs.

Flokkunin er sem hér segir:

Flokkur 1	kr.	4.000
Flokkur 2	kr.	25.000
Flokkur 3	kr.	75.000
Flokkur 4	kr.	150.000
Flokkur 5	kr.	300.000

Gjalddagar eru tveir, 1. mars og 1. maí. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

1. gr.

Í stað 3. og 4. málsl. 1. mgr. 5. gr. kemur: Á sama hátt er starfsemi vinnuskóla fyrir nemendur undir 16 ára aldri undanþegin virðisaukaskatti svo og sumarvinna skólafólks á aldrinum 16 til 25 ára enda sé um að ræða þjónustu í eigin þágu sveitarfélags.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

a. Fyrir orðin „sveitarfélögum og ríkisstofnunum" kemur: ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.
b. Við 1. tölulið bætist nýr málsliður er verður annar málsliður svohljóðandi: Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt sem sveitarfélög greiða vegna leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar söfnunar sorps.
c. Við greinina bætist nýr töluliður er verður 6. töluliður svohljóðandi: Vinna við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

3. gr.

Reglugerð þessi, er sett með stoð í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 1995. Ákvæði stafliðar c. í 2. gr. fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Jón Guðmundsson.

23. febrúar 1995 Nr. 147

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald	kr.	6.600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald	kr.	3.300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr. 3.300
Fyrirtæki flokkur 2	Sorpeyðingargjald	kr. 6.600
Fyrirtæki flokkur 3	Sorpeyðingargjald	kr. 20.000
Fyrirtæki flokkur 4	Sorpeyðingargjald	kr. 40.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 148 22. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 282/1994 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206, 2208 eða 0403.9003 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 22. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1995

14. mars 1995 305 Nr. 149

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1995.

1. gr.

Frá kl. 20.00 þriðjudaginn 11. apríl 1995 til kl. 10.00 árdegis miðvikudaginn 26. apríl 1995, eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7N og 24°26'V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesi (aukavita).
3. Innan þriggja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru hrognkelsaveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 22

Gutenberg

REGLUGERÐ

um sameiningu úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta.

1. gr.

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta fyrir neðangreind stéttarfélög og félagasambönd skulu sameinaðar svo sem hér segir:

1. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Iðju, félag verksmiðjufólks,
   Starfsmannafélagið Sókn,
   Verkakvennafélagið Framsókn.

2. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,
   Félag flugumsjónarmanna á Íslandi,
   Félag íslenskra atvinnuflugmanna,
   Flugfreyjufélag Íslands,
   Flugvirkjafélag Íslands,
   Vélstjórafélag Íslands.

3. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Sjómannafélag Reykjavíkur,
   Verkamannafélagið Dagsbrún.

4. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Félag bókagerðarmanna,
   Félag framreiðslumanna,
   Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina,
   Félag starfsfólks í veitingahúsum,
   Samband íslenskra bankamanna.

5. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun,
   Rafiðnaðarsamband Íslands,
   Verslunarmannafélag Reykjavíkur.

6. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
   Blaðamannafélag Íslands,
   Bifreiðastjórafélagið Sleipni,
   Félag garðyrkjumanna,
   Félag leiðsögumanna,
   Málarafélag Reykjavíkur,
   Málm- og skipasmiðasamband Íslands,
   Múrarafélag Reykjavíkur,

Stéttarfélag verkfræðinga,
Sveinafélag pípulagningamanna,
Trésmiðafélag Reykjavíkur,
Tæknifræðingafélag Íslands,
Verkstjórasamband Íslands.

7. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
Félag aðstoðarfólks tannlækna,
Félag grafiskra teiknara,
Félag íslenskra hljómlistarmanna,
Félag íslenskra leikara,
Félag leikstjóra á Íslandi,
Félag tækniteiknara,
Stéttarfélag íslenskra lyfjafræðinga.

8. Úthlutunarnefnd í Reykjavík fyrir:
Bakarasveinafélag Íslands,
Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna,
Félag matreiðslumanna,
Mjólkurfræðingafélag Íslands.

9. Úthlutunarnefnd í Hafnarfirði fyrir:
Verkamannafélagið Hlíf,
Verkakvennafélagið Framtíðina,
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar,
Sjómannafélag Hafnarfjarðar,
Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði.

10. Úthlutunarnefnd í Keflavík, Njarðvík og Höfnum fyrir:
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis,
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Iðnsveinafélag Suðurnesja,
Múrarafélag Suðurnesja,
Vélstjórafélag Suðurnesja.

11. Úthlutunarnefnd í Grindavík, Sandgerði og Gerðahreppi fyrir:
Verkalýðsfélag Grindavíkur,
Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur,
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis,
Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps.

12. Úthlutunarnefnd á Akranesi og í Borgarbyggð fyrir:
Verkalýðsfélag Akraness,
Verslunarmannafélag Akraness,
Verkalýðsfélagið Hörð,
Verkalýðsfélag Borgarness,
Verslunarmannafélag Borgarness.

13. Úthlutunarnefnd í Snæfellsbæ og Stykkishólmi fyrir:
Verkalýðsfélag Stykkishólms,
Verkalýðsfélagið Stjörnuna,
Verkalýðsfélagið Jökul,
Verkalýðsfélagið Aftureldingu.

14. Úthlutunarnefnd í Dalasýslu og í Reykhólasveit fyrir:
Verkalýðsfélagið Val,
Verkalýðsfélagið Gretti.

15. Úthlutunarnefnd á Ísafirði, Bolungarvík, Súðavík, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri fyrir:
Sjómannafélag Ísfirðinga,
Vélstjórafélag Ísafjarðar,
Verkalýðsfélagið Baldur,
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur,
Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga,
Verkalýðsfélagið Skjöld,
Verkalýðs- og sjómannafélagið Súganda,
Verkalýðsfélagið Brynju.

16. Úthlutunarnefnd í Vesturbyggð og á Tálknafirði fyrir:
Verkalýðsfélag Patreksfjarðar,
Verkalýðs- og sjómannafélag Barðastrandar,
Verkalýðsfélagið Vörn,
Verkalýðs- og sjómannafélag Tálknafjarðar.

17. Úthlutunarnefnd í Strandasýslu fyrir:
Verkalýðsfélag Hólmavíkur,
Verkalýðsfélag Kaldrananeshrepps.

18. Úthlutunarnefnd á Brú, Hvammstanga, Blönduósi og Skagaströnd fyrir:
Verkalýðsfélag Hrútfirðinga,
Verkalýðsfélagið Hvöt,
Verkalýðsfélag A-Húnvetninga,
Verkalýðsfélag Skagastrandar.

19. Úthlutunarnefnd í Skagafirði fyrir:
Iðnsveinafélag Skagafjarðar,
Verkamannafélagið Fram,
Verkakvennafélagið Ölduna,
Verslunarmannafélag Skagafjarðar.

20. Úthlutunarnefnd á Sigufirði fyrir:
Verkalýðsfélagið Vöku.

21. Úthlutunarnefnd á Akureyri og nágrenni fyrir:
Verkalýðsfélagið Einingu á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og í Hrísey,
Iðju, félag verksmiðjufólks,
Félag byggingarmanna í Eyjafirði,
Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri,
Sjómannafélag Eyjafjarðar.

22. Úthlutunarnefnd á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn fyrir:
Verkalýðsfélag Húsavíkur,
Verslunarmannafélag Húsavíkur,
Byggingamannafélagið Árvakur,
Sveinafélag járniðnaðarmanna,
Verkalýðsfélag Presthólahrepps,
Verkalýðsfélag Raufarhafnar.

23. Úthlutunarnefnd á Þórshöfn, Bakkafirði og Vopnafirði fyrir:
Verkalýðsfélag Þórshafnar,
Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps,
Verkalýðsfélag Vopnafjarðar.

24. Úthlutunarnefnd á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Borgarfirði eystri fyrir:
Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs,
Verslunarmannafélag Austurlands,
Verkamannafélagið Fram,
Verkakvennafélagið Brynju,
Verkalýðsfélag Borgarfjarðar.

25. Úthlutunarnefnd á Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði fyrir:
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar,
Verkamannafélagið Árvakur,
Verkalýðsfélag Norðfirðinga.

26. Úthlutunarnefnd á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi og Höfn fyrir:
Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar,
Verkalýðs- og sjómannafélag Stöðvarfjarðar,
Verkalýðsfélag Breiðdælinga,
Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs,
Verkalýðsfélagið Jökul.

27. Úthlutunarnefnd á Hellu, Vík og Kirkjubæjarklaustri fyrir:
Verkalýðsfélagið Rangæing,
Verkalýðsfélagið Víking,
Verkalýðsfélagið Samherja.

28. Úthlutunarnefnd í Árnessýslu fyrir:
Félag byggingarmanna í Árnessýslu,
Félag járniðnaðarmanna í Árnessýslu,
Múrarafélag Suðurlands,
Verkalýðsfélagið Þór,
Verslunarmannafélag Árnessýslu,
Verkalýðsfélagið Boðann,
Verkamannafélagið Báruna,
Verkalýðs- og sjómannafélagið Bjarma.

29. Úthlutunarnefnd í Vestmannaeyjum fyrir:
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi,
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja,
Sjómannafélagið Jötun,
Vélstjórafélag Vestmannaeyja,
Verkakvennafélagið Snót.

2. gr.

Tilkynna skal Atvinnuleysistryggingasjóði um skipan úthlutunarnefndar og allar breytingar sem á henni verða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 25. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sbr. a-lið 14. gr. laga nr. 127/1993, tekur gildi 1. apríl 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stéttarfélög og félagasambönd, sem skv. 1. gr. hafa sameiginlega úthlutunarnefnd, skulu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar tilnefna sameiginlega þrjá aðalmenn og þrjá til vara í nefndina. Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasambandið skulu fyrir sama tíma tilnefna einn aðalmann og einn varamann hvor aðili í hverja úthlutunarnefnd.

Félagsmálaráðuneytið, 9. mars 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1995

14. mars 1995 311 Nr. 151

REGLUGERÐ

um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur SDR og ECU.

1. gr.

Gengisvísitala er kaupgengi opinbers viðmiðunargengis Seðlabanka Íslands 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópsku mynteininguna (ECU) og breytist fyrsta dag hvers mánaðar. Falli gengisskráning niður á hinum ofangreinda viðmiðunardegi skal síðasta skráða kaupgengi opinbers viðmiðunargengis Seðlabankans á SDR eða ECU lagt til grundvallar.

Innborganir á innlánsreikninga banka og sparisjóða, sem tengdir eru SDR eða ECU gengisvísitölu, miðist við hlutaðeigandi gengisvísitölu eins og hún er ákveðin skv. 1. mgr. fyrsta dag næsta mánaðar en beri sérstakar verðbætur hlutaðeigandi banka eða sparisjóðs innan mánaðar. Útborganir af reikningum þessum innan mánaðar bera einnig sérstakar verðbætur frá fyrsta degi útborgunarmánaðar til útborgunardags.

2. gr.

Heimilt er að lána út fé með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við gengisvísitölu SDR og ECU, sbr. 1. gr.

3. gr.

Seðlabankinn skal mánaðarlega auglýsa í Lögbirtingablaði gengisvísitölur skv. 1. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 13/1995 um breytingu á þeim, öðlast gildi 1. apríl 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540/1988, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við reikningsgengi SDR og ECU og reglugerð nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár og auglýsing nr. 19/1989, um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Viðskiptaráðuneytið, 14. mars 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Þorkell Helgason.

Gutenberg

REGLUR

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o. fl.

I. Almenn ákvæði um verðtryggingu.

1. gr.

Sparifé og lánsfé með vísitölutryggingu skal miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

2. gr.

Gengisbinding miðist við gengisvísitölu, sem auglýst er með gildistöku frá og með 1. degi hvers mánaðar og er hið sama og skráð opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU). Falli gengisskráning niður skal síðasta skráða opinbera viðmiðunargengi (kaupgengi) SDR eða ECU á ofangreindum viðmiðunardegi lagt til grundvallar. Seðlabankinn auglýsir gengisvísitölur, sem gilda í hverjum mánuði, í Lögbirtingablaðinu.

Innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum (IG reikningum) lúta hins vegar ákvæðum reglugerðar nr. 679/1994, sbr. auglýsingu Seðlabankans um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa frá 16. janúar 1995.

3. gr.

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár vísast að öðru leyti til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

II. Verðtryggðir innlánsreikningar í bönkum og sparisjóðum.

4. gr.

Innlánsstofnunum er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu að innstæða sé bundin í 12 mánuði eða lengur.

Innlánsstofnunum er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflega umsömdum binditíma í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.

2. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 12 mánuði, þar sem vísitölubinding nær til óhreyfðrar innstæðu í hverjum mánuði, en innstæða umfram það beri nafnvexti.

3. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.

4. Á skyldusparnaðarreikningum ungmenna hjá innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins skv. ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

5. gr.

Fyrir innstæðu á reikningi skal gefa út stofnskírteini, viðtökuskírteini eða bók. Innlánsstofnun skráir fullt nafn og heimilisfang reikningseiganda skv. 48. gr. laga nr. 43/1993, ásamt kennitölu.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á þann hátt sem segir í næstu þremur málsgreinum.

Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu sé innstæða gengisbundin, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa.

Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysluverðs, eða gengisvísitölu, sé innstæða gengisbundin, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.

Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölu- eða gengisfærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.

III. Verðtryggð útlán.

6. gr.

Lán með ákvæði um að höfuðstóll láns miðist að fullu við vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu skulu vera til tveggja ára hið minnsta.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu frá grunnvísitölu eða grunngengi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni eða genginu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll lánsins breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala eða grunngengi skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Leitast skal við að hafa gjalddaga á sama degi mánaðar og lán er veitt, þannig að tímabilið frá lánveitingu til fyrsta gjalddaga teljist einnig í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

IV. Jöfnuður verðtryggðra eigna og skulda innlánsstofnana.

7. gr.

Í reglulegum skýrslum (mánaðarskýrslum), eða sérstökum mánaðarlegum skýrslum innlánsstofnana og annarra lánastofnana til Seðlabankans, skal koma fram hve miklar verðtryggðar eignir og skuldir eru svo unnt sé að reikna í hverjum mánuði hlutfallið milli mismunar verðtryggðra eigna og skulda annars vegar og eigin fjár hins vegar. Með eigin fé í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og lögum um aðrar lánastofnanir en banka og sparisjóði nr. 123/1993.

Með verðtryggðum eignum er hér átt við allar eignir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. þ.e.a.s. verðtryggð útlán, verðtryggð skuldabréf og verðtryggðar innstæður í öðrum bönkum, þ.m.t. bundnar innstæður í Seðlabanka, séu þær verðtryggðar. Ennfremur skal telja með verðtryggðum eignum vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á eignahlið.

Með verðtryggðum skuldum er hér átt við allar skuldir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. Með verðtryggðum skuldum telst því allt fé á sparireikningum þeim sem taldir eru í 4. gr. og útistandandi verðtryggð verðbréf sem hlutaðeigandi innlánsstofnun eða önnur lánastofnun hefur gefið út. Ennfremur skal telja með verðtryggðum skuldum vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á skuldahlið.

8. gr.

Innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir skulu stefna að því að koma á jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda eigi síðar en frá árslokum 1995. Sé mismunur verðtryggðra eigna og skulda stofnunar meiri en sem svarar 20% af eigin fé hennar og fer einhverju sinni hækkandi að meðaltali frá einum ársfjórðungi til annars skal hlutaðeigandi stofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að fyrir árslok 1995 verði umrætt hlutfall orðið lægra en 20%. Ráðstafanirnar skulu kynntar Seðlabankanum skriflega.

V. Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995 og reglugerðar nr. 151/1995, öðlast gildi 1. apríl 1995, og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 23. júní 1994.

Reykjavík, 16. mars 1995.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Steingrímur Hermannsson.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1995

2. mars 1995 315 Nr. 153

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð um Byggðastofnun, nr. 51/1992, með síðari breytingu.

1. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. falli brott 10. tölul.

2. gr.

Í 8. gr. falli brott 7. tölul.

3. gr.

10. og 11. gr. falli brott. Greinar 12 til og með 26 breytist í samræmi við það í greinar 10 til og með 24.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 54/1985, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 2. mars 1995.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

1. mars 1995 Nr. 154

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Garðabæ nr. 159/1993.

1. gr.

2. og 3. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra.

I. KAFLI
Fagleg þjónusta.

1. gr.

Svæðisskrifstofur skulu veita fjölskyldum fatlaðra barna faglega þjónustu, ráðgjöf og leiðbeiningar, sbr. 23. gr. reglugerðar um svæðisskrifstofur nr. 273/1993. Jafnframt skulu svæðisskrifstofur vera samræmingaraðili í þjónustu við fötluð börn á svæðinu. Ávallt skal leitast við að fötluð börn njóti almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

II. KAFLI
Stuðningsfjölskyldur.

Almenn atriði.

2. gr.

Fjölskyldur fatlaðra barna skulu eiga kost á stuðningsfjölskyldu og skulu svæðisskrifstofur beita sér fyrir því að þær sé að finna eftir því sem þörfin segir til um.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um að stuðningsfjölskyldan láti í té sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í þeim kröfum sem gerðar eru til uppeldis barnsins.

Heimilt er, eftir mati, að veita fjölskyldum fatlaðra, 18 ára og eldri, kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna.

3. gr.

Þeir sem hyggjast notfæra sér stuðningsfjölskyldu skulu snúa sér til viðkomandi svæðisskrifstofu sem sér um tihögun dvalar og umsjár, svo og samningsgerð þar að lútandi.

Skyldur svæðisskrifstofu.

4. gr.

Við val á stuðningsfjölskyldu skal svæðisskrifstofa kanna vandlega heimilishagi og aðstæður í þeim tilgangi að meta hæfni og möguleika viðkomandi fjölskyldu til að sinna hlutverki sínu.

Tekið skal tillit til óska forráðamanna hins fatlaða við val á stuðningsfjölskyldu.

Heimilt er svæðisskrifstofu að fara fram á að eldvarnareftirlit sveitarfélags athugi ástand rafmagns og útgönguleiðir á heimili stuðningsfjölskyldu.

Heimilt er að óska eftir því að stuðningsforeldrar framvísi læknisvottorði og sakavottorði.

5. gr.

Svæðisskrifstofu ber að sjá til þess að stuðningsfjölskyldur fái nauðsynlegar upplýsingar um þann einstakling sem þær taka í umsjá sína, m.a. með því að stuðla að kynnum milli fjölskyldu hins fatlaða og stuðningsfjölskyldu.

6. gr.

Svæðisskrifstofur skulu veita stuðningsfjölskyldum fræðslu, ráðgjöf og stuðning, auk þess að hafa eftirlit með starfsemi þeirra.

7. gr.

Svæðisskrifstofur skulu sjá til þess að stuðningsfjölskyldur undirriti þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem þær fá um einkahagi hins fatlaða og fjölskyldu hans. Þagnarskylda helst eftir að störfum er lokið.

Samningsgerð.

8. gr.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi, milli svæðisskrifstofu og stuðningsfjölskyldu, og miðast við ákveðið tímabil.

Í samningi skal m.a. kveðið á um:

1. Dvalartíma. Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu. Dvalartími fer eftir aðstæðum og er samningsatriði í hverju tilviki innan eftirfarandi ramma: Samfelld dvöl fari að jafnaði ekki yfir þrjá sólarhringa á mánuði samanlagt, en getur þó, samkvæmt sérstöku mati, numið samtals allt að fimm sólarhringum á mánuði. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þörf á dagsdvöl, sbr. 12. gr.
2. Fjölda barna. Eigi er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón nema tveggja fatlaðra barna, sem dvelja í senn, nema um sé að ræða systkini.
3. Greiðslu skv. 11. gr.

Samningar skulu gerðir á þar til gerðum eyðublöðum félagsmálaráðuneytis.

Skyldur stuðningsfjölskyldu.

9. gr.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á velferð barns meðan á dvöl hjá henni stendur og skal hlúa að barninu á sem víðtækastan hátt. Þetta á jafnt við um fæðuval, tilfinningalíf og heilsufars- og félagslega líðan barns.

Óheimilt er að beita barn líkamlegri hirtingu.

Stuðningsfjölskylda skal virða 10. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, þess efnis að viðhafa ekki tóbaksreykingar í návist þeirra barna sem þjónustunnar njóta.

Um þagnarheit vísast til 7. gr.

Skyldur forráðamanna barns.

10. gr.

Ákvörðun um dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu er á ábyrgð forráðamanna barns.

Forráðamenn skulu upplýsa stuðningsfjölskyldu um það sem er mikilvægt velferð barnsins, þ. á m. ef barn er haldið ákveðnum sjúkdómi.

Aðlögun að vist hjá stuðningsfjölskyldu skal miðuð við þarfir barnsins. Æskilegt er að forráðamaður dvelji hjá barni sínu í upphafi vistunar eftir nánara samkomulagi við stuðningsfjölskyldu.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu.

11. gr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru stigskiptar eftir fötlun og umönnunarþörf.

1. fl. Börn algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.

2. fl. Börn sem þurfa verulega aðstoð með athafnir daglegs lífs og gæslu.

3. fl. Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. fl. 1 og 2, en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.

Svæðisskrifstofu ber að leggja til grundvallar ofangreindri flokkun tillögur sínar um greiðslur vegna umönnunar- og gæsluþarfar, sbr. reglugerð nr. 150/1992, á þann veg að 1. fl. samsvari fl. 1, 2. fl. samsvari fl. 2 og 3 og 3. fl. samsvari fl. 4 og 5.

Greiðslur skulu vera samkvæmt launaflokki 506-230 6. þrep BSRB sem er nú 56.603 kr.

Um greiðslu fyrir sólarhringsþjónustu fer með eftirfarandi hætti:

1. fl. Greiðsla miðast við 10% af lfl. 506-230 6. þrep sem er nú 5.660 kr.

2. fl. Greiðsla miðast við 7,7% af lfl. 506-230 6. þrep sem er nú 4.358 kr.

3. fl. Greiðsla miðast við 5,8% af lfl. 506-230 6. þrep sem er nú 3.283 kr.

Greiðslur fara fram hjá ríkisféhirði.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna skerða ekki aðrar greiðslur eða þjónustu sem hinn fatlaði eða aðstandendur hans kunna að njóta.

12. gr.

Heimilt er í undantekningartilvikum að semja um dvöl hjá stuðningsfjölskyldu, hluta úr sólarhring og er þá miðað við að dvöl fari ekki yfir 10 klst. á hverjum degi. Um greiðslu fyrir þá þjónustu er greitt tímakaup skv. launafl. BSRB 506-230 6. þrepi sem er nú 348,11 kr. Hámarksdvöl skv. þessari grein er 50 klst. á mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. um greiðslur skv. þessari grein.

Dvöl skv. grein þessari getur ekki komið til viðbótar sólarhringsþjónustu skv. 11 gr.

Kostnaður.

13. gr.

Greiðslur samkvæmt 11. og 12. gr. eru verktakagreiðslur.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði, en þó skal kostnaður vegna aksturs heiman og heim greiðast af þeim sem þjónustunnar nýtur.

III. KAFLI
Skammtímavistun.

14. gr.

Skammtímavistun er rekin sem þjónustustofnun, sbr. 9. gr. laga um málefni fatlaðra.

Fjölskyldur fatlaðra skulu eiga kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar í skammtímavistun þegar þörf krefur.

Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum.

Fötluð ungmenni og fullorðnir, sem búa í heimahúsum, skulu einnig eiga kost á skammtímavistun með það markmið að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita hinum fötluðu tilbreytingu eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum.

15. gr.

Skammtímavistun getur verið tvenns konar:

1. Reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun.
2. Dvöl samkvæmt ósk og ávkörðun hverju sinni til að létta álagi af fjölskyldum, m.a. vegna óvæntra áfalla í fjölskyldum.

16. gr.

Í skammtímavistun skal veitt umönnun og gæsla og þjálfun þar sem það á við.

17. gr.

Umsóknum um skammtímavistun skal beint til hlutaðeigandi svæðisskrifstofu sem metur þörf fyrir þjónustu og á hvern hátt hún nýtist sem best sem einn liður í heildstæðri þjónustu við fatlað barn og fjölskyldu þess. Sé niðurstaðan sú að skammtímavistun henti, skal starfsmaður svæðisskrifstofu, í samráði við forstöðumann skammtímavistunar, meta og ákvarða hvernig þjónustan skuli veitt. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en ríkinu, þarf að koma til samþykki rekstraraðila. Þörf á þjónustu skal endurmetin árlega.

18. gr.

Rekstarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, en þó skal kostnaður vegna aksturs heiman og heim greiðast af þeim sem þjónustunnar nýtur.

Tómstundastarf innan stofnunarinnar greiðist af rekstrarkostnaði.

Beinn útlagður kostnaður vegna tómstunda utan stofnunarinnar, annar en laun fylgdarmanns, greiðist af hinum fatlaða.

IV. KAFLI
Leikfangasöfn.

19. gr.

Leikfangasöfn eru einn þáttur í faglegri þjónustu svæðisskrifstofa þar sem það á við. Þar er veitt þroska- og leikþjálfun, tekin þroskamöt á börnum og veitt uppeldisleg ráðgjöf til foreldra og annarra, svo sem leikskóla og stuðningsfjölskyldna, sem annast börnin. Leikfangasöfn skulu vera búin sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns, ýmist til foreldra eða þeirra sem veita börnunum þjónustu.

V. KAFLI
Sumardvöl.

20. gr.

Fötluð börn skulu eiga aðgang að sumardvöl, sem rekin er af sveitarfélögum, félagasamtökum eða einstaklingum, með sama hætti og önnur börn.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag vegna þess umframkostnaðar sem þjónusta við fötluð börn hefur í för með sér enda hafi verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum í áætlunum svæðisskrifstofa.

Kostnaður vegna ferða til og frá sumardvöl greiðist af þeim sem þjónustunnar nýtur.

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra, nr. 345/1985.

Félagsmálaráðuneytið, 2. mars 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um alferðir.

I. KAFLI
Auglýsingar um alferðir.

1. gr.

Í auglýsingum seljenda alferða í dagblöðum, tímaritum og ljósvakamiðlum skulu koma fram upplýsingar samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

2.1 Þegar verð alferðar er auglýst skal það miðast við einstakling og skal þess getið þótt önnur verðtilboð séu tilgreind í auglýsingunni.

2.2 Þegar verð er gefið upp í auglýsingum eða á annan hátt, skulu vera innifalin öll gjöld sem skylt er að greiða vegna ferðarinnar.

2.3 Þegar gisting er innifalin í verði skal gefa upp verð miðað við einstakling í tveggja manna herbergi fyrir tilgreint tímabil. Lengd ferðar skal gefa upp í dögum eða heilum vikum. Með vikuferð er átt við gistingu í 7 nætur.

2.4 Ekki má auglýsa lækkað verð nema ferð hafi áður verið boðin á hærra verði. Þegar auglýst er lækkað verð skal fyrra verð einnig koma fram.

II. KAFLI
Auglýsingabæklingar um alferðir.

3. gr.

Gefi seljendur alferða út auglýsingabæklinga sem ætlaðir eru farkaupa skulu þeir innihalda upplýsingar samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

Gera skal grein fyrir eftirfarandi atriðum:

4.1 Ferðaleiðum, áfangastöðum, hvenær og hve lengi dvalið er á hverjum stað.

4.2 Samgöngutækjum sem nota á, eiginleika þeirra og gæðaflokki, dagsetningum, tímasetningum og brottfarar- og komustöðum.

4.3 Tegund og staðsetningu gististaðar, gæða- eða þægindaflokki samkvæmt reglum viðkomandi gistiríkis.

4.4 Málsverðum sem innifaldir eru í verði ferðar.

4.5 Hvort krafist er lágmarksfjölda þátttakenda í ferð og ef svo er, hve margra og lokafresti til að tilkynna farkaupa um aflýsingu ferðar vegna ónógrar þátttöku.

4.6 Heimsóknum, skoðunarferðum eða annarri þjónustu, sem felst í verði alferðar.

4.7 Sérstökum aðstæðum á gististað, t.d. hávaða frá byggingastarfsemi, umferð eða öðru sem kann að valda ónæði.

4.8 Aðgengi fatlaðra að gististaðnum.

4.9 Reglum um afpöntun og möguleika á tryggingum, sbr. 5. gr. laga um alferðir.

4.10 Ákvæðum 9. og 13. gr. laga um alferðir.

4.11 Aukagjöldum fyrir aðstöðu sem ekki er innifalin í verði alferðar, en unnt er að kaupa sérstakalega, svo sem einstaklingsherbergi, bað, svalir og útsýni.

4.12 Hugsanlegum afslætti.
4.13 Hvenær og hvernig hægt er að greiða fyrir alferðina ásamt fjárhæð fyrirframgreiðslu sé hennar krafist.
4.14 Kröfum sem gerðar eru um vegabréf, vegabréfsáritanir og heilbrigðisráðstafanir.

III. KAFLI
Pöntun á alferð.
5. gr.

Þegar alferð er pöntuð skal veita farkaupa upplýsingar varðandi ferðina samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

IV. KAFLI
Samningur um alferð.
6. gr.

Í samningi um alferð skal koma fram:
6.1 Nafn og póstfang seljanda alferðar og tryggingarfélags ef farkaupi kaupir forfallatryggingu fyrir milligöngu seljanda alferðar.
6.2 Sérstakar kröfur varðandi framkvæmd alferðar sem farkaupi hefur gert og seljandi lofað að uppfylla.
6.3 Verð og greiðslutilhögun.
6.4 Frestur farkaupa til að setja fram kvörtun vegna vanefnda á samningnum.
6.5 Upplýsingar um hugsanlegar verðbreytingar samkvæmt 7. gr. laga um alferðir og upplýsingar samkvæmt 4. gr. reglugerðar þessarar eins og við á.

V. KAFLI
Upplýsingar sem veita ber áður en alferð hefst.
7. gr.

Áður en alferð hefst skal seljandi alferðar upplýsa farkaupa skriflega eða á annan ótvíræðan hátt um eftirfarandi atriði eins og við á. Vísa má til auglýsinga- eða kynningabæklings enda hafi farkaupi átt kost á að kynna sér efni hans.
7.1 Hvar og hvenær skuli mæta til brottfarar og heimferðar, hvar og hvenær millilent er og farið í annað eða svipað farartæki, svo og áætlaðan heimkomutíma.
7.2 Klefa eða koju á skipi eða svefn- eða hvíldarklefa í lest.
7.3 Fulltrúa seljanda alferða á áfangastað sem geta aðstoðað farkaupa. Sé hann ekki að finna, skulu farkaupa látnar í té upplýsingar um hvar og hvernig megi ná sambandi við þann fulltrúa sem næstur er, í síma, bréfsíma eða á annan hátt.
7.4 Þegar um er að ræða ferðir ólögráða barna til útlanda eða dvöl þeirra erlendis, skal veita farkaupa upplýsingar um hvernig megi ná beinu sambandi við barnið eða ábyrgðaraðila á dvalarstað.
7.5 Möguleika á að kaupa ferðatryggingu sem bætir kostnað af meðferð eða heimflutningi ef slys eða veikindi ber að höndum og opinber sjúkratrygging greiðir ekki bætur.
7.6 Skilmála fyrir staðfestingu flugmiða til heimferðar og fresti í því sambandi.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum um alferðir nr. 80/1994 og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 157 7. mars 1995

REGLUR

um ráðstöfun hluta tekna vegna sölu ríkisfyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfs.

1. gr.

Verja skal 20% af andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarstarfs sbr. þó 3. gr. Miða skal við innborgað söluverðmæti næsta árs á undan.

2. gr.

Af fjárhæðinni hverju sinni skal 85% renna til Rannsóknaráðs Íslands og 15% til annarra verkefna.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal fjárframlag til rannsókna- og þróunarstarfs samkvæmt þessum reglum nema a.m.k. 100 m.kr. árlega.

Ef innborgað söluandvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa verður meira en 500 m.kr. á einu ári skal 20% af þeirri fjárhæð koma til útborgunar næstu tvö ár á eftir. Útborgun skv. þessari mgr. skal þó aldrei vera hærri en 20% af heildarsöluandvirði frá árinu 1992 að telja.

4. gr.

Reglur þessar eru settar af fjármálaráðuneytinu á grundvelli liðar 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 sem kveður á um heimild til að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna og skal gilda á meðan samhljóða ákvæði er í fjárlögum hvers árs.

Fjármálaráðuneytið, 7. mars 1995.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur um innkaup og sölu áfengis.

Áfengi er deilt í 5 söluflokka:

1. Kjarna
2. Reynsluflokk
3. Sérvalsflokk
4. Mánaðaflokk
5. Sérpantanir

Í *kjarna* fara sölutegundir (vörunúmer) sem skráðar höfðu verið til almennrar sölu hjá ÁTVR 1. mars 1994. Kjarninn verður endurmetinn í júlí 1994 og síðan í mánuði hverjum. Nái sölutegund í kjarna ekki 1% af heildarsölu vöruflokks (í lítrum) á undanförnum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Fyrirliggjandi birgðir þeirrar sölutegundar skulu þó seldar sem um vöru í kjarna væri að ræða. Sé fleiri en ein gerð umbúða um sömu áfengistegund og nái engin þessara umbúða 1% en samanlagt nái umbúðaflokkarnir 1%, skal halda áfram sölu þeirrar sölutegundar sem mest er selt af.

Áfengi í kjarna er til sölu í öllum aðalverslunum ÁTVR. Í verslunum ÁTVR í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Blönduósi, Siglufirði, Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað og Höfn skulu a.m.k. 5 mest seldu sölutegundir af bjór vera falar. Í sömu verslunum skulu a.m.k. 3 mest seldu sölutegundir úr öðrum vöruflokkum vera falar.

Í *reynsluflokki* eru að jafnaði 20% af tölu þeirra áfengistegunda sem eru í kjarna. Áfengi í reynsluflokki er selt í Kringlunni, Heiðrúnu, á Seltjarnarnesi og á Akureyri. Áfengi í þessum flokki er í reynslusölu 8 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna hafi hún náð 0,5% af samanlagðri *smásölu* vöruflokksins í öllum verslunum ÁTVR. Sölutegund getur flust fyrr í kjarna og skal þá mest selda tegundin í reynsluflokki valin, þótt hún hafi ekki náð 0,5% markinu. Við val sölutegundar við þessar aðstæður skal litið til sölutalna undanfarandi þriggja heilu mánaða áður en flutningur fer fram. Sölutegund sem flyst í kjarna skal vera í þeim flokki 12 mánuði áður en afstaða er tekin til framtíðarveru þar. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til reynslu getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

Sérvalsflokkur tekur til vöru sem er keypt inn í mjög takmörkuðu magni til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða áfengi verði í sérvalsflokki.

Í *mánaðaflokk* fer áfengi sem ætlað er til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október, jólamánuður. Sölutími mánðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR. Tekið verður við mánaðabjór frá þeim framleiðendum sem hafa bjór í *kjarna*. Mánaðabjór þarf að hafa efnainnihald sem er

frábrugðið öllum öðrum bjór sama framleiðanda. Um haustvín gilda sömu reglur eftir því sem við á.

Áfengi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má *sérpanta*. Um vöru sem sérpöntuð er erlendis frá gildir almennt að hana skuli senda til Íslands með fyrsta skipi.

Orðskýringar.

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR.
Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum.
Dæmi: Rósavín, viskí.

Áfengistegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum.
Dæmi: Heineken bjór.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrám ÁTVR.
Dæmi: 0,33 l flaska af Heineken bjór.

Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

01 (01)	Rauðvín, verð undir 1000 kr./750 ml
01 (02)	Rauðvín, verð 1000-1490 kr./750 ml
01 (03)	Rauðvín, verð frá 1500 kr./750 ml
02 (11)	Hvítvín, þurrt (sykur < 9 g/l), verð undir 1000 kr./750 ml
02 (12)	Hvítvín, þurrt (sykur 9-45 g/l), verð 1000-1490 kr./750 ml
02 (13)	Hvítvín, þurrt (sykur > 45 g/l), verð frá 1500 kr./750 ml
02 (2)	Hvítvín, hálfþurrt (sykur 9-45 g/l)
02 (3)	Hvítvín, sætt (sykur > 45 g/l)
03	Rósavín
04 (11)	Freyðivín, þurrt (sykur < 15 g/l), verð undir 1500 kr./750 ml
04 (12)	Freyðivín, þurrt (sykur < 15 g/l), verð frá 1500 kr./750 ml
04 (2)	Freyðivín, hálfþurrt (sykur 15-50 g/l)
04 (3)	Freyðivín, sætt (sykur > 50 g/l)
05	Styrkt vín
08	Kryddvín
10	Þrúgnabrennivín
13	Viskí
14	Snafs
15	Vodka
16	Gin
17	Séniver
18	Romm
20	Líkjörar
21	Bitterar

22 (1) Ávaxtabrennivín
22 (2) Brennivín ótalið annars staðar
22 (3) Ávaxtavín
23 Vínblandaðir drykkir
26 Ávextir lagðir í vínanda
60 (1) Bjór, af Pilsner gerð
60 (2) Bjór, annar

Vöruflokkum er unnt að fjölga með því að deila þeim upp í verðflokka. Upplýsingar um deilingu í verðflokka eru öllum aðgengilegar.

Nái heildarsala á tiltekinni sölutegund ekki 500 lítrum á ári má fella hana úr kjarna.

Nái heildarsala í tilteknum vöruflokki ekki 1000 lítrum á ári má fella hann úr kjarna.

Um meðferð tilboða.

1. Tilboð á að færa á skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggi frammi á afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar sem óska.
2. Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er föl þeim sem bauð fram vöruna.
3. Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, gengur innkaupastjóri frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en birgir hefur boðist til að afhenda vöru.
4. Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 3.

Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna eða til reynslu.

1. Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.
2. Sýnishorn, a.m.k. 8 lítrar af bjór og 3 flöskur af öðru áfengi og innihaldslýsing, fylgi bréfi skv. 1. tl. Litarefna skal getið og brennisteinstvíildis (SO_2), séu efni þessi í vörunni. Lausir merkimiðar fylgi umbúðum. Merkimiðarnir beri með sér magn vínanda miðað við rúmmál.
3. Sölueining bjórs í smásölu innihaldi a.m.k. 2 lítra. Æskileg stærð einingar er 4x500 ml eða 6x330 ml. Dósir verða að vera úr endurvinnanlegu áli með föstum flipa.
4. Tilgreint verði hvenær afhending vöru til ÁTVR geti hafist.
5. Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímann. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans enda hafi varan þá eigi verið valin í kjarna og ÁTVR hafi ekki merkt sér vöruna. Regla þessi gildir eftir því sem við á um vörur í mánaðaflokki. Athugið að ÁTVR kaupir flestar vörur til sölu í kjarna á verði frá verksmiðju eða á fob-verði. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.
6. Áfengi í umbúðum, sem líkjast verulega umbúðum um óáfenga drykki, verður ekki selt hjá ÁTVR.

7. Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki - EAN eða UPC - verða að vera á hverri sölueiningu. Flytjist vara úr reynsluflokki í kjarna, verða birgjar að merkja neytendaumbúðir með nafni fyrirtækisins: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, eða merki þess - ÁTVR.
8. Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:
    1. Nafn eða einkennisstafir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þ.e. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða ÁTVR. Aðeins framleiðendur sem hafa bjór í kjarna eða mánaðaflokki þurfa að hlíta þessum skilyrðum. ÁTVR bannar birgjum að selja vöru, sem merkt er fyrirtækinu, til þriðja aðila.
    2. Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg.
    3. Nafn vöru.
    4. Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.
    5. Innihald mælt í millilítrum eða sentilítrum.
    6. Endingartími: „best fyrir". Bjór í flöskum eða dósum hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol.
    7. Innihaldslýsing t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .
9. Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. janúar, 1. maí og 1. september. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara þ.e. eigi síðar en 1. október, 1. febrúar og 1. júní. Óheimilt er að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu. Flytjist áfengi í kjarna skal verð birgja haldast óbreytt næstu 6 mánuðina eftir að flutningur milli flokka fór fram.
10. Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Reglur þessar, sem tóku gildi 11. apríl 1994, með breytingum 4. maí 1994 og 24. nóvember 1994, eru hér með gefnar út í heild.

Reykjavík, 1. mars 1995,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Höskuldur Jónsson.

Nr. 159 16. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um öryrkjavinnu.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að semja við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að ráða til starfa einstaklinga sem njóta örorkulífeyris, örorkustyrks, endurhæfingarlífeyris eða slysaörorkubóta undir 50%. Miðað er við að einstaklingar hafi vinnugetu sem ekki hafi nýst á almennum vinnumarkaði og að hann hafi ekki verulegar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga.

Sérstakur vinnusamningur skal gerður m.a. í samráði við samtök öryrkja, stofnanir er sinna atvinnumiðlun eða endurhæfingu fatlaðra.

Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum ákvæðum um skerðingu bótagreiðslna á hverjum tíma.

Mat á vinnugetu.

2. gr.

Áður en vinnusamningur er gerður skal Tryggingastofnun ríkisins meta hvort heilsufar og vinnugeta hins fatlaða sé með þeim hætti að hann geti gegnt starfinu um nokkra framtíð. Sama gildir ef vinnusamningur er endurnýjaður og skal þá sú endurnýjun vera í samræmi við matið.

Til þess að meta vinnugetu hins fatlaða í upphafi getur Tryggingastofnun ríkisins leitað til þeirra sem hafa slíkt mat með höndum. Endurmat á vinnugetu verði framkvæmt með jöfnu millibili og ekki sjaldnar en árlega.

Vinnusamningur.

3. gr.

Vinnusamning skal gera til ákveðins tíma en heimilt er að endurnýja samninginn. Vinnusamningur er trúnaðarmál aðila málsins.

Vinnusamningur skal undirritaður af vinnuveitanda, fulltrúa lífeyrisdeildar og hinum fatlaða.

Í vinnusamningi skal kveðið á um 3ja mánaða reynslutíma og hlutfall endurgreiðslu launa og launatengdra gjalda hins fatlaða, sem skal aldrei vera hærra en 75% og aldrei lægra en 25%.

Með launagreiðslur í sjúkdóms- og slysaforföllum hins fatlaða skal fara skv. 5. gr. laga nr. 19/1979. Verði um frekari fjarvistir að ræða, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða viðkomandi bætur í samræmi við örorkumat hans.

Heimilt er að gera vinnusamning til skemmri tíma en til þriggja mánaða þegar um er að ræða fatlaða námsmenn.

4. gr.

Í vinnusamningi skal greindur vinnustaður og þau störf sem hinum fatlaða er ætlað að leysa af hendi. Ennfremur skal í vinnusamningi greindur kjarasamningur og launataxti, sem skal vera sá sami og gildandi er á hverjum tíma milli launþegasamtaka og atvinnurekanda.

5. gr.

Vinnusamning skv. framansögðu má gera um hluta úr heilsdags starfi. Ekki má gera vinnusamninga við fleiri en einn atvinnurekanda í senn um hluta úr starfi fyrir sama einstakling.

6. gr.

Vinnusamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu og skulu ákvæði uppsagnar vera í samræmi við almenna kjarasamninga í þeirri starfsgrein. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Uppsögn skal jafnframt tilkynnt til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins og umsjónaraðila, sbr. 10. gr.

7. gr.

Komi upp ágreiningur á milli atvinnurekanda og hins fatlaða um framkvæmd vinnusamnings, skal lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins kynna sér málavöxtu. Heimilt er þá að rifta samningnum, ef sýnt þykir, að ósamkomulag sé á milli áðurnefndra aðila í þeim mæli, að ólíklegt sé, að hinn fatlaði muni haldast við störf hjá fyrirtæki því, er hann réðst til.

Komi til riftunar samnings á atvinnurekandi ekki rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins nema allt að því hlutfalli launa, sem hann hefur greitt launþega.

Greiðsluhlutfall.

8. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir atvinnurekanda mánaðarlega hlutfall af launum hins fatlaða, sbr. 3. gr., gegn framvísun kvittana þar að lútandi og afriti af launaseðlum og tilskyldum gögnum sendum skattayfirvöldum. Jafnframt gefur Tryggingastofnun ríkisins skattayfirvöldum upplýsingar um endurgreidd vinnulaun til atvinnurekanda eftir hvert ár.

9. gr.

Auk fastra launa skal Tryggingastofnun ríkisins greiða atvinnurekanda sama hlutfall og að ofan greinir af öllum launatengdum gjöldum, sem atvinnurekandi greiðir vegna starfsmannsins. Verði um vaktaálag að ræða, bónusgreiðslur eða yfirvinnu, kemur það ekki til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins nema í sérstökum undantekningatilvikum, sem metin eru af fulltrúa lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Umsjónaraðili.

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tilnefnir umsjónaraðila, t.d. úr röðum samráðsaðila, sbr. 1. gr., sveitarstjórna eða stéttarfélaga, og gerir við hann samning. Umsjónaraðili getur jafnframt verið sá sami og hafði milligöngu um gerð vinnusamningsins.

Hlutverk umsjónaraðila felst fyrst og fremst í því að fylgjast með hvernig hinum fatlaða vegnar í starfinu, koma til aðstoðar ef eitthvað bjátar á og vera tengiliður hans gagnvart öðrum samningsaðilum.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa samráð við umsjónaraðila varðandi eftirlit og endurnýjun vinnusamnings. Heimilt er að greiða þóknun fyrir starf umsjónaraðila.

Eftirlit og heimildir.

11. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast þegar gildi. Reglugerð þessa skal endurskoða einu ári eftir gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 160 24. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/1994 um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort) með breytingu nr. 400/1994.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Skotvopnaleyfi gilda sem veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort) til og með 31. maí 1995. Veiðikort skulu á þessum tíma vera frí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með ofangreindum gildistíma.

Umhverfisráðuneytið, 24. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

28. febrúar 1995 Nr. 161

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,15 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,05 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskipskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 29,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.105,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.030,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörgjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 106,50 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr og sement.

2. fl.: Gjald kr. 206,00 pr. tonn:
Lýsi, fiskimjöl og áburður.

3. fl.: Gjald kr. 222,50 pr. tonn:

Þugnavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald kr. 614,00 pr. tonn:

a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.

b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.

c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,00%

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.370,00.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 57,00.

Einstökum hafnarstjórnum eru þó heimiluð frávik til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

III. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá

afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI
Frávik og gildistaka.

18. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnarráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnarráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

19. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1995, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969, er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 7,25 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 3,60 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir póstþjónustu, nr. 364/1992.

1. gr.

Í stað ákvæða um póstgíróþjónustu innanlands komi eftirfarandi:

Póstgíróþjónusta innanlands.	
Innborganir:	
Innborgunarseðill	0,00
(Ef innborgunarseðill er notaður til innheimtu er tekið sama gjald og fyrir C-gíróseðil)	
A-, B- og BB-gíróseðlar:	
a) Seðlagjald greitt fyrirfram. Hver seðill:	
- ef upplag er 25.000 eða meira	3,00
- ef upplag er 19.000-24.999	4,00
- ef upplag er 13.000-18.999	5,00
- ef upplag er 8.000-12.999	6,00
- ef upplag er 5.000-7.999	7,00
- ef upplag er 4.000-4.999	9,00
- ef upplag er 3.000-3.999	10,00
- ef upplag er 2.000-2.999	12,00
- ef upplag er 1.000-1.999	15,00
Við prentun í fleiri en einum lit og/eða við fyrstu prentun bætist aukakostnaður.	
Fyrir tölusetningu á B-gíróseðlum bætist við kr. 1,00 fyrir hvern seðil.	
b) Færslugjald fyrir hvern greiddan gíróseðil	45,00
C-gíróseðill	55,00
(Innáprentun er ókeypis ef keyptir eru 500 seðlar eða fleiri í einu)	
Innborganir á gjaldeyrisreikninga vegna greiðslumiðlunar	100,00
Millifærslur:	
Millifærslur á milli póstgíróreikninga	0,00
Millifærslur til banka. Hver færsla.	55,00
Útborganir:	
D-gíróseðill	85,00
(Innáprentun er ókeypis ef keyptir eru 500 seðlar eða fleiri í einu)	
Útborganir af eigin reikningi	0,00

2. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá fyrir póstþjónustu er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986, svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1987 og gengur í gildi 1. apríl 1995.

Samgönguráðuneytið, 8. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu hjá Vopnafjarðarhreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Vopnafjarðarhrepps.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir	sorphirðugjald	kr.	4.000
B)	Fyrirtæki:			
	Flokkur 0	sorpeyðingargjald	kr.	5.000
	Flokkur 1	sorpeyðingargjald	kr.	10.000
	Flokkur 2	sorpeyðingargjald	kr.	25.000
	Flokkur 3	sorpeyðingargjald	kr.	50.000
	Flokkur 4	sorpeyðingargjald	kr.	80.000
	Flokkur 5	sorpeyðingargjald	kr.	200.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Vopnafjarðarhreppur annast eða býður út sorphirðu í Vopnafjarðarheppi í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis í Vopnafjarðarhreppi er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Sorphirðumönnum er aðeins ætlað að taka sorppoka úr viðurkenndum sorpílátum. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorpílát skulu vera af þeirri gerð sem sveitarstjórn ákveður og ekki þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku, þó veður sorp sótt í dreifbýli á tveggja vikna fresti mánuðina nóvember til og með apríl. Um stórhátíðir skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Hverri skráðri íbúð skulu lagðir til 75 sorppokar árlega.

5. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu.

Gjald fyrir þá sorpeyðingu sem Vopnafjarðarhreppur framkvæmir samkvæmt grein þessari skal birt í sértakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

6. gr.

Allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr. skal koma með á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisfulltúa. Sama gildir um mold og garðaúgang.

7. gr.

Sorphirða samkvæmt 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Þó er hreppssjóði heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald og sorpeyðingargjald, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu. Vopnafjarðarhreppi er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjóra hreppsins.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjóra eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. greinar laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1995

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmálasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmálasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 100 3. febrúar 1995, sem hér segir:

J Þjóðvaki, hreyfing fólksins.
K Kristileg stjórnmálahreyfing.
M Vestfjarðalistinn, samtök stuðningsmanna Péturs Bjarnasonar.
N Náttúrulagaflokkur Íslands.
S Suðurlandslistinn, listi utan flokka á Suðurlandi.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmálasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf, sem hér segir:

G Alþýðubandalag og óháðir.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:

		Kr.
1)	Grunngjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT)	40.000

Gutenberg

2) Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30 800
3) Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT (þó greiðist að hámarki gjald fyrir 10 tilnefningar) 9.700
4) Gjald fyrir síðari tilnefningar skv. b- og c-lið 9. mgr. 4. reglu PCT að því tilskildu að a.m.k. ein tilnefning hafi verið gerð og greidd við innlögn alþjóðlegu umsóknarinnar 9.700
5) Staðfestingargjald skv. 5. mgr. 15. reglu PCT, vegna síðari tilnefninga skv. 4. tl. þessarar greinar, og skal upphæðin vera 50% af samanlagðri upphæð skv. þeim lið.
6) Framsendingargjald, skv. 4. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. 14. reglu PCT 5.000
7) Gjald fyrir útgáfu og sendingu forgangsréttarskjals, skv. 5. tl. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 17. reglu PCT 2.500

Gjöld skv. 1., 2. og 6. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.

Gjald skv. 3. tl. skal greitt innan eins árs frá móttökudegi umsóknar eða, ef krafist er forgangsréttar, innan eins árs frá forgangsréttardegi eða eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar í því tilfelli að þeim mánuði ljúki síðar en forgangsréttarárinu.

Gjöld skv. 4.-5. tl. skulu greidd innan 15 mánaða frá móttökudegi umsóknar eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist.

Hafi gjöld samkvæmt 1., 2., 3. og 6. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

2. gr.

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. ell. greiðast eftirtalin gjöld:

1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT:
   a) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn í Svíþjóð og afrit af fyrstu rannsóknarniðurstöðu varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi fylgir 22.000
   b) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn hér á landi, í Danmörku, Finnlandi eða Noregi og afrit af fyrstu rannsóknarniðurstöðu varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi fylgir 30.000
   c) í öllum öðrum tilvikum 35.000
2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri 35.000
3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT 105.000
4) Gjöld fyrir nýnæmisrannsókn af alþjóðlegum toga á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:
   a) Grunngjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni 30.000
   b) Viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 hjá sænsku einkaleyfastofnuninni 900

c) Grunngjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni 105.000

Gjöld skv. 1. og 3. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.

Gjald skv. 2. tl. skal greitt innan mánaðar frá því tilkynnt er um greiðslu.

Gjöld skv. 4. tl. skulu greidd innan þriggja mánaða frá móttökudegi umsóknar.

Hafi gjöld samkvæmt 1. og 3. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

3. gr.

Gjöld skv. 1. - 5. tl. 1. gr. eru í samræmi við gjaldskrá Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 1. janúar 1995, vegna meðhöndlunar alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skv. Samstarfssáttmálanum um einkaleyfi, ásamt viðeigandi reglum, sbr. 96. reglu PCT.

Kjör á lánum frá sjóðnum eru háð nánari ákvörðun stjórnarinnar, en stjórnin skal að jafnaði við ákvörðun lánskjara hafa hliðsjón af þeim lánskjörum sem tíðkast á hinum almenna markaði á hverjum tíma.

Sjóðnum er óheimilt að eiga meirihluta hlutafjár í félögum.

5. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a. 20% af námagjaldi Kísiliðjunnar hf. til ársins 2001,
b. 68% af námagjaldi framleiðslufélagsins frá og með árinu 2002 til og með árinu 2010,
c. allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni,
d. arður af hlutafé, vextir og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Fyrir 1. júní hvert ár skal stjórnin afhenda iðnaðarráðherra ársskýrslu sjóðsins ásamt eintaki af ársreikningi hans, árituðum af endurskoðanda sjóðsins.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 80/1966, sbr. 2. gr. laga nr. 17/1995, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins sem skipuð var 25. maí 1993 skal sitja til 30. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

29. mars 1995 Nr. 206

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á fyrri árshelming 1995 ákveðin þessi:

Innritunargjald	kr. 10.000
Kennslugjald I. námskeiðshluta (innritunar- og prófgjald innifalið)	kr. 95.000
Prófgjald I. námskeiðshluta (fyrir þá sem ekki sitja námskeið)	kr. 20.000

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um gildistíma löggildinga.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mælitæki sem eru löggildingarskyld.

Fyrsta löggilding.

2. gr.

Fyrsta löggilding skal fara fram áður en nýtt tæki er tekið í notkun í fyrsta sinn. Ávallt skal setja löggildingarmerki á tækið og innsigli þegar við á.

3. gr.

Umfang prófunar vegna fyrstu löggildingar fer eftir eðli og gerð mælitækja eins og nánar er kveðið á um í reglugerðum um viðkomandi mælitæki. Það getur verið allt frá ítarlegri prófun, sem vinna skal á faggiltri prófunarstofu, til þess að sannprófa viðeigandi gögn frá framleiðanda.

Sérstakar löggildingar.

4. gr.

Löggilda skal tæki að nýju, eftir viðgerð eða viðhald sem áhrif kann að hafa á nákvæmni og hæfi tækis til að fullnægja tilskildum kröfum.

Ef tæki er breytt þannig, að vafi leiki á hvort gerð tækis falli enn undir yfirlýsingu um samræmi við frumgerð skal Löggildingarstofan skera úr um hvort löggilda megi tækið á ný, hvort það þurfi nýja gerðarprófun eða hvort banna skuli notkun þess.

Ef tæki verður fyrir hnjaski eða tjóni og/eða eitthvað bendir til þess að nákvæmni tækis hafi skaðast skal tæki löggilt að nýju.

Hafi innsigli verið rofið skal tæki ávallt löggilt að nýju.

Reglubundin löggilding.

5. gr.

Reglubundin löggilding skal að jafnaði fram í sama ársfjórðungi og síðasta löggilding þar á undan að loknum þeim árafjölda sem reglur um gildistíma löggildinga fyrir viðkomandi mælitæki segja til um.

Vilji eftirlitsaðili færa mælitæki yfir í næsta ársfjórðung á eftir skal það stutt rökum og gert með samþykki Löggildingarstofu. Vilji eftirlitsaðili færa mælitæki yfir í næsta ársfjórðung á undan skal það stutt rökum og gert með samkomulagi við eiganda mælitækis.

6. gr.

Gildistími löggildinga ósjálfvirkra voga er sem hér segir:

1. Löggilding voga gildir allt að tveimur árum.
2. Löggilding voga sem notaðar eru í iðnaði eða utanhúss gildir allt að einu ári.

7. gr.

Tímabil löggildingar raforkumæla miðast við heilt ár og telst löggildingartímabilið hefjast 1. næsta mánaðar, þannig að fari löggilding fram í desember telst tímabilið hefjast 1. janúar næsta ár. Gildistími löggildinga raforkumæla er sem hér segir:

1. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdum straum- eða spennuspennum, sem hafa takmarkaða gerðarviðurkenningu eða eru notaðir til reynslu, gildir í allt að 5 ár.
2. Löggilding raforkumæla fyrir fjölþrepa gjaldskrá og aflmæla gildir í allt að 8 ár.
3. Löggilding raforkumæla fyrir markmælingu gildir í allt að 8 ár. Ekki er krafist endurlöggildingar markmæla við aflstillingu þeirra, sbr. þó 1.-3. mgr. 4. gr. um sérstakar löggildingar.
4. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdum straum- eða spennuspennum, annarra en getið er í 1. tölulið, gildir í allt að 10 ár.
5. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla þar með talið tvígjaldsmæla gildir í allt að 16 ár.
6. Straum- og spennuspennar þurfa aðeins fyrstu löggildingu, sbr. þó 4. gr. um sérstakar löggildingar.
7. Ef unnt er að sýna fram á með prófun á slembiúrtaki að raforkumælar skv. 3. og 5. tölul. standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma löggildinga viðkomandi mælasafns um allt að 4 ár í hvert sinn.

8. gr.

Gildistími löggildinga mæla fyrir heitt vatn er sem hér segir:

1. Löggilding rennslismæla fyrir heitt vatn gildir í allt að 5 ár.
2. Löggilding vélbúnaðar orkumæla fyrir heitt vatn gildir í allt að 5 ár.
3. Löggilding rafbúnaðar orkumæla fyrir heitt vatn gildir í allt að 10 ár.
4. Ef unnt er að sýna fram á með prófun á slembiúrtaki að mælar fyrir heitt vatn standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælasafns skv. 1. og 2. tölul. um allt að 2 ár og skv. 3. tölul. um allt að 5 ár í hvert sinn.

9. gr.

Gildistími löggildinga rennslismæla fyrir kalt vatn er sem hér segir:

1. Löggilding rennslismæla fyrir málrennsli allt að 2,5 m^3/h gildir í allt að 9 ár.
2. Löggilding rennslismæla fyrir málrennsli yfir 2,5 m^3/h, allt að 10 m^3/h gildir í allt að 6 ár.
3. Löggilding rennslismæla fyrir málrennsli yfir 10 m^3/h gildir í allt að 5 ár.
4. Ef unnt er að sýna fram á með prófun á slembiúrtaki að mælar fyrir kalt vatn standist settar kröfur, sem um mælana gilda, er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælasafns um allt að 5 ár í hvert sinn.

10. gr.

Löggilding rennslismæla fyrir olíu (bensín, hráolíu, steinolíu) gildir í eitt ár.

11. gr.

Rennslismælar fyrir smurolíu þurfa aðeins fyrstu löggildingu.

12. gr.
Vínmál og vínskammtarar þurfa aðeins fyrstu löggildingu.

13. gr.
Metrakvarðar og málbönd þurfa aðeins fyrstu löggildingu.

14. gr.
Löggilding gjaldmæla leigubifreiða og sendibifreiða gildir í eitt ár.

15. gr.
Reglugerð þessi um tíðni löggildinga, er sett skv. 5. gr. laga um vog, mál og faggildingu nr. 100 frá 16. desember 1992 til að taka gildi við birtingu hennar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytið, 31. mars 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

Nr. 208 24. mars 1995

AUGLÝSING
um umferð á Dalvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur og samkvæmt heimild í 33. gr. lögreglusamþykktar fyrir Dalvíkurkaupstað nr. 580/1981, sbr. samþykkt nr. 150/1988 um breytingu á henni, hefur eftirfarandi verið ákveðið um umferð torfærutækja á Dalvík.

1. Á skíðasvæði í Böggvisstaðafjalli er umferð torfærutækja bönnuð, nema nauðsynleg sé vegna öryggis og/eða vinnu á svæðinu.
2. Umferð torfærutækja á opnum svæðum innan þéttbýlis á Dalvík er bönnuð, þar með talin á skólasvæðum.

Um umferð þessara tækja á götum bæjarins gilda ákvæði 43. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 24. mars 1995.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ

um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni.

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skiptist í eftirfarandi aðalsvið og deildir:

Stjórnsýslusvið:

Fjármáladeild
Samskiptadeild
Upplýsinga- og fræðsludeild

Eftirlitssvið:

Tæknideild
Skoðunardeild

2. gr.

Siglingamálastjóri annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnun í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli.

3. gr.

Skipting verkefna milli aðalsviða og milli deilda innan hvers aðalsviðs skal vera í samræmi við skipurit Siglingamálastofnunar sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins nr. 20/1986, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni nr. 184/1987.

Samgönguráðuneytið, 28. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

6. mars 1995 Nr. 210

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994.

1. gr.

Grein 1.3 orðist svo:


1.3 Við endurnýjun aðalvélar í bátum sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna skal eftirgreindum búnaði breytt til samræmis við ákvæði reglnanna:

- loftrásum til vélarúms
- lokum við eldsneytisgeyma

- sjó- og austurlögnum
- útblásturslögnum
- viðvörun um vatn í vélarúmi
- föstum slökkvibúnaði

2. gr.

Í stað myndar með grein 4.2 í kafla V-11 um rafbúnað vinnubáta komi eftirfarandi mynd:



3. gr.

Ákvæði um staðsetningu rafmótora á mynd 11.2 í kafla V-11 um rafbúnað vinnubáta, breytast á þann veg að rafmótora má setja í lest og eldhús, enda sé þéttleiki þeirra ekki minni en skv. IP 56 í lest og minnst skv. IP 22 í eldhúsi.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 211 6. apríl 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 149, 14. mars 1995, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1995.

1. gr.

Í stað: „hrognkelsaveiðar“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: grásleppuveiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 6. apríl 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

29. mars 1995 Nr. 212

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir		Sorphirðugjald	kr.	4.450
B)	Fyrirtæki	flokkur a)	Sorpeyðingargjald	kr.	4.450
		flokkur b)	Sorpeyðingargjald	kr.	13.350
		flokkur c)	Sorpeyðingargjald	kr.	22.250
		flokkur d)	Sorpeyðingargjald	kr.	53.400
		flokkur e)	Sorpeyðingargjald	kr.	111.250
		flokkur f)	Sorpeyðingargjald	kr.	222.500
		flokkur g)	Sorpeyðingargjald	kr.	249.200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hverageröi fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir sorphreinsun í Hverageröi, sbr. samþykkt nr. 39/1983 um sorpheimtu í Hverageröi, fyrir árið 1995 skal vera kr. 6.300 og innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hverageröis er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 214 24. mars 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 282/1994 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, sbr. breytingu nr. 148/1995.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 24. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1995.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, kr. 3.000, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi (heimilissorpi) sem til fellur í sveitarfélaginu á árinu 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. apríl 1995 Nr. 216

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 8/1995 um breytingu á skattmati í staðgreiðslu á árinu 1995.

Með vísan til 1. gr. laga nr. 30/1995, um breyting á 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, gerir ríkisskattstjóri eftirfarandi breytingu á skattmati í staðgreiðslu á árinu 1995, sem birt var með auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1995:

1. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. tölul. í auglýsingunni um teknamat á ókeypis flutningi milli heimilis og vinnustaðar falli niður.

2. gr.

Töluliður 5.3. í auglýsingunni orðist svo ásamt fyrirsögn:

5.3. Dagpeningar umfram 30 daga samfellt

Fái launamaður greidda dagpeninga samfellt fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1995 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 709 fyrir hvern dag umfram 30 daga. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. janúar 1995.

Reykjavík, 6. apríl 1995.

Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri.

Nr. 217 7. apríl 1995

AUGLÝSING

um tímabundna heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) samkvæmt 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1995 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal m.a. stuðst við magn HCFC og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins af viðkomandi fyrirtæki árið 1989.

3. gr.

Noti fyrirtæki samkvæmt 1. gr. ekki að fullu úthlutað magn af HCFC er Hollustuvernd ríkisins heimilt að úthluta því magni sem eftir stendur til fyrirtækja sem sótt hafa um heimild til innflutnings samkvæmt 1. gr. og/eða sannanlega flutt inn HCFC og/eða CFC fyrir birtingu auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna.

Umhverfisráðuneytið, 7. apríl 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1995

7. apríl 1995 421 Nr. 218

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum í Kolluál.

1. gr.

Frá og með kl. 21.00, 10. apríl 1995 eru allar rækjuveiðar án seiðaskilju bannaðar á svæði á Kolluál, sem markast af eftirgreindum punktum:

1. 64°47'N - 24°28'V
2. 64°35'N - 24°28'V
3. 64°35'N - 25°15'V
4. 64°41'N - 25°15'V
5. 64°41'N - 25°00'V
6. 64°48'N - 24°48'V

Bil á milli rimla í seiðaskiljunni skal vera mest 22 mm. Skiljunni skal koma fyrir í belg vörpunnar með 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 218. Útgáfudagur 10. apríl 1995.

B 30
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 1995

Nr. 219 422 31. mars 1995

REGLUGERÐ

um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Efnisyfirlit:

I. kafli Almenn ákvæði
II. kafli Framleiðslueftirlit
III. kafli Framleiðslureglur- jarðrækt og garðyrkja
IV. kafli Framleiðslureglur- búfjárrækt og fiskeldi
V. kafli Geymsla, flutningur, pökkun og vinnsla
VI. kafli Vörumerkingar
VII. kafli Eftirlit með vottunarkerfum
VIII. kafli Ýmis ákvæði

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

1.1. Reglugerð þessi tekur til hvers konar framleiðslu, vinnslu, flutninga, geymslu, pökkunar og dreifingar lífrænna landbúnaðarafurða. Ákvæði reglugerðarinnar gilda einnig um lífeflda landbúnaðarframleiðslu.

2. gr.
Markmið.

2.1. Í reglugerð þessari eru tilgreindar lágmarkskröfur sem gerðar eru til viðurkenndra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður innan ramma grunnreglna Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) 1994 og í samræmi við reglugerð ráðs Evrópusambandsins (ESB) nr. 2092/91 með áorðnum breytingum og tekið mið af *Dagskrá 21*, framkvæmdaáætlun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró 1992 varðandi sjálfbæran landbúnað o.fl. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að tryggja að við framleiðslu og markaðssetningu lífrænna landbúnaðarafurða sé fylgt markmiðum lífræns landbúnaðar.

3. gr.
Orðskýringar.

3.1. Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Aðlögun er breyting úr almennum landbúnaði í lífrænan.

Almennur landbúnaður er hvers konar búrekstur annar en lífrænn landbúnaður.

Eftirlit er athugun á starfsemi til að ákvarða samræmi hennar við ákvæði þessarar reglugerðar.

Faggilding er formleg viðurkenning Löggildingarstofunnar á því að vottunarstofa sé hæf til að vinna tiltekin verkefni.

Gutenberg

Lífefldur landbúnaður er lífrænn landbúnaður sem stundaður er í samræmi við hugmyndir Rudolfs Steiners.

Lífrænar landbúnaðarvörur eru matvæli og aðrar búsafurðir sem framleiddar eru samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Lífrænn landbúnaður er búskapur sem framleiðir afurðir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

Lífrænt býli er lögbýli, hluti lögbýlis eða önnur afmörkuð búrekstrareining þar sem aðlögun að lífrænum landbúnaði er lokið og landbúnaðarráðuneytið hefur skráð það að undangenginni vottun og hefur leyfi til að nota lífrænt vörumerki.

Lífrænt býli í aðlögun er lögbýli, hluti lögbýlis eða önnur afmörkuð búrekstrareining sem verið er að breyta úr almennum landbúnaði yfir í lífrænan í áföngum samkvæmt aðlögunaráætlun vottunarstofu. Vottunarstofu er heimilt að leyfa lífrænu býli í aðlögun notkun lífræns vörumerkis í ákveðnum tilvikum.

Lífrænt vörumerki er vörumerki sem aðeins er heimilt að nota við markaðssetningu vottaðra lífrænna landbúnaðarafurða.

Starfsleyfi er formleg staðfesting landbúnaðarráðuneytisins á því að vottunarkerfi tiltekinnar vottunarstofu sé í samræmi við kröfur sem þessi reglugerð kveður á um.

Umsækjandi er aðili sem sækir um vottun á lífrænni landbúnaðarframleiðslu.

Vottun er formleg staðfesting á því að vara sé framleidd í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Vottunarkerfi er starfsreglur, framleiðslureglur og eftirlitskerfi tiltekinnar vottunarstofu.

Vottunarstofa er sjálfstæð, innlend stofnun, einstaklingur eða fyrirtæki, sem annast eftirlit og vottun.

II. KAFLI
Framleiðslueftirlit.

4. gr.
Vottunarstofa.

4.1. Vottunarstofa, sem fengið hefur faggildingu og starfsleyfi samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar, annast eftirlit, vottun og hefur eftirlit með notkun vottunarmerkis fyrir afurðir, sem markaðssettar eru með tilvísun til lífrænna framleiðsluaðferða.

5. gr.
Eftirlitsskylda.

5.1. Aðila, sem annast framleiðslu, geymslu, flutning, vinnslu og pökkun afurða sem að hluta eða öllu leyti eru úr lífrænt framleiddum hráefnum, og markaðssetur þær með tilvísun til lífrænna aðferða, er skylt að tilkynna um slíka starfsemi til viðurkenndrar vottunarstofu og sjá til þess að eftirlitskerfi það, sem um getur í 6.-8. gr. þessarar reglugerðar sé virkt í fyrirtæki hans eða býli. Ákvæði þetta tekur einnig til birgja og verktaka, sem sjá slíkum fyrirtækjum og býlum fyrir hráefni og unnum vörum, svo og til vinnslu sem fram fer á vottuðum býlum.

6. gr.
Umsókn um vottun.

6.1. Aðili sem sækir um vottun skal skila vottunarstofu skýrslu þar sem fram kemur:

- ítarleg úttekt á framleiðslueiningunni, ásamt uppdrætti;

- lýsing á húsakosti, tækjabúnaði, jarðnæði og sundurgreiningu þess þar með töldum afréttarlöndum, svo og afmörkun og fjarlægð framleiðslueiningar frá aðliggjandi framleiðslueiningum, þar sem almennur landbúnaður eða framleiðsla fer fram;
- hvenær efni, sem bönnuð eru samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, voru síðast notuð við ræktun eða framleiðslu;
- skuldbinding umsækjanda þess efnis að haga framleiðslu og meðferð varanna í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

6.2. Hafi umsækjandi ekki tekið upp að fullu lífrænar aðferðir skal umsókn hans fylgja áætlun um aðlögun framleiðslueiningar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, þar sem höfð er hliðsjón af lágmarks aðlögunartíma fyrir viðkomandi tegund framleiðslu.

7. gr.
Eftirlit.

7.1. Eftirlit með framleiðslueiningu skal framkvæmt a.m.k. einu sinni á ári. Það skal vera annarsvegar með tæknilegri hlið framleiðslunnar, þar sem hún er borin saman við framleiðslureglur, og hinsvegar með stjórnun framleiðslunnar, þar sem aðföng og afurðir eru borin saman. Óheimilt er að breyta sitt á hvað á milli almennra og lífrænna búskaparhátta á tilteknu býli eða ræktunarspildu. Heimilt er að taka prófsýni af afurðum til að kanna hvort í þeim séu óleyfileg efni samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skylt er að taka slík sýni af framleiðslunni ef grunur leikur á notkun óleyfilegra efna eða afurða.

7.2. Framleiðandi skal veita eftirlitsmanni aðgang að geymslu- og framleiðslustöðum, ræktunarspildum, bókhaldi, fylgiskjölum og öðru sem máli skiptir vegna eftirlitsins.

7.3. Að lokinni hverri eftirlitsferð skal eftirlitsmaður semja skýrslu um niðurstöðurnar sem send er vottunarstofu, undirrituð af eftirlitsmanni vottunarstofunnar og ábyrgðarmanni framleiðslueiningarinnar.

8. gr.
Skýrsluhald.

8.1. Aðili, sem óskar vottunar eða hefur hlotið hana, skal halda skýrslur um framleiðslu sína, þannig að eftirlitsmanni sé unnt að greina:

- landnýtingu, áburðarnotkun og tegundir uppskeru;
- búfjárhald, fjölda einstakra tegunda og fóðrun þeirra;
- vanhöld, lyfjanotkun og bólusetningar búfjár;
- uppruna, samsetningu, magn og notkun aðfanga, þar með aðkeypt búfé;
- samsetningu, magn og kaupendur afurða;
- magn og tegundir afurða sem seldar eru beint til neytenda.

III. KAFLI
Framleiðslureglur - jarðrækt og garðyrkja.

9. gr.
Umhverfisaðstæður.

9.1. Ræktunarspilda hlýtur viðurkenningu í fyrsta lagi tveim árum eftir að þar var notaður tilbúinn áburður eða varnarefni sem óheimil eru við lífræna ræktun. Skal vera minnst tíu metra varðbelti á milli þessara spildna og þeirra sem ekki uppfylla skilyrði lífrænnar ræktunar. Beitiland telst lífrænt þegar a.m.k. tvö ár eru liðin frá því að tilbúinn áburður var síðast borinn á það, enda hafa önnur skilyrði verið uppfyllt, svo sem varðandi jarðvegs- og gróðurvernd.

9.2. Gera skal allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að mengun af slysni, svo sem vegna úðunar á aðliggjandi spildum eða jörðum, berist inn á ræktunar- eða beitilandið. Leiki grunur á mengunarhættu í matjurtagörðum, t.d. 25 metra eða minna frá vegi með 3.000 bíla eða meira á sólarhring, skal vottunarstofa láta taka jarðvegs- og uppskerusýni til rannsóknar.
9.3. Skilyrði þess að villt ber, jurtir, fjallagrös og þörungar geti talist lífræn er að tínsla fari fram a.m.k. 50 metra frá þjóðvegi. Skrá skal svæði þau sem tínsla fer fram á og þess skal gætt að uppskera slíkra villtra afurða skaði vistkerfið á engan hátt. Þá skal þess gætt að slík svæði séu í hæfilegri fjarlægð frá hefðbundnum landbúnaði eða þéttbýli svo að ekki sé hætta á mengun afurðanna. Nýti annar en eigandi eða umráðamaður auðlindina skal hann færa sönnur á afnotarétt sinn.
9.4. Óheimilt er að brenna hálm og annað lífrænt efni á ökrum. Þó er heimilt að eyða illgresi með loga. Leitast skal við að bæta gæði jarðvegs eftir föngum og koma í veg fyrir hvers konar jarðvegseyðingu í akurlendi, svo sem með sáðskiptum, niðurplægingu lífræns efnis og skjólbeltarækt, og í úthaga með lífrænum og vélrænum uppgræðsluaðgerðum. Sáðskiptaræktun skal vera sem fjölbreytilegust, það er matjurtir af ýmsu tagi, fóðurkál og fóðurrófur, korn, gras og belgjurtir eftir því sem aðstæður leyfa á hverri jörð.
9.5. Mælt er með orkusparandi hitunarkerfum í gróðurhúsum. Þar er bannað að auðga loft með koltvíoxíði. Þó er undanskilinn útblástur koltvíoxíðs frá olíukyndingartækjum og náttúrulegt jarðgas.

10. gr.
Sáðvara og annar jurtaefniviður.

10.1. Velja skal til ræktunar þær tegundir og stofna nytjajurta, sem henta best jarðvegi og veðurskilyrðum á hverjum stað og reynast hafa sem mesta mótstöðu gegn plöntusjúkdómum og skaðvöldum.
10.2. Eftir því sem tök eru á skal aðkeypt sáðvara og annar efniviður til ræktunar nytjajurta hafa lífræna viðurkenningu. Við val afbrigða skal erfðabreytileika viðhaldið eftir föngum. Óheimilt er að nota tegundir eða afbrigði með breyttum erfðavísum.
10.3. Aðeins er heimilt að húða fræ með varnarefnum sem tilgreind eru í viðauka II með reglugerð þessari. Færi framleiðandi sönnur á að ekki sé fáanlegt viðunandi húðað fræ samkvæmt þeim reglum eru undanþágur heimilar.

11. gr.
Áburðarnotkun.

11.1. Gerðar skulu áburðaráætlanir fyrir hvert lífrænt býli er stuðli að aukinni frjósemi jarðvegs nema náttúruverndarsjónarmið krefjist annars. Því skal séð til þess að nægilegt lífrænt efni sé í honum þannig að hlutfall gróðurmoldar viðhaldist eða aukist. Lífrænt efni framleitt á býlinu sjálfu skal vera undirstaða áætlunarinnar.
11.2. Aðeins er heimilt að nota þær áburðartegundir sem tilgreindar eru í viðauka I með reglugerð þessari. Meginreglan er að tilbúinn köfnunarefnisáburður er ekki leyfður, hann skal vera af lífrænum uppruna, og steinefnaáburð má aðeins nota í náttúrulegu formi sem viðbót en ekki í stað búfjáráburðar og endurunnins lífræns hráefnis. Í einstökum tilvikum getur þó vottunarstofa veitt undanþágur ef sönnur eru færðar á að þörf sé sérstakrar viðbótar næringarefna eða lífræns efnis. Þær undanþágur ná þó ekki til tilbúins köfnunarefnisáburðar.

Endurprentað blað.

11.3. Sýrustigi jarðvegs skal viðhaldið í samræmi við jarðvegsgerð og tegundir þeirra nytjajurta sem ræktaðar eru. Efni þau sem heimilt er að nota í þessum tilgangi eru tilgreind í viðauka I.

11.4. Þar eð allar áburðartegundir, einkum þær köfnunarefnisríku, geta verið mengunarvaldar, skal þess vandlega gætt við áburðardreifingu að ekki skaðist jarðvegur, grunnvatn, ár, lækir, vötn og jarðargróði né gæði afurða spillist. Dæmi um slíkt eru þungmálmar í hráfosfati og lyfjaleifar í búfjáráburði. Leiki grunur á skaðlegri mengun áburðarefna ber vottunarstofu að gera tillögur um úrbætur þar sem m.a. er miðað við að innihald þungmálma í jarðvegi megi ekki aukast með árunum. Eigi er heimilt að nota köfnunarefnisríkan áburð svo sem þvag, áburðarvatn og brenninetluseyði á vaxtarskeiði grænmetis að því marki að gæði uppskerunnar rýrni. Ennfremur getur vottunarstofa látið rannsaka grænmetissýni til að ákveða magn efna á borð við þungmálma og nítröt.

11.5. Meðferð og dreifing búfjár- og safnhaugaáburðar skal vera með þeim hætti að sem minnst af næringarefnum tapist og mengun haldist í lágmarki, sbr. 11.4. Heildarmagn búfjáráburðar sem borið er á ár hvert, bæði eigið og aðflutt, má ekki vera meira en fallið gæti til á býlinu með hæfilegri áhöfn búfjár í lífrænni framleiðslu. Þó er heimilt að víkja frá þessari reglu á garðyrkjubýlum, bæði í útiræktun og gróðurhúsum, að því hámarki sem vottunarstofa setur með tilliti til aðstæðna. Hámarksfjöldi búfjár skal miðast við einn fullvaxinn nautgrip eða 10 vetrarfóðraðar kindur á hvern hektara ræktaðs lands. Við ákvörðun hámarksbeitarálags í úthaga, bæði í heimalöndum og afréttum, fyrir hverja tegund búfjár, skal vottunarstofa hafa til hliðsjónar niðurstöður frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og öðrum rannsóknaraðilum að teknu fullu tilliti til vistrænna takmarkana jarðvegs og gróðurs, veðurskilyrða og landnytja á viðkomandi jörð og afrétti sé hann nýttur. Vottunarstofa gefur fyrirmæli um hámarksnotkun búfjáráburðar á hektara fyrir hvert býli, svo sem með tilliti til uppruna og tegundar búfjáráburðar, rakainnihalds hans, geymslu, meðferðar, og hvort hann er notaður fyrir matjurtir eða fóðurjurtir. Óheimilt er að nota búfjáráburð úr verksmiðjubúum, svo sem frá búrhænsnum og kjúklingum og svínum í þrengslabúskap. Heimilt er að nota búfjáráburð frá kjúklinga- og svínabúum þar sem rúmt er á dýrunum, sbr. 21.2. Nota má áburð frá búfé í almennum landbúnaði, bæði af eigin búi og aðfluttan, á meðan á aðlögun stendur. Slíkan áburð er einnig heimilt að nota eftir að aðlögun er lokið á garðyrkjubýlum, bæði á útiræktun og gróðurhúsum.

11.6. Einnig er heimilt að nota annan lífrænan áburð svo sem seyru, endurunnið sorp og úrgang svo sem innyfli frá slátrun og fiskvinnslu í samræmi við viðauka I í reglugerð þessari og grunnreglur IFOAM, svo fremi að gætt sé heilbrigðisreglna í hvívetna til að koma í veg fyrir dreifingu sóttkveikja og sníkjudýra. Þó er bannað að nota áburð á matjurtir sem inniheldur saur. Vottunarstofa kveður nánar á um meðferð slíkra áburðartegunda, svo sem hitun í safnhaug og magn sem heimilt er að nota ár hvert á hektara og setur skorður gegn uppsöfnun þungmálma og annarra mengunarvalda í jarðvegi vegna notkunar slíks áburðar í samræmi við eftirtalin leyfileg hámarksgildi þungmálma reiknuðum í þurrefni:

	í jarðvegi	í lífrænum áburði
kvikasilfur	1 mg/kg	2 mg/kg
blý	100 mg/kg	250 mg/kg
kadmíum	2 mg/kg	10 mg/kg
nikkel	50 mg/kg	100 mg/kg
króm	150 mg/kg	1.000 mg/kg
kopar	50 mg/kg	400 mg/kg
sink	150 mg/kg	1.000 mg/kg

Endurprentað blað.

12. gr.

Sjúkdómavarnir.

12.1. Óheimilt er að nota önnur varnarefni gegn plöntusjúkdómum og skaðvöldum en þau sem tilgreind eru í viðauka II í reglugerð þessari. Þau skulu aðeins notuð ef nauðsyn krefur þar eð sjúkdómavarnir skulu fyrst og fremst vera fyrirbyggjandi og byggja á góðri jarðrækt, sáðskiptum, hæfilegri áburðarnotkun og vali tegunda og afbrigða sem henta umhverfinu í viðkomandi sveit. Heimilt er að beita lífrænum vörnum, svo sem með því að sleppa ákveðnum skordýrum í gróðurhús og ef þörf krefur getur vottunarstofa heimilað sótthreinsun jarðvegs með heitu vatni eða gufusuðu. Því aðeins er heimilt að nota úðunartæki sem notuð hafa verið fyrir óheimil efni að tækin séu vandlega hreinsuð fyrir notkun.

13. gr.

Illgresisvarnir.

13.1. Hefta skal útbreiðslu illgresis með fyrirbyggjandi ræktunartækni, svo sem hentugum sáðskiptum, og með ýmsum hentugum vélrænum aðferðum svo sem með notkun herfa, hreykiplóga, bursta, logatækja og heits vatns. Óheimilt er að nota öll tilbúin efni gegn illgresi.

14. gr.

Vaxtarefni.

14.1. Öll tilbúin efni sem örva eða draga úr vexti plantna eru óheimil í lífrænni ræktun.

15. gr.

Plastnotkun.

15.1. Óheimilt er að nota PVC plast. Heimilt er að nota trefjadúka og plast til þess að breiða yfir garðlönd og plast utan um votheysrúllur ef tegundirnar polyethylene og polypropylene eða aðrar þeim skyldar eru notaðar. Öllu úrgangsplasti skal safnað saman og það sent í endurvinnslu.

16. gr.

Geymsla matjurta.

16.1. Hvers konar efnameðferð og geislun matjurta til að auðvelda geymslu þeirra er bönnuð, þar með meðferð gegn spírun. Undanþegin þessu banni er tempruð loftræsting í geymslum með breyttum hlutföllum súrefnis, koltvíoxíðs og köfnunarefnis.

17. gr.

Sérákvæði um lífefl da jarðrækt.

17.1. Lífefld (biodynamic) úðunarefni og safnhaugahvatar (500-508) eru veigamiklir þættir í lífefldum landbúnaði. Árleg notkun hvatanna, þróuð á hverju býli, skal vera í samræmi við leiðbeiningar Rudolfs Steiners að viðbættum niðurstöðum síðari rannsókna og reynslu. Við skipulagningu ræktunar, sáningu, útplöntun og uppskeru matjurta skulu sömuleiðis hafðar í heiðri grundvallarreglur lífefldrar ræktunar.

IV. KAFLI
Framleiðslureglur - búfjárrækt og fiskeldi.

18. gr.
Uppruni og viðurkenning.

18.1. Búfjárhald skal eftir föngum tengja jarðrækt og garðyrkju á lífrænum býlum. Eftir því sem tök eru á skal aðlaga allar búfjárgreinar á býlinu lífrænum stöðlum og skal öll áhöfnin vera viðurkennd þegar aðlögunarskeiðinu líkur. Búfjárafurðir skulu hljóta lífræna vottun þegar öll ákvæði lífrænna staðla hafa verið uppfyllt, þar með talin ákvæði um fóðrun og búfjárvernd, í einn mánuð fyrir mjólk og egg og í eitt ár eða allt framleiðsluskeiðið fyrir kjöt og fiskeldisafurðir.

18.2. Búféð skal fætt og alið á býlinu sjálfu. Þó er heimilt að kaupa gripi með ákveðnum skilyrðum. Þannig er heimilt að flytja kynbótagripi frá býlum í hefðbundnum búskap að hámarki samsvarandi 10% fullorðinna gripa á býlinu sjálfu. Slíka gripi má endurselja sem lífræna, bæði til lífs og kjötframleiðslu, eftir að öll ákvæði lífrænna reglna á búinu hafa verið uppfyllt í tvö ár fyrir nautgripi og hross og eitt ár fyrir sauðfé, geitfé, svín og alifugla. Hvað annað búfé varðar sem notað er við framleiðsluna er heimilt að kaupa að gripi, einkum lífkvígur vegna mjólkurframleiðslu, og kaupa má kálfa eins mánaðar og yngri, varphænur 10 vikna og yngri og dagsgamla unga til kjötframleiðslu, án fjöldatakmarkana. Undanþágur frá reglum um aðflutning búfjár getur vottunarstofa veitt í sérstökum tilvikum, t.d. þegar koma þarf upp nýjum bústofni á stuttum tíma svo sem vegna nýrrar búgreinar, verulegrar stækkunar bús eða eftir náttúruhamfarir og vegna töku bústofns eftir niðurskurð gegn smitsjúkdómum. Óheimilt er að kaupa gripi á búfjármörkuðum og þess skal gætt að kaupa aðeins gripi frá býlum þar sem heilsufar er gott. Heimilt er að gefa aðkeyptum gripum ormalyf um leið og þeir eru komnir heim á býlið. Í fiskeldi er heimilt að kaupa að lífrænt vottuð hrogn og seiði samkvæmt ákvörðun vottunarstofu í hverju tilviki.

18.3. Hvað aðkeypta gripi varðar gilda sömu reglur um vottun og tilgreindar eru fyrir búfé á býli í aðlögun, sbr. 18.1.

19. gr.
Skýrsluhald.

19.1. Allt búfé skal vera einstaklingsmerkt með öruggum hætti, svo sem með plötumerkjum og tattóveringu í eyru, brennimerki á horn, frostmerki á húð eða örmerki undir húð. Lömb skulu eyrnamörkuð, fyrstu dagana eftir burð, sbr. lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um búfjármörk nr. 579/1989. Nota skal eyrnamörk með sem fæst hnífsbrögð og leitast skal við eftir megni að valda sem minnstum sársauka þegar búfé er auðkennt með framangreindum aðferðum. Vottunarstofa gefur fyrirmæli um auðkenningu eldisfisks í lífrænni framleiðslu.

19.2. Haldnar skulu ítarlegar skýrslur um allt búfé hverrar búgreinar fyrir sig, þar með aðkeypt. Skal það skráð í búfjárskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands eða öðru sambærilegu sem vottunarstofa viðurkennir. Auk skýrsluhalds vegna ræktunarstarfs og varðveislu erfðafjölbreytni og sérstæðra eiginleika, skal skrá öll sjúkdómatilvik, lyfjanotkun og bólusetningar fyrir einstaka gripi á býlinu. Skulu eftirlitsmenn ætíð hafa aðgang að þessum skýrslum ásamt öðrum upplýsingum um búreksturinn.

20. gr.

Búfjárkyn og kynbætur.

20.1. Velja skal þau búfjárkyn sem eru aðlöguð aðstæðum á hverjum stað. Einnig skal meta þýðingu erfðabreytileika við val kyns og reyna eftir föngum að komast hjá rýrnun erfðaefnis. Varast skal að æxla saman búfé af mismunandi kynjum leiði það til burðarerfiðleika. Óheimilt er að nota búfjártegundir eða kyn með breytta erfðavísa.

20.2. Kynbætur skulu miðast við góða afurðasemi þar sem gætt er hófs í notkun aðfanga, að gripirnir henti vel umhverfi sínu, séu endingargóðir og skili gæðaafurðum. Kynbótamarkmið skulu ekki stangast á við eðlislægt atferli gripanna og þau skulu ekki byggjast á aðferðum sem gera búskap háðan mikilli tækniværðingu og fjárfestingu. Þannig er flutningur fósturvísa ekki leyfður. Þá er óheimilt að samstilla gangmál með hormónum svo og að beita lyfjatækni til að auka frjósemi, flýta eða framkalla beiðsli og samstilla burð. Dýralæknum er þó heimilt að nota náttúrulegt prostaglandin til að framkalla fæðingu ef nauðsyn krefur, enda skal aldrei synja um nauðsynlega læknisaðgerð á grip sem líður þjáningu.

20.3. Sæðingar eru óæskilegar en þær eru leyfðar vegna erfiðleika við nautahald, takmarkana á flutningum kynbótagripa vegna sjúkdómavarna, í tengslum við varðveislu sjaldgæfra búfjárkynja og eiginleika þeirra eða vegna annarra ástæðna sem vottunarstofa tekur gildar.

20.4. Þótt gelding sé óheimil getur vottunarstofa leyft að nautkálfar, grísir og hross séu vanaðir þegar nauðsyn krefur. Aðeins er heimilt að gelda hrútlömb innan þriggja sólarhringa frá burði.

21. gr.

Umhverfi, húsakostur og búfjárvernd.

21.1. Búfé skal njóta eðlislægs atferlis eftir föngum og skal meðferð þess byggð á lífeðlisfræðilegum og siðfræðilegum grunni. Tryggja verður nægilega frjálsa hreyfingu, gott loft og dagsbirtu og vörn gegn of háu eða lágu hitastigi, úrkomu og vindum, eftir þörfum. Búfé skal hafa aðgang að nægu beitilandi á sumrin og njóta einnig útivistar á öðrum tímum árs að teknu tilliti til búfjártegundar, loftslags og annarra þátta sem máli kunna að skipta. Þó er heimilt að hýsa grísi og naut á eldisskeiði fyrir slátrun, þarfanaut allt árið og alifugla, gelti, hrúta, hafra og stóðhesta allan veturinn. Bannað er að halda alifugla í búrum.

21.2. Allt búfé skal ætíð hafa aðgang að góðu vatni og fóðri eftir þörfum, hvort sem það er haldið úti eða inni, í samræmi við lög um búfjárhald nr. 46/1991, lög um dýravernd nr. 15/1994 og reglugerðir við þau lög. Fjöldi gripa í hverri hjörð skal vera innan þeirra marka að atferli einstakra gripa fái notið sín. Því er vottunarstofu heimilt að ákvarða hámarks hópstærðir bæði innan húss og utan, einnig fyrir eldisfisk svo sem bleikju í litlum tjörnum eða kerjum. Við skiptingu búfjár einstakra tegunda í stíur eða hólf skal fullt tillit tekið til aldurs, stærðar og kyns gripanna, m.a. til að draga úr hættu á áreitni, einelti og misskiptingu fóðurs. Lágmarks legurými í húsi skal vera eftirfarandi:

Nautgripur, fullvaxinn	3,5 m^2
Kálfur undir 100 kg lífþunga	1,5 m^2
rými eykst um 0,5 m^2 fyrir hver 100 kg lífþunga	
Hestur, fullvaxinn	3,5 m^2
Trippi	2,5 m^2
Folald	2,0 m^2
Gylta með grísum	5,0 m^2
Gylta án grísa	3,0 m^2

Göltur	6,0 m^2
Grísir, fyrir hver 100 kg lífþunga	1,0 m^2
Vetrarfóðruð kind	1,0 m^2
Vetrarfóðruð geit	1,0 m^2
Varphænsni á undirburði, hverjar 5 hænur	1,0 m^2
Varphænsni á netgólfi, hverjar 6 hænur	1,0 m^2
Holdakjúklingar, fyrir hver 18 kg lífþunga	1,0 m^2

21.3. Þess skal gætt að gripir njóti heilbrigðs umhverfis þannig að unnt sé að komast hjá neikvæðum áhrifum á afurðirnar. Því skal forðast eftir föngum að nota byggingarefni og innréttingar sem geta haft eituráhrif, svo sem skaðlegar málningar og fúavarnarefni. Komið skal í veg fyrir slys á búfé með góðri hönnun, skipulagningu og viðunandi viðhaldi húsa og girðinga.

21.4. Gripahúsum skal haldið þurrum, hreinum og vel loftræstum, og dagsbirta skal tryggð með því að heildargluggaflötur nemi minnst 5-10% heildargólfrýmis í hverju húsi. Þegar eðlilegur tími dagsbirtu er framlengdur með rafljósum skal heildarbirtutími eigi vera lengri en 16 klukkustundir samfleytt og enda með dimmu tímabili. Í fiskeldi er heimilt að víkja frá þessari reglu. Forðast skal miklar hitastigssveiflur í gripahúsum.

21.5. Undirburður á gólf í gripahúsum skal helst vera af lífrænum uppruna, einkum hálmur, en einnig hey, svo og úrgangspappír, hefilspænir og sag sem laust er við mengandi eiturefni. Óheimilt er að láta búfé ganga á steingólfum eingöngu. Heimilt er að nota gúmmímottur á gólf þar sem nægur undirburður er ekki tiltækur og skulu motturnar vera úr endurunnu efni sé þess nokkur kostur. Í fjósum, hesthúsum og svínahúsum er aðeins heimilt að hafa grindur í flórum en vottunarstofu er heimilt að veita tímabundnar undanþágur fyrir stærri gólffleti á aðlögunartíma býlisins. Þá er vottunarstofu heimilt að veita leyfi til að hafa sauðfé og geitfé á gólfum með timburgrindum eða málmristum yfir veturinn, einkum þar sem fóðrað er á votheyi eða beitt er í fjöru, að því tilskyldu að öll kvendýr séu látin út dag hvern þegar veður leyfir eða látið er liggja við opið. Legurými geita skal vera upphækkað að hluta. Við mat á þörf fyrir grinda- eða ristargólf í gripahúsum skal vottunarstofa taka tillit til hins takmarkaða framboðs á hentugum undirburði í landinu, einkum vegna erfiðra skilyrða til kornræktar og útvegunar hálms. Á býlinu skal vera húsakostur sem heldur veðrum og vindum fyrir allt búfé. Útigangur hrossa er heimill á vetrum að því tilskyldu að tryggt sé gott skjól, nægileg beit og/eða fóðrun, og fölöldum og trippum sé haldið aðskildum frá fullorðnum hrossum ef hætta er á misskiptingu fóðurs vegna samkeppni gripanna.

21.6. Þótt meginreglan sé sú að allt búfé eigi alltaf að geta snúið sér auðveldlega í heilhring er heimilt að hafa mjólkurkýr bundnar á básа allan veturinn. Þessar kýr og aðrar skulu látnar út að vetrinum eftir aðstæðum, sbr. 21.1. Á sumrin er einnig heimilt að binda þær á básа þegar þarf að hýsa um skemmri tíma svo sem vegna óveðurs. Við gagngerar endurbætur og nýbyggingu fjósa skal ætíð komið upp aðstöðu til lausagöngu. Heimilt er að hafa fullorðin þarfanaut bundin á básum allt árið af öryggisástæðum. Eftir að aðlögunartíma býlisins lýkur, að hámarki eftir 10 ár, skal hýsa þarfanaut laus í stíum.

21.7. Óheimilt er að klippa tennur og stýfa gogga, vængi, hala og rófur búfjár. Heimilt er að fá dýralækni til að afhorna nautgripi ef nauðsyn krefur. Haust- og vetrarrúningur sauðfjár og geitafjár er heimill að því tilskyldu að í hverju tilviki sé sýnt fram á að allar aðstæður á býlinu séu fullnægjandi hvað varðar gæði húsakosts, sem skal vera nægilega hlýr og þurr og laus við dragsúg, og fóðrun, sem skal miðast við aukna fóðurþörf og aukið át.

21.8. Þess skal gætt að farið sé mannúðlega með allt búfé við smölun, réttun, hvers konar meðhöndlun í húsum, svo og við rekstur, flutning og slátrun. Reynt skal að halda streitu í lágmarki, t.d. með því að fara vel að gripunum, hafa flutningsvegalengdir sem stystar, blanda ekki saman mismunandi hópum í flutningi, hafa biðtíma stuttan í sláturhúsi og gefa þeim sem hafa hirt gripina kost á að vera viðstadda slátrun. Hún skal fara fram samkvæmt fyllstu kröfum um dýravernd. Óheimilt er að blanda saman búfé með lífræna viðurkenningu og öðru búfé við flutning og slátrun og skulu allir skrokkar sérmerktir, sbr. nánari ákvæði um slátrun og vinnslu kjötafurða í 34., 35., og 36. gr. þessarar reglugerðar.

22. gr.

Fóður og fóðrun.

22.1. Þar eð lífsþróttur og heilsa búfjár byggist mjög á góðri næringu ber að líta á notkun lífræns fóðurs í réttum hlutföllum sem undirstöðuþátt krafna lífrænna framleiðslureglna. Skal fóðrið einkennast af miklum gæðum og falla vel að næringarþörfum gripanna þannig að þeir vaxi með eðlilegum hætti og skili viðunandi afurðum í samræmi við erfðaeiginleika sína, sbr. 20.2. Sérstakt tillit skal tekið til lífeðlisfræðilegrar aðlögunar búfjár að mismunandi fóðri. Halda skal ítarlega skrá um allt fóður, hvort sem það er framleitt á býlinu eða aðflutt, bæði lífrænt og af hefðbundnum uppruna. Þá skal og skrá alla fóðurnotkun fyrir hverja tegund búfjár. Gera skal árlega fóðuráætlun með það að markmiði að nýta sem mest heimaaflað fóður. Að minnsta kosti 65% af fóðri jórturdýra og hrossa reiknað í þurrefni á dagsgrundvelli, skal vera heimaaflað að meðtöldu fóðri frá öðru lífrænu býli sem kann að vera í skipulögðu samstarfi um áburðar- og fóðurskipti. Á haustin skal tryggt að nægilegt fóður sé tiltækt til vetrarfóðrunar á hverju býli, sbr. lög um búfjárhald nr. 46/1991.

22.2 Fóðrun skal byggð sem mest á gróffóðri og skal allt búfé ætíð hafa aðgang að því á öllum tímum árs. Til gróffóðurs telst allur beitargróður í úthaga og á ræktuðu beitilandi, þar með einærar fóðurjurtir svo sem kál, repja og rófur, kartöflur, grænmetis- og ávaxtaafgangar, laufblöð, hey, heymeti, vothey, hálmur, þang og þari. Að minnsta kosti 60% af dagsgjöf jórturdýra og hrossa, talið í þurrefni, verður að vera gróffóður.

22.3. Allt fóður skal framleitt, og verkað sé þess þörf, í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Reynist ógerlegt að afla ákveðins fóðurs af lífrænum uppruna getur vottunarstofa leyft, að lítill hluti þess fóðurs sem búfénu er gefið, sé af hefðbundnum uppruna, hvort sem það er framleitt á býlinu sjálfu eða er aðflutt. Við upphaf aðlögunartíma býlisins skulu a.m.k. 50% fóðurs fyrir allar búfjártegundir og eldisfisk vera viðurkennt lífrænt, reiknað í þurrefni á dagsgrundvelli og skal hlutfallið hækkað smám saman og stefnt að 100% eftir 10 ára aðlögunartíma. Þau 50% sem eftir standa mega skiptast í fóður í aðlögun og hefðbundið fóður að hámarki:

Jórturdýr, hross í kjötframleiðslu og eldisfiskur	10% hefðbundið fóður
Jórturdýr og hross í mjólkurframleiðslu	20% hefðbundið fóður
Alifuglar og svín	30% hefðbundið fóður

Heimilt er að hækka hlutfall hefðbundins fóðurs á aðlögunartímanum úr 10% í allt að 20% heildarfóðurs jórturdýra og hrossa í kjötframleiðslu sem ganga á lífrænt viðurkenndum úthaga án aukafóðrunar, a.m.k. fimm mánuði ársins. Vottunarstofa getur veitt tímabundnar undanþágur frá kröfum um hlutföll á milli lífræns fóðurs í aðlögun og hefðbundins fóðurs, t.d vegna óhappa og náttúruhamfara á borð við flóð, þurrka, kal, snjóflóð, skriðuföll og eldgos.

Við slíkt mat skal m.a. tekið tillit til bæði neikvæðra þátta á borð við erfið skilyrði til belgjurta- og kornræktar og jákvæðra á borð við mikla notkun lífræns fóðurs í formi beitar á víðáttumikla úthaga þar sem fénaður nýtur frelsis og fjölbreytts, lítt mengaðs gróðurs. Heimilt er býlum sem hlotið hafa fulla viðurkenningu að nota að hluta fóður frá býlum í aðlögun. Ætíð skal þess þó gætt að a.m.k. 60% fóðursins, reiknað í þurrefni, verður að vera viðurkennt lífrænt.

22.4. Í hlöðum eða öðrum fóðurgeymslum skal halda aðskildu, eftir því sem kostur er, heimaöfluðu og aðfluttu fóðri svo og lífrænu, hefðbundnu og fóðri í aðlögun til þess að auðvelda skoðun hvenær sem er og fóðrun í réttum hlutföllum dag hvern. Vottunarstofa getur krafist rannsóknar á aðskotaefnum í aðfluttu, hefðbundnu fóðri þar sem grunur leikur á mengun.

22.5. Auk fóðurs sem tilgreint er í 22.2. er heimilt að nota til fóðrunar grasmjöl og köggla, þangmjöl, kornmeti ýmiss konar, ertur, sykur, mjólk og mjólkurafurðir, fisk, fiskúrgang og fiskimjöl án rotvarnarefna. Venjulega er ekki heimiluð íblöndun steinefna, snefilefna, vítamína og hreinna amínósýra nema af náttúrulegum uppruna. Vottunarstofa má þó veita undanþágu fyrir ákveðnar búfjártegundir og aldurshópa, vegna skorts í fóðri og vegna sérstakra eða óeðlilegra aðstæðna sem bóndinn hefur ekki stjórn á. Nota má mólassa og efni unnin úr bakteríum og ensímum sem íblöndunarefni við votheysgerð. Bannað er að blanda í fóður eða gefa búfé með öðrum hætti öll lyf svo sem sýklalyf, vaxtarhvetjandi efni svo sem hormóna, tilbúin bragðefni, litarefni, þvagefni og efni til að auka geymsluþol nema þau sem leyfð eru í vothey og til að auka geymsluþol vítamína í fóðurblöndum. Óheimilt er að gefa fóður unnið með hjálp leysiefna svo sem hexan eða íblandað öðrum efnasamböndum, fóður fyrir jórturdýr unnið úr sláturúrgangi og fóður úr hvers konar saur og búfjáráburði.

22.6. Ungviði, að undanskildum alifuglum og eldisfiskum, skal alið á lífrænni hrámjólk, helst móðurmjólk, sé þess kostur. Í neyðartilvikum er þó heimilt að nota hefðbundna nýmjólk eða gervimjólk sem hvorki inniheldur sýklalyf né tilbúin íblöndunarefni. Kálfar mjólkurkúa skulu a.m.k. fá að sjúga broddmjólkina og kálfar holdakúa skulu ganga undir þeim í a.m.k. 10 vikur. Grísi má ekki færa frá gyltum fyrr en við sex vikna aldur.

23. gr.

Sjúkdómavarnir.

23.1. Í lífrænum landbúnaði skal lögð mikil áhersla á gott heilsufar gripa og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum. Búskaparhættir og meðferð búfjár skal miðast við að byggja upp mótstöðu gegn sjúkdómum. Þó er ætíð heimilt að beita hvers konar dýralæknisaðgerðum til að lina þjáningar og/eða bjarga lífi gripa.

23.2. Í viðauka III með reglugerð þessari eru tilgreind þau lyf sem heimilt er að nota að höfðu samráði við yfirdýralækni. Dregið skal úr notkun hefðbundinna lyfja eftir megni en beita fremur jurta- og smáskammtalækningum komi þær að gagni. Séu hefðbundin lyf notuð skal líða að minnsta kosti tvöfaldur útskilnaðartími sem viðurkenndur er þangað til heimilt er að markaðssetja afurðirnar undir lífrænum vörumerkjum, þ.e. minnst tvær vikur eftir notkun sýklalyfja og fjórar vikur eftir notkun ormalyfja. Afurðir sjúkra dýra má aldrei selja. Kerfisbundin notkun hefðbundinna lyfja er bönnuð svo og notkun hormóna og annarra efna sem hafa áhrif á frjósemi og vöxt búfjár, sbr. 20.2. og 22.5.

23.3. Bóluefnanotkun er aðeins heimil þar sem ákveðnir sjúkdómar eru þekktir á býlinu og í nágrenni þess og eigi er unnt að hafa viðunandi stjórn á þeim með öðrum hætti. Dæmi um slíka sjúkdóma eru Clostridium sjúkdómar á borð við lambablóðsótt, garnapest og bráðapest. Samþykki vottunarstofu þarf að fást vegna notkunar slíkra bóluefna. Lögboðnar bólusetningar á ákveðnum býlum eða svæðum, svo sem gegn garnaveiki, eru ætíð heimilar. Sama gildir um

lögboðna lyfjameðferð gegn fjárkláða í stað böðunar, sbr. lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og reglugerð nr. 572/1994.

23.4. Samkvæmt lið 19.2. skal skrá hvers konar sjúkdómatilvik og dýralæknisaðgerðir, þar með alla lyfjanotkun og bólusetningar fyrir hvern grip. Skrá skal einnig vöruheiti lyfs og heiti framleiðanda. Skal hverjum einstökum bónda leiðbeint um aðferðir til að draga sem mest úr hefðbundinni lyfjanotkun, m.a. á grundvelli sjúkdómaskráa.

24. gr.

Sérákvæði um lífefldan búfjárrækt.

24.1. Á býlum þar sem lögð er stund á lífefldan landbúnað skal 80% af fóðrinu, reiknað í þurrefni á dagsgrundvelli, vera framleitt og viðurkennt sem lífeflt.

V. KAFLI

Geymsla, flutningur, pökkun og vinnsla.

25. gr.

Almenn skilyrði.

25.1. Lífrænt framleiddum vörum má ekki blanda saman við eða skipta inn fyrir vörur úr annarri framleiðslu.

25.2. Tilkynna skal vottunarstofu fyrirfram um sérhverja efnameðferð þannig að unnt sé að koma við umsjón eftirlitsmanns með notkun efnanna.

25.3. Svæling og önnur efnanotkun í vinnslu og geymslu er háð takmörkunum sem nánar kveður á um í reglum vottunarstofa. Notkun geislunar, etylenoxíðs og lindans er bönnuð. Útiloka verður áhrif skordýraeiturs og illgresislyfja í vinnslu og pökkun og á geymslusvæðum. Slík efni mega ekki komast í beina snertingu við vottaðar vörur.

25.4. Meindýravarnir skulu byggjast á fyrirbyggjandi aðgerðum. Ef þörf er sérstakra aðgerða er mælt með notkun eðlisfræðilegra hindrana, svo sem hljóðs og ljóss. Þá er heimilt að nota gildrur, hitastýringu, loftskipti og kísilgúr. Eiturefni skal einungis nota í neyð, ef aðrar aðferðir reynast árangurslausar, og þá með samþykki vottunarstofu.

26. gr.

Geymsla.

26.1. Lífrænt framleiddar vörur skulu vel merktar og geymdar aðskildar frá öðrum vörum með skilrúmum eða veggjum. Geymslusvæðið skal vera hreint og laust við skordýr og meindýr og skal svæðið hreinsað með aðferðum og efnum, sem vottunarstofa viðurkennir.

26.2. Geyma skal vörur við viðeigandi hitastig, en auk þess er heimilt að nota frystigáma með sírita, ís sem gerður er úr hreinu drykkjarvatni, loftskipti t.d. þar sem notað er koltvíoxíð, súrefni og köfnunarefni, og með lofttæmingu, kælingu og frystingu.

27. gr.

Flutningur.

27.1. Óheimilt er að flytja lífrænt framleiddar vörur með vörum framleiddum með hefðbundnum aðferðum, nema þær séu sérstaklega merktar og pakkaðar þannig, að þær komist ekki í beina snertingu við aðrar vörur. Fyrir flutning vörunnar skulu flutningatæki, gámar og ílát sem notuð eru vera vel hreinsuð og laus við hverskonar eiturefni og vöruleifar. Í flutningum skal koma í veg fyrir að varan tapi gæðum vegna of mikils hita, kulda eða hnjasks.

28. gr.
Pökkun.

28.1. Umbúðir um lífrænt framleiddar vörur skal, eins og hagkvæmnisástæður leyfa, velja og hanna í samræmi við sjónarmið umhverfisverndar. Forðast ber óþarfa umbúðir og stuðla ber að því að unnt sé að skila, endurnýta og endurvinna umbúðir, sem notaðar eru. Umbúðaefni skulu hæfa flutningi og geymslu matvæla. Umbúðir skulu vera hreinar og mengi þær ekki vöruna.

29. gr.
Húsnæði og vinnslutæki.

29.1. Krafist er sérstaks húsnæðis og/eða sérstakra tækja fyrir lífrænt framleidd hráefni. Þó getur verið nægilegt að hafa skilrúm á milli vinnusvæða að fengnu áliti vottunarstofu. Sérstaks vinnslutækis er krafist við vinnslu og pökkun á lífrænt framleiddum afurðum.

29.2. Vottunarstofa getur veitt tímabundna undanþágu frá ofangreindum skilyrðum, ef sérstakar ástæður krefjast þess.

29.3. Þegar heimilt er að nota sömu vinnslutæki fyrir lífrænt framleidd og önnur matvæli skulu gerðar ráðstafanir sem tryggja að engin snerting verði milli matvæla af ólíkum uppruna. Vottunarstofa ákveður tímalengd heimildar og hreinsunaraðferð fyrir vinnslutæki. Þau skulu vera auðveld í hreinsun, úr ryðfríu stáli, næloni, gleri eða plastefni fyrir matvæli.

30. gr.
Vinnsluaðferðir.

30.1. Almennt skulu lífrænt framleidd matvæli vera unnin í vélum, í höndum, með gerjunaraðferðum eða samblandi af þessum aðferðum. Vinnsla á lífrænt framleiddum matvælum skal vera sem minnst og skal ætíð reynt að varðveita sem best næringargildi og gæði afurðarinnar.

30.2. Geislun matvæla og notkun örbylgjuofna er óheimil. Þá er notkun erfðabreyttra örvera bönnuð í framleiðslu lífrænna afurða.

31. gr.
Heföbundin hráefni.

31.1. Við matvælaframleiðslu er leyfilegt að nota drykkjarvatn, natríumklóríð með eða án kalsíumkarbónats sem kekkjunarefni. Einnig má bæta matvöru með vítamínum, steinefnum og snefilefnum en þó einungis ef þess er krafist af yfirvöldum. Almennt er notkun hefðbundinna hráefna takmörkuð og lífræn hráefni notuð í stað þeirra þegar þau fást, sbr. 1. hluta viðauka IV með reglugerð þessari.

32. gr.
Aukefni.

32.1. Notkun aukefna skal samrýmast gildandi löggjöf þar að lútandi og er aðeins leyfð til að viðhalda næringargildi, að auka geymsluþol, að varðveita efnainnihald, áferð og útlit svo framarlega að ekki sé verið að blekkja neytandann um uppruna, efnainnihald eða gæði vörunnar, með eftirfarandi skilyrðum:

a) að ekki sé unnt að framleiða sambærilega vöru án aukefna;
b) að aukefnin séu notuð til að hraða vinnslu eða bæta fyrir meðferð matvæla í vinnslu eða til að endurskapa eða bæta bragð, lit eða næringarefni, sem tapast við vinnslu;
c) að þau séu notuð í meira magni en leyfilegt er til að gegna hlutverki sínu í matvörunni;
d) að þau innihaldi ekki önnur efni sem eru bönnuð.

32.2. Leyfileg aukefni eru tilgreind í viðauka IV með reglugerð þessari.

33. gr.
Hreinlæti.

33.1. Dagleg og vikuleg hreinsun: Skrapa, bursta, úða og þvo með vatni er heimilt í geymslum. Tæki, lyftur og ílát skal þvo og þurrka til að hindra uppsöfnun óhreininda. Ef upp koma vandamál er mælt með því að nota gufuþvott.
33.2. Leyfilegt er að nota þvotta- og hreinsiefni svo framarlega sem þau eru leyfð í matvælavinnslum. Ráðstafanir skal gera til að skola burt leifum af sótthreinsi- eða öðrum efnum á stöðum sem matvæli komast í snertingu við.
33.3. Í tilvikum þar sem nota þarf sterkari efni en venja er, skal það gert á þann hátt að engar leifar skulu komast í matvælin. Hreinsiefni skal ávallt geyma í læstum skáp.
33.4. Vottunarstofa veitir leyfi og hefur eftirlit með svælingu á vinnsluhúsnæði og geymslu og hún setur einnig reglur um biðtíma áður en vinnsla getur hafist að nýju. Við svælingu mega engin lífrænt framleidd matvæli vera í vinnslusal eða geymslu.

34. gr.
Meðferð fyrir slátrun.

34.1. Gæta skal varfærni í umgengni við sláturgripi fyrir slátrun. Þeim skal haldið rólegum og komið í veg fyrir að þeir slasist. Sláturgripir af ólíkum tegundum mega hvorki vera saman í flutningabíl né í rétt. Sláturgripir úr lífrænum landbúnaði og almennum landbúnaði mega aldrei vera saman fyrir slátrun. Sláturgripir sem hafa verið aldir lausir skulu vera óbundnir í rétt en aðrir sláturgripir vera bundnir. Flutningsleið milli býlis og sláturhúss skal vera eins stutt og kostur er. Biðtími dýra fyrir slátrun skal vera sem skemmstur miðað við gildandi reglur. Sláturgripir skulu fá vatn og aðhlynningu til að róast og þeim gefinn kostur á að hvíla sig, ef flutningsleið eða biðtími er langur. Ef biðtími er lengri en sex klukkustundir eiga dýrin að fá nægjanlegt rými og gott undirlag til að hvílast, en sé biðtími lengri en 12 klukkustundir eiga dýrin einnig að fá lífrænt fóður. Bannað er að reka sláturgripi áfram með rafmagnsstuði. Mælt er með því að reka hópinn áfram með náttúrulegum aðferðum svo sem úr myrkri í ljós eða láta forystudýr leiða hópinn. Hlífa skal gripunum við miklum hávaða og sterku ljósi bæði meðan á flutningi stendur og í sláturhúsi.

35. gr.
Slátrun.

35.1. Allir sláturgripir, þar með talinn eldisfiskur, skulu vera meðvitunarlausir fyrir blóðgun. Til að tryggja að svo sé skal starfsmaður skoða dýrið til að finna einkenni meðvitundarleysis. Koma skal í veg fyrir að gripir sjái blóðgunina eða inn í slátursal. Dauða verður að staðfesta áður en skrokkurinn er skorinn. Slíkt er hægt að gera með því að mæla blóð úr hverju dýri, athuga stærð augasteins eða að hálsæðar hafi ekki stíflast. Starfsfólk skal vera til taks ef vanda-

mál koma upp við slátrun. Hægfara og helgisiðaslátrun er bönnuð. Ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að sláturafurðir frá hefðbundnum og lífrænum landbúnaði blandist saman.

36. gr.

Kjötvinnsla.

36.1. Heilir skrokkar og skrokkhlutar skulu vera vel merktir. Merkingin skal sýna númer, sláturdag og þyngd. Vinnsla á kjöti skal fara fram í kjötvinnslu en ekki í sláturhúsi nema staðfest sé að engin blöndun geti átt sér stað á hefðbundnu og lífrænu kjöti, innyflum eða blóði. Heimilt er að hluta kjöt og fuglakjöt eftir slátrun í sláturhúsi enda sé viðurkennd aðstaða fyrir hendi. Öll hráefni verða að vera framleidd samkvæmt lífrænum aðferðum. Rétt hitastig og gott hreinlæti er skilyrði í kjötvinnslu á meðan á vinnslu stendur. Merking verður að vera nægjanleg til að hægt sé að rekja vöruna til framleiðanda. Unna kjötvöru verður að merkja með "best fyrir" dagsetningu.

37. gr.

Ferskir ávextir og ferskt grænmeti.

37.1. Við pökkun á ferskum afurðum þarf sér vinnslutæki og húsnæði. Ávöxtum og grænmeti má ekki pakka í sömu ílát og aðrar afurðir er hafa fengið efnameðferð sem tilgreind er hér að neðan. Við flokkun og þvott mega hefðbundnar afurðir ekki koma í snertingu við lífrænt framleiddar afurðir. Eftir þvott verður að skola afurðirnar með hreinu vatni. Heimilt er að þvo afurðir með þynntri lausn af hypóklóríði sem síðan er skolað af með hreinu vatni.

37.2. Óheimilt er að nota etýlen, með eða án köfnunarefnis, klaka með rotvarnarefni og myglueyðandi lausnir með bórsýru, sórbínsýru, bensósýru, edikssýru, mjólkursýru, súlfíti, nítrati og nítríti.

38. gr.

Mjólkurafurðir.

38.1. Sérstök fyrirtæki og vinnslutæki eru skilyrði fyrir vinnslu á lífrænni mjólk. Æskilegt er að hreinsa vinnslurásina með miklu vatni og/eða gufu eftir hefðbundna hreinsun. Heimilt er að selja frosna mjólk.

VI. KAFLI

Vörumerkingar.

39. gr

Almenn ákvæði.

39.1. Merkingar lífrænt framleiddrar vöru skulu samrýmast almennri löggjöf þar að lútandi, vera skýrar og gefa rétta mynd af vörunni, þannig að unnt sé að rekja uppruna hennar.

39.2. Merkingar skulu greina frá efnainnihaldi í þeirri röð sem þyngdarhlutfall hvers efnis segir til um. Geta skal allra aukefna sem notuð eru í vöruna. Einnig þeirra sem fylgja hráefnum, jafnvel þótt þau hafi engin tæknileg eða önnur áhrif á hina tilbúnu vöru.

39.3. Lágmarkskrafa er að á vörumiða séu upplýsingar um vinnsluþrep sem hafa áhrif á eiginleika vörunnar. Neytendur skulu eiga þess kost að geta aflað sér nánari upplýsinga um vöruna á sérstökum blöðum sem liggja frammi í viðkomandi verslun.

40. gr.

Uppruni vöru.

40.1. Heimilt er að merkja og auglýsa landbúnaðarafurð með tilvísun til lífrænna framleiðsluhátta, að því tilskildu, að slíkar tilvísanir lúti greinilega að aðferð við framleiðslu og að afurðin sé framleidd af fyrirtæki eða býli, sem fengið hefur vottun viðurkenndrar vottunarstofu.

40.2. Heimilt er að merkja og auglýsa vöru sem lífrænt framleidda afurð, enda sé varan framleidd samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Þó má allt að 5% af þunga samsettrar vöru (að salti og íblönduðu vatni undanskildu) vera framleitt í landbúnaði með hefðbundnum aðferðum. Ef minna en 95% og að minnsta kosti 50% af þunga vörunnar er úr lífrænt framleiddum hráefnum má eingöngu vísa til lífrænna framleiðsluhátta í innihaldslýsingu með samskonar letri (stærð og lit) og getið er um önnur efni í lýsingunni. Ef jurtir eða krydd eru minna en 2% af heildarþyngd vörunnar má skrá þau sem "krydd" eða "jurtir". Ekki má blanda saman sambærilegu hráefni úr lífrænum og hefðbundnum landbúnaði.

40.3. Heimilt er að merkja og auglýsa óunnar landbúnaðarafurðir með tilvísun til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum, að því tilskildu að ákvæði þessarar reglugerðar hafi verið uppfyllt í a.m.k. eitt ár áður en uppskerutímabil vörunnar hófst, að varan hafi verið framleidd samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar um lífræna framleiðsluhætti, og að viðkomandi tilvísun villi ekki um fyrir kaupanda hvað varðar mismun á slíkri vöru og vöru sem framleidd er eftir að tveggja ára aðlögunartímabili er lokið.

40.4. Innfluttar landbúnaðarvörur skulu lúta sömu ákvæðum og getið er um í 40.1-40.3., með þeim fyrirvörum og athugasemdum sem um getur í VII. kafla þessarar reglugerðar.

41. gr.

Vottunarmerking.

41.1. Heimilt er að geta þess á merkingu eða í auglýsingu afurðar að viðkomandi vara sé í samræmi við ákvæði VI. kafla þessarar reglugerðar um eftirlit og vottun, að því tilskyldu að:

(a) varan hafi verið vottuð af vottunarstofu sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð;

(b) fram komi nafn vottunarstofu og skráð merki hennar, svo og nafn og heimilisfang framleiðanda;

(c) ekki sé gefið í skyn að í ábendingunni felist trygging fyrir meiri bragðgæðum, næringu eða hollustu;

(d) ekki má nefna vöru framleidda úr fjölda hráefna eftir einu þeirra;

(e) vöruheiti, sem vísa til ákveðinna landa, landshluta eða svæða, má eingöngu nota á vörur frá viðkomandi stöðum, enda séu þær unnar samkvæmt viðurkenndum aðferðum.

VII. KAFLI
Eftirlit með vottunarkerfum.

42. gr.

Yfirstjórn.

42.1. Landbúnaðarráðherra veitir vottunarstofu starfsleyfi og úrskurðar í kærumálum sem kunna að koma upp varðandi vottun lífrænna landbúnaðarafurða. Landbúnaðarráðuneytið heldur skrá yfir vottaða framleiðendur og lífræn vörumerki.

43. gr.

Þróun framleiðslureglna.

43.1. Landbúnaðarráðuneytið skal fylgjast með þróun alþjóðasamþykkta og reglna um lífræna landbúnaðarframleiðslu, sem Ísland miðar sig við. Þá skal landbúnaðarráðuneytið fjalla um

hugmyndir um breytingar á lágmarksreglum um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Að fengnu áliti ráðgjafarnefndar um reglur varðandi lífræna framleiðsluhætti, sbr. 45.1., skal landbúnaðarráðuneytið gera rökstuddar tillögur til ráðherra varðandi breytingar á ákvæðum þar að lútandi, sbr. III.-VI. kafla í þessari reglugerð.

44. gr.

Fagleg skilyrði fyrir starfsleyfi.

44.1. Vottunarkerfi fyrir lífræna landbúnaðarframleiðslu skal fela í sér ákveðið rekstrarform með samþykktum, eftirlits- og vottunarþjónustu með sérstökum starfs- og framleiðslureglum sem notendur þjónustunnar skulu miða við.

44.2. Starfslið vottunarstofu, eftirlitsmenn og vottunarnefnd skulu hafa skýr fyrirmæli um ábyrgð og skyldur, hafi fengið þjálfun til starfa sinna og starfi óháð þeim sem hafa beina viðskiptalega hagsmuni af vottun. Eftirlitsmenn skulu hafa fengið þjálfun til eftirlitsstarfa hjá viðurkenndum vottunaraðila fyrir lífræna framleiðslu.

44.3. Eftirlits- og vottunarþjónusta vottunarstofu skal vera opin öllum sem stunda framleiðslu, úrvinnslu, dreifingu og innflutning lífrænt framleiddra afurða. Vottunarstofa gefur út framleiðslureglur í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og tilkynnir landbúnaðarráðuneytinu og viðskiptavinum sínum um allar breytingar sem gerðar eru á þessum reglum.

44.4. Vottunarstofa skal halda skrá yfir alla sem hljóta vottun á hennar vegum. Verði breyting á skránni frá því að starfsleyfi var síðast veitt skal það tilkynnt landbúnaðarráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að breytingin á skránni tók gildi.

44.5. Landbúnaðarráðherra veitir vottunarstofu starfsleyfi til allt að fimm ára í senn, að fenginni faggildingu Löggildingarstofu. Starfsleyfi er endurnýjað til næstu fimm ára hafi faggilding fengist. Heimilt er að veita vottunarstofu í fyrsta sinn tímabundið starfsleyfi til allt að tveggja ára, án þess að hún hafi fengið faggildingu, enda liggi meðmæli frá Löggildingarstofu fyrir um veitingu slíks tímabundins starfsleyfis.

44.6. Umsókn vottunarstofu til landbúnaðarráðuneytisins um starfsleyfi skulu fylgja eftirtalin gögn:

- starfsreglur vottunarstofunnar;
- upplýsingar um menntun og hæfni starfsmanna;
- framleiðslureglur sem vottunarstofan notar;
- skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa vottun samkvæmt vottunarkerfi viðkomandi vottunarstofu; þ.e. nöfn, kennitölur, heimilisföng og vottaðar vörutegundir;
- afrit af samningum sem vottunarstofa hefur gert við aðra eftirlitsaðila;
- vottorð um faggildingu eða meðmæli Löggildingarstofu.

44.7. Í starfsleyfi skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi vottunarstofu, númeri starfsleyfis og gildistíma.

44.8. Landbúnaðarráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi vottunarstofu uppfylli hún ekki kröfur þessarar reglugerðar. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis skal tekin fyrir innan þriggja mánaða eftir að hún berst landbúnaðarráðuneytinu.

45. gr.

Ráðgjafarnefnd.

45.1. Landbúnaðarráðherra skal skipa sjö manna ráðgjafarnefnd um reglur fyrir lífræna landbúnaðarframleiðslu. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn þannig: formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar; tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka

bænda í lífrænum búskap; einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands fyrir hönd úrvinnslu- og dreifingaraðila lífrænt framleiddra afurða; einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu fræðslu-, leiðbeiningar- og rannsóknastofnana landbúnaðarins og skal sá hafa sérþekkingu á sviði lífrænna framleiðsluhátta; einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Neytendasamtakanna; einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfisráðuneytisins, og skal sá hafa sérþekkingu á umhverfisvernd og vistfræði; auk þess skal hver starfandi vottunarstofa hafa rétt til að senda einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á fundi nefndarinnar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

46. gr.
Námskeið.

46.1. Séu bændum veittir opinberir aðlögunarstyrkir er landbúnaðarráðuneytinu heimilt að gera kröfur um að þeir sæki stutt, viðurkennd námskeið í lífrænum landbúnaði og sé kostnaður við þau innifalinn í styrknum.

47. gr.
Gildistaka o. fl.

47.1. Gerist framleiðandi brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar er heimilt að svipta hann rétti til að nota lífrænt vörumerki.

47.2. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 162 31. desember 1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

I. VIÐAUKI
(ESB reglugerð nr. 2092/91; viðauki II A).

Afurðir til notkunar í áburði og jarðnæringu:

Húsdýra- og alifuglaáburður
Húsdýrahland, blandað mykju eða taði
Hálmur
Mór
Blöndur úr lífrænum úrgangi gerðar úr útdrætti af notuðum sveppum og ormum
Blöndur úr lífrænum úrgangi úr húsasorpi
Blöndur úr lífrænum úrgangi plöntuleifa
Unnar dýraafurðir úr sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum
Lífrænar aukaafurðir matvæla- og textíliðnaðar
Þang og þangafurðir

Sag, börkur og timburúrgangur
Viðaraska
Náttúrulegur fosfatsteinn
Brenndur álfosfatsteinn
Gjall
Kalíumkarbónatsteinn
Kalksteinn
Krít
Magníumsteinn
Kalkkenndur magníumsteinn
Epsomsalt (magníumsúlfat)
Gifs (kalsíumsúlfat)
Steinduft
Leir (bentónít, perlusteinn)

Eftirtaldar afurðir þurfa að hafa hlotið viðurkenningu eftirlitsaðila:

Kalíumsúlfat
Snefilefni (bór, kopar, járn, mangan, mólýbden, sínk)
Brennisteinn

II. VIÐAUKI

(ESB reglugerð nr. 2092/91; viðauki II B).

Afurðir til að halda niðri plöntuskaðvöldum og sjúkdómum:

Efnablöndur byggðar á pýretríni sem fengið er með útdrætti úr *Chrysanthemum cinerariaefolium* sem hugsanlega inniheldur efni sem stuðla að samvirkni
Efnablöndur úr *Derris elliptica*
Efnablöndur úr *Quassia amara*
Efnablöndur úr *Ryania speciosa*
Própólis
Kísilgúr
Steinduft
Efnablöndur byggðar á metaldehýði sem inniheldur efni sem fælir æðri dýrategundir sé það notað í gildrum
Brennisteinn
Bordeauxblanda
Búrgundarblanda
Natríumsilíkat
Natríumbíkarbónat
Kalíumsápa (grænsápa)
Ferómónblöndur
Bacillus thuringiensis-blöndur
Kornóttar veirublöndur
Jurta- og dýraolíur
Parafínolía

III. VIÐAUKI

Leyfð dýralyf og dýralyf með takmarkaðri notkun.

Dýralyf sem leyfð eru með takmarkaðri notkun eru þau lyf þar sem ákveðins útskilnaðartíma er krafist áður en afurðir eru seldar sem lífrænar afurðir og að skráningar um notkun er krafist.

Leyfð dýralyf:

Steinefnablöndur.
- Kalsíumbóróglúkonat
- Kalsíumglúkonat
- Kalsíumklóríð
- Kalsíumfosfat
- Magníumfosfat
- Kalsíum/Magníum blöndur
- Náttúrulegar járnblöndur eins og netlur

Niðurhreinsandi lyf.
- Lækningajurtir eins og mustarðsblöð
- Laxerolía
- Fóðuríblöndunarefni
- Hörfræ

Vítamín.
- Öll vítamín önnur en tilbúin

Lyf gegn niðurgangi.
- Lyfjakol
- Eikarbörkur og/eða krít

Leysilyf.
- Öll eins og Ringers upplausn og fysíólógiskt saltvatn 0,9%

Sýklalyf.
- Engin að undanteknu sortulyngi gegn þvagrásartruflunum

Lyf með takmarkaðri notkun.

Þar sem tilbúin lyf eru notuð, skal miða við tvöfaldan löglegan útskilnaðartíma, áður en neysla afurða er leyfð.

Bóluefni má einungis nota ef sjúkdómavaldur eru þekktur á lífrænu býli og verður ekki haldið niðri með öðrum aðferðum. Skyldubólusetningar eru leyfðar.

Notkun vaxtarhvetjandi og framleiðsluörvandi efna, tilbúinna vaxtarbælandi efna ásamt hormónum til að koma af stað egglosi eða samstilla gangmál er bönnuð.

Sýklalyf (antibiotics, chemotherapeutics)
Oxytócín
Staðdeyfilyf
Snýklalyf
Lungna- og iðraormalyf
Lyf gegn sníkjudýrum í eða á húð
Verkjalyf og efni sem hafa áhrif á miðtaugakerfið
Tilbúin vítamín og steinefni
Sermi

IV. VIÐAUKI

Matvælavinnsla.

1. hluti:
Heföbundin aukefni og tæknileg hjálparefni.

Almennt er notkun eftirtalinna hráefna takmörkuð og lífræn hráefni notuð í stað þeirra þegar þau fást.

Í eftirfarandi töflu eru talin upp heföbundin aukefni sem leyfð eru til notkunar í lífrænt framleiddum vörum. Taflan er ekki tæmandi yfir alla notkun aukefna í einstaka fæðuflokka og má því nota hana sem leiðbeinandi fyrir ákvarðanir um notkun aukefna í öðrum fæðuflokkum.

Við matvælaframleiðslu er leyfilegt að nota drykkjarvatn, natríumklóríð með eða án kalsíumkarbónats sem kekkjunarvarnarefni. Einnig má bæta matvöru með vítamínum, steinefnum og snefilefnum en þó einungis ef þess er krafist af yfirvöldum.

Aukefni og aðkomin aukefni (carriers)

Aukefni	Fæðuflokkar	Athugasemdir og takmarkanir
E 170 Kalsíumkarbónat	AN*	
E 220 Brennisteinssýrlingur	V	
E 224 Kalíumtvísúlfít	V	
E 270 Mjólkursýra	ÁG	Ávaxtaþykkni, grænmetissafi eða þykkni og gerjaðar grænmetisafurðir
E 290 Koltvíoxíð	AN	
E 300 Askorbínsýra	ÁG	Þegar hún fæst ekki á náttúrulegu formi
E 306 Tókóferól	F	
E 322 Lesitín	AN	Unnin án bleikiefna
E 330 Sítrónusýra	ÁG	Ávaxtaþykkni, grænmetissafi eða þykkni, sultur og gerjaðar grænmetisafurðir
	V	Takmarkað magn 1 g/l
E 331 Natríumsítrat	KV	
E 332 Kalíumsítrat	KV	
E 333 Kalsíumsítrat	KV	
E 335 Natríumtartrat	S/KK	
E 334 Vínsýra	V	Aðeins fyrir léttvín
E 336 Kalíumtartrat	K/S/KK	
E 341 Einkalsíumeinfosfat	K	Einungis sem lyftiefni í hveiti
E 342 Ammóníumfosfat**	V	Takmarkað magn 0,3 g/l
E 406 Agar	AN	
E 410 Karóbgúmmí	AN	
E 412 Gúargúmmí	AN	Egg: eggjalausnir og frystar eggjaafurðir

E 414 Arabískt gúmmí	M/F/S	
E 415 Xantangúmmí	F/ÁG/KK/SA	
E 440 Pektín	AN	Ekki umbreytt
E 450 Tetrakalíumtvífosfat	KK	
E 500 Natríumkarbónat	S/KK	
E 501 Kalíumbíkarbónat	K/S/KK	
E 508 Kalíumklóríð	ÁG/SA	Einungis fyrir frysta ávexti, fryst grænmeti, niðursoðna ávexti og niðursoðið grænmeti, grænmetissósur, tómatsósu og sinnep
E 509 Kalsíumklóríð	M/F/ÁG/SB	
E 511 Magnesíumklóríð	SB	
E 516 Kalsíumsúlfat	KK/SB	
	K	Aðeins sem aukefni í bökunargeri
E 517 Ammóníumsúlfat**	V	Takmarkað magn 0,3 g/l
E 524 Natríumhydroxíð	K/ÁG	Í K aðeins í Laugenbäck Í ÁG aðeins í ólífum
E 941 Köfnunarefni**	AN	
E 948 Súrefni**	AN	
Gelatín	KK	

* Skammstafanir fyrir fæðuflokka
** Ekki í aukefnalista

AN	Almenn notkun	**KV**	Kjötvörur
K	Kornvörur	**ÁG**	Ávaxta- og grænmetisvörur
V	Vín	**KK**	Kökur og kex
S	Sælgæti	**F**	Feitmeti
SB	Sojabaunavörur	**SA**	Salöt
M	Mjólkurvörur		

Bragðefni

Náttúruleg bragðefni, rokgjarnar olíur búnar til án hjálpar líffrænna leysa og reykbragðefni eru leyfð til notkunar.

Afurðir framleiddar með örverum

Leyfilegt er að nota allar afurðir örvera og einnig ensím þeirra, sem notuð eru við hefðbundna matvælaframleiðslu nema afurðir af örverum með breyttum erfðavísum. Einnig er leyfilegt að nota bökunargersveppi sem eru unnir án hjálpar bleikiefna eða líffrænna leysa.

2. hluti:
Hjálparefni og önnur efni sem heimilt er að nota við vinnslu á líffrænum hráefnum.

Aukefni	**Fæðuflokkar**	**Athugasemdir og takmarkanir**
E 170 Kalsíumkarbónat	AN*	
E 220 Brennisteinssýrlingur	SY/V	Til að stilla sýrustig á úrdráttarvatni

E 941 Köfnunarefni**	AN	
E 290 Koltvíoxíð**	AN	
E 322 Lesitín	AN	Smurningsfeiti
E 330 Sítrónusýra	AN	
E 270 Mjólkursýra	KV	
E 501 Kalíumkarbónat	K/S/KK/V	
E 516 Kalsíumsúlfat	GA	Storknunarefni
Afurðir úr trjáberki	SY	
E 511 Magnesíumklóríð	SB	
E 500 Natríumkarbónat	SY	
E 334-337 Vínsýra og sölt hennar	V	Úr sömu framleiðslu
E 184 Tannínsýra**	V	Hjálparefni við síun
Matarlím	V	
Kasein	V	
Albúmín úr eggjahvítu	V	
E 551 Kísiltvíoxíð	V/T/ÁG	Sem gel eða kvoðulausn
Kísilgúr	SY/ÁG	
Gelatín	ÁG/V	
Síunarefni án asbests	AN	(Sellulósi, virkt kolefni, perlít)
E 181 Tannín	V	
Bentónít	ÁG/V	
E 903 Karnaubavax	AN	
Jurtaolíur	AN	
E 901 Bívax	AN	
Ethanól	AN	
Vatn	AN	

* Skammstafanir fyrir fæðuflokka
** Ekki í aukefnalista

AN	Almenn notkun	**KV**	Kjötvörur
K	Kornvörur	**ÁG**	Ávaxta- og grænmetisvörur
V	Vín	**KK**	Kökur og kex
S	Sælgæti	**F**	Feitmeti
SB	Sojabaunavörur	**SA**	Salöt
M	Mjólkurvörur	**SY**	Sykur
T	Te		

REGLUGERÐ

um útflutning hrossa.

I. KAFLI
Um flutning og merkingu útflutningshrossa.

1. gr.

Öll farartæki sem notuð eru til útflutnings hrossa skulu fullnægja þeim fyrirmælum um aðbúnað hrossa sem sett eru í þessari reglugerð.

Ekki má flytja hross frá Íslandi með sama farartæki og samtímis flytur búfé frá öðrum löndum. Ef um er að ræða farartæki sem áður hafa verið notuð til flutnings á erlendum gripum skal stjórnandi farartækisins skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra eða tollstjóra frá því og skal farartækið þá sótthreinsað á kostnað eiganda þess samkvæmt fyrirsögn yfirdýralæknis, ef hann telur þörf á því, og skal það gert áður en farartækið kemur í íslenska höfn.

Áður en hross eru flutt um borð í flugvél eða skip skal viðkomandi embættisdýralæknir fullvissa sig um að allur útbúnaður og sótthreinsun flutningatækis sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og fyrirmæli yfirdýralæknis. Óheimilt er að nota erlent hey eða hálm í farartækjum sem flytja hross frá Íslandi.

Hrossum skal ávallt sýna fyllstu nærgætni í hvívetna svo þeim líði eins vel og kostur er á í flutningum. Gæslumenn skulu að staðaldri hafa eftirlit með hrossunum og sjá um að þau fái viðhlítandi umhirðu og að aðbúnaður þeirra sé skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur krafist þess, að fengnum rökstuddum tillögum yfirdýralæknis eða útflutnings- og markaðsnefndar, að dýralæknir sé með flutningsfari og hafi yfirumsjón með gæslu hrossa í flutningi.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. apríl skulu hross flutt úr landi með flugvélum. Þó getur landbúnaðarráðherra, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, veitt leyfi til að flytja hross með viðurkenndum flutningaskipum á þessu tímabili.

Óheimilt er að flytja úr landi folöld yngri en fjögurra mánaða. Áður en folöld eru flutt úr landi skulu þau höfð á gjöf í að minnsta kosti í 10 daga og jafnframt gefið ormalyf. Folöld má ekki flytja í stíum með fullorðnum hrossum nema þegar folald er flutt með móður sinni.

3. gr.

Útflutningshross skal merkja með bókstöfum og númeri sem klippt eru á vinstri síðu og glöggt skráð á múl hrossins. Númer skulu færð á skýrslu dýralæknis, skýrslu flutningsaðila skv. 4. gr. og á upprunavottorð skv. 17. gr. Númerin skulu samanstanda af tveimur bókstöfum og raðnúmeri. Fyrri bókstafurinn er einkennisstafur útflytjenda en sá síðari þess lands er hrossið verður flutt til. Bændasamtök Íslands úthluta þeim útflytjendum sem árlega flytja út fleiri en 10 hross sérstökum bókstaf jafnframt því sem þau ákveða bókstaf fyrir hvert land. Útflytjendur sem flytja út 10 hross eða færri nota allir bókstafinn X auk bókstafs innflutningslands og raðnúmer er Bændasamtök Íslands úthluta. Allir útflytjendur eru ábyrgir fyrir því að hrossin séu rétt merkt í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skal dýralæknir í útflutningshöfn líta eftir að svo sé.

4. gr.

Að lokinni hverri ferð skal flutningsaðili láta útflutnings- og markaðsnefnd í té skýrslu um líðan hrossanna meðan á flutningi stóð. Hafi hross slasast eða drepist, skal greint frá orsökum ef unnt er. Skýrsluna skal senda nefndinni innan mánaðar frá því hrossunum var skipað á land í erlendri höfn.

II. KAFLI
Um flutning hrossa í skipum.

5. gr.

Þegar hross eru flutt með skipum skal hafa þau í stíum eða básum svo traustgerðum að ekki bili þótt þau hross sem í þeim eru kastist á veggi í sjógangi. Stíur og básar skulu gerðir úr traustu efni með sléttu yfirborði sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Stíuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb. Við útbúnað stía skal þess gætt að hrossin geti hvergi fest fætur milli bita og hvergi séu skarpir kantar eða horn sem valdið geta meiðslum á hrossunum.

Stíubreidd skal vera rúmlega hestlengd (2 m) svo nægilegt rými sé til gjafa og brynningar. Fyrir hvert fullvaxið hross skal ætla 70 cm breidd á jötu að meðaltali. Eigi má hafa fleiri en sex fullvaxin hross saman í hverri stíu.

Greiður og öruggur gangur, að minnsta kosti 50 cm á breidd, skal vera að hverri stíu og bás, þannig að auðvelt sé að komast að hrossunum til gjafa, brynningar og eftirlits. Stíugólf skal gera eins stöm og frekast er unnt. Þegar hross eru flutt með skipum skal þess gætt að þau snúi þvert í skipinu. Stóðhesta skal flytja sér í bás eða stíu og er heimilt að binda þá. Önnur hross skulu vera með múl, en óbundin meðan á flutningi stendur. Hross skulu vera ójárnuð í flutningum.

6. gr.

Þegar hross eru flutt undir þiljum skal þess gætt að birta sé nægileg og jöfn svo unnt sé að hafa nægjanlegt eftirlit með þeim. Lestar skulu hafa loftræstikerfi svo nóg loft sé í lestunum þótt þeim sé lokað til fulls í óveðrum. Fóður og vatn skal geymt svo nærri hrossunum að það sé ávallt tiltækt og gæta skal þess að fóðrið spillist ekki af sjó eða vatni.

Einangra skal sjúk eða slösuð hross svo þau verði ekki fyrir óþægindum af öðrum hrossum meðan á ferð stendur og veita þeim þá umönnun og læknishjálp sem við verður komið.

Hross, sem flutt eru ofan þilja, á tímabilinu 15. apríl til 1. júní og 1. til 31. október skulu höfð í gámum, sem hægt er að loka með hlerum eða á annan traustan hátt og þeim þannig skýlt gegn sjó og veðri.

7. gr.

Skipstjóri á hverju skipi, sem flytur hross, skal sjá fyrir nægum og hæfum mannafla til að hirða hrossin, sem skulu fóðruð og brynnt tvisvar á sólarhring.

Dýralæknir sá sem hefur eftirlit með útflutningi hrossa á hverjum stað skal ganga úr skugga um að nægilegt fóður og drykkjarvatn sé í skipinu handa hrossunum á leiðinni. Skal fóður eigi vera minna en 7 kg af vel verkuðu, en ekki of kraftmiklu heyi á dag fyrir hvert fullorðið hross, miðað við áætlun skipsins og ætla skal hverju hrossi 20 lítra af vatni á dag.

Á skipinu skal vera tiltækt hentugt verkfæri til aflífunar ef gæslumenn þurfa að lóga hrossi vegna lemstra eða sjúkdóms.

III. KAFLI
Um flutning hrossa í flugvélum.

8. gr.

Þegar hross eru flutt flugleiðis skulu þau höfð í básum eða stíum. Ætla skal hverju fullorðnu hrossi 1,1 m^2 gólffletar og eigi má flytja fleiri en ellefu hross í hverri stíu. Stíuveggir og milligerðir skulu ekki vera lægri en hæð meðalhests á herðakamb og þannig gerðir að hross geti ekki fest fætur í þeim. Gólf skulu gerð stöm svo hrossin, sem ávallt skulu ójárnuð, hafi trausta fótfestu. Gæta skal þess að hross verði ekki fyrir snöggum og miklum breytingum á hita- og loftþrýstingi, en að loftræsting sé þó nægileg.

Ef flytja þarf nokkur hross í stíu skal alltaf velja saman hross sem jöfnust að stærð. Stóðhesta skal flytja sér í bás eða stíu og er heimilt að binda þá. Önnur hross skulu vera með múl, en óbundin meðan á flutningi stendur.

Leitast skal við að flytja hross um borð í flugvél eins skömmu fyrir brottför og fært þykir (1/2-1 klst.), og færa þau úr vélinni strax og flugferð er lokið.

Gæslumaður skal hafa vakandi auga með hrossunum meðan á flutningi stendur og birta skal vera næg til að unnt sé að fylgjast með líðan hrossanna. Ávallt skal vera fyrir hendi hentugt verkfæri til aflífunar, ef hross lemstrast eða veikjast. Hrossum sem flutt eru flugleiðis má ekki gefa róandi lyf, nema eftir læknisráði, þótt hross séu óróleg eða sýni ótta við flugtak og lendingu.

IV. KAFLI
Um skoðun á útflutningshrossum.

9. gr.

Óheimilt er að flytja hross úr landi nema dýralæknir hafi skoðað og metið það heilbrigt, rétt skapað, hæft til útflutnings og staðfesti að hrossið uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Heilbrigðisvottorð skal undirritað af héraðsdýralækni á útflutningshöfn, dýralækni hrossaútflutnings eða yfirdýralækni.

Dýralækni er óheimilt að framkvæma skoðun á hrossum til útflutnings, sem hann á sjálfur.

10. gr.

Öll hross, sem ætlunin er að flytja úr landi skulu skoðuð af dýralækni og metin hvort þau séu hæf til útflutnings. Allir dýralæknar, sem leyfi hafa til að starfa á Íslandi, mega framkvæma slíka skoðun og skal hún fara fram innan fimm daga fyrir útflutning. Niðurstöður skoðunar skal færa á sérstakt vottorð, er útflutnings- og markaðsnefnd lætur útbúa og skal það fylgja hrossi við skoðun á útflutningshöfn. Óheimilt er að flytja út hross sem eru mögur og illa útlítandi, illa hirt, slæg, meidd, hölt, með tanngalla, mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum eða göllum. Lýti og gallar teljast verulegir, þegar þeir spilla að mun útliti hrossins, rýra notagildi þess eða valda slæmri líðan hrossanna. Heimilt er þó að gera undantekningu frá þessu ákvæði varðandi hross sem þola flutning, ef fyrir liggur skrifleg yfirlýsing kaupanda að hann viti af lýti eða galla og sætti sig við hann.

Þurfi að gera sérstök próf á hrossunum, að kröfu yfirvalda í innflutningslandi, getur dýralæknir krafist þess að hrossin komi til skoðunar eigi síðar en þremur sólarhringum áður en útskipun fer fram. Greiðsla fyrir slíka skoðun og sýnatöku vegna sjúkdómsins „Smitandi blóðleysi í hrossum“ (Coggins test) er innifalin í útflutningsgjaldi. Útflutnings- og markaðsnefnd greiðir einungis fyrir skoðun þeirra hrossa sem fara úr landi. Fyrir umfangsmeiri skoðun en að framan greinir eða aðra þjónustu og ferðakostnað dýralæknis greiðir útflytjandi sjálfur.

Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur. Eigi að flytja fylsugur úr landi skal venja undan þeim að minnsta kosti tveimur vikum áður en útskipun fer fram.

Skylt er útflytjanda að veita dýralækni viðhlítandi aðstöðu og aðstoð við skoðun, prófun og merkingu hrossanna, til að starfið geti gengið sem greiðast.

11. gr.

Útflytjandi skal tilkynna embættisdýralækni á útflutningshöfn um útflutning með þriggja daga fyrirvara. Þá skal jafnframt tekið fram hvort óskað er skoðunar og töku blóðsýnis skv. 10. gr. Embættisdýralæknir skal kanna hvort hross hafi meiðst í flutningi eða á útflutningsstað, að hverju hrossi fylgi upprunavottorð og undirrita heilbrigðisvottorð. Á heilbrigðisvottorði, sem skal vera í samræmi við kröfur innflutningslands, skulu koma fram upplýsingar um aldur, lit, kynferði og heilbrigðisástand á útskipunardegi. Útflytjendur skila embættisdýralækni skrá yfir útflutningshross á þar til gerðum eyðublöðum frá Bændasamtökum Íslands. Embættisdýralæknir gengur úr skugga um að merkingar hrossa séu í samræmi við skrána. Skráin skal fylgja hrossum í flutningsfari. Kyrrsetja skal þau hross sem ekki uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Skylt er útflytjanda eða fulltrúa hans að veita embættisdýralækni aðstoð á útflutningsstað svo að starfið geti gengið sem greiðast. Kostnaður við eftirlit embættisdýralæknis á útflutningsstað er innifalinn í útflutningsgjaldi.

12. gr.

Óheimilt er að flytja hross lengra að en 150 km þann sama sólarhring og þeim er skipað um borð í flutningsfar og hross skulu komin á útflutningshöfn eigi síðar en einni klst. fyrir áætlaða brottför.

13. gr.

Embættisdýralæknar skulu eftir útskipun á hrossum senda Bændasamtökum Íslands afrit af skrám útflytjenda ásamt upplýsingum um fjölda kyrrsettra hrossa og ástæður kyrrsetningar.

14. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að ráða sérstakan dýralækni til að hafa eftirlit með útflutningi hrossa. Kostnaður við störf hans skal greiddur af útflutnings- og markaðsnefnd.

V. KAFLI
Um forkaupsrétt o.fl.

15. gr.

Innlendir ræktendur og samtök þeirra eiga forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 5. og 6. gr. laga nr. 84/1989

um búfjárrækt, ákveður árlega kynbótamat úrvalskynbótagripa. Heimilt er að hafa mismunandi mat eftir kyni og aldri hrossa. Að öðru leyti er útflutningur á hrossum frjáls og ekki háður öðrum skilyrðum en að hrossið standist heilbrigðisskoðun, því fylgi upprunavottorð og það sé á aldrinum fjögura mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja út eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum.

16. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, frestað útflutningi á úrvalskynbótagripum í allt að tvær vikur frá því að sannanlega er tilkynnt um fyrirhugaðan útflutning. Á þeim tíma skulu hrossin auglýst til sölu innanlands, skv. reglum er útflutnings- og markaðsnefnd setur. Bændasamtök Íslands veita allar upplýsingar um söluna, taka við kauptilboðum og ákveða hver fái notið forkaupsréttar. Ef fleiri en einn aðili skilar fullgildu tilboði skal útdráttur ráða. Heimilt er seljanda og aðila er óskar forkaupsréttar að vera viðstaddir útdráttin. Aðilar sem óska eftir að neyta forkaupsréttar skulu leggja fram bankatryggingu eða sambærilega tryggingu fyrir greiðslu svo tilboð teljist gilt.

17. gr.

Hverju útfluttu hrossi skal auk dýralæknisvottorðs fylgja upprunavottorð sem Bændasamtök Íslands gefa út. Eftirfarandi upplýsingar um hrossið skulu koma fram á upprunavottorði: Fæðingarnúmer, nafn, uppruni, litur, ætterni í fjóra ættliði og frost- eða örmerki séu þau til staðar. Þá skal koma fram hver sé ræktandi hrossins, útflytjandi þess og heimilt er að geta seljanda og kaupanda erlendis. Sé þeirra getið skal farið með upplýsingar sem gefnar eru skv. reglum um viðskiptaleynd. Frá vottorðinu skal gengið á þann veg að ekki sé hægt að breyta því.

Þegar um undaneldishross er að ræða, skulu fylgja upprunavottorði upplýsingar um kynbótamat og kynbótadómar hafi hrossið verið dæmt.

Útflytjendur skulu skila upplýsingum um hrossin á þar til gerðum eyðublöðum til Bændasamtaka Íslands, minnst þremur virkum dögum fyrir áætlaðan útflutning. Heimilt er að víkja frá þessum fresti ef flytja á út hross sem koma í stað annarra er kyrrsett hafa verið vegna ákvæða reglugerðar þessarar. Óski ræktandi, eða útflytjandi í hans umboði, eftir því að upplýsingar um ætterni hrossa fari ekki inn í skýrsluhald Bændasamtaka Íslands skal verða við því.

VI. KAFLI
Um útflutningsgjald og útflutnings- og markaðsnefnd.

18. gr.

Af hverju hrossi, sem flutt er úr landi, skal greiða útflutningsgjald, sem ákveðið er skv. 5. gr. laga nr. 161/1994. Útflutningsgjaldið skal greitt Bændasamtökum Íslands við útgáfu upprunavottorðs. Útflutningsgjaldið rennur í sérstakan útflutningssjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað til að greiða kostnað við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða. Af gjaldinu greiðist 5% í Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins og 15% greiðist í Búnaðarmálasjóð. Þóknun fyrir umsjón með innheimtu og fjárumsýslu greiðist úr útflutningssjóði og sama gildir um þóknun fyrir setu í útflutnings- og markaðsnefnd og kostnað við störf hennar.

Bændasamtök Íslands sjá um innheimtu útflutningsgjalds og greiðslu þeirra þátta sem nefndir eru í 1. mgr. Heimilt er að veita útflytjendum greiðslufrest á útflutningsgjaldi í allt að þrjá mánuði enda leggi þeir fram bankatryggingu fyrir skilvísri greiðslu gjaldsins. Úflytjendur greiði eðlilega vexti á gjaldfresti. Eftirstöðvum útflutningsgjalds skal skilað til landbúnaðarráðuneytisins árfjórðunglega ásamt greinargerð um ráðstöfun. Reikningar útflutningssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

19. gr.

Eftirstöðvum útflutningsgjalds skal verja til að styrkja verkefni er lúta að útflutningi hrossa, markaðsöflun fyrir hross erlendis, rannsóknum tengdum markaðsmálum og kynningu á íslenska hestinum erlendis.

Landbúnaðarráðherra úthlutar tvisvar á ári styrkjum úr útflutningssjóði, að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í febrúar og ágúst ár hvert, en umsóknum um styrk skal skila til formanns útflutnings- og markaðsnefndar fyrir 15. júní og 15. desember. Óheimilt er að úthluta hærri upphæð en er í sjóðnum hverju sinni. Styrkveiting úr útflutningssjóði skal fyrst fara fram í febrúar 1996.

Útflutnings- og markaðsnefnd lætur útbúa eyðublöð vegna umsókna um styrki úr sjóðnum. Í umsókn skal að lágmarki tilgreina eftirtalin atriði; Heiti verkefnis og lýsingu á því, framkvæmdaáætlun, nafn umsækjenda, nafn verkefnisstjóra og þekkingu hans á viðfangsefninu, kostnaðaráætlun, upplýsingar um gagnsemi verkefnisins, nýtingu og birtingu niðurstaðna.

Sérstakan samning skal gera um styrki sem útflutningssjóður veitir og með reikningum sjóðsins skal árlega birta lista yfir verkefni sem styrkt voru, nafn verkefnisstjóra og styrkupphæð.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm manna útflutnings- og markaðsnefnd til fjögurra ára í senn. Félag hrossabænda, Bændasamtök Íslands, yfirdýralæknir og Félag hrossaútflytjenda skulu tilnefna hver um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

Hlutverk útflutnings- og markaðsnefndar er m.a.:

a. að vera ráðgefandi um málefni er varða útflutning á hrossum.
b. að hafa tiltækar upplýsingar um lög og reglur helstu viðskiptalanda varðandi innflutning á hrossum frá Íslandi.
c. að auðvelda útflutning og markaðssetningu á íslenskum hrossum m.a. með því að ná fram breytingum á innflutningshindrunum í öðrum löndum.
d. að stuðla að samstarfi þeirra sem kynna íslensk hross og annarra er kynna íslenskar vörur og þjónustu.
e. að leita hagkvæmustu leiða við markaðssetningu hrossa.
f. að hafa yfirumsjón með útflutningssjóði og gerð samninga við þá aðila er sjóðurinn skiptir við.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Landbúnaðarráðuneytið birtir árlega með auglýsingu í Stjórnartíðindum upphæð útflutningsgjalds. Í sömu auglýsingu skulu birt þau mörk kynbótamats sem þarf til að hross teljist úrvalskynbótagripur.

22. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 8. gr. laga nr. 161/1994. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa og öðlast gildi 15. apríl 1995. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 271/1983.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. apríl 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

6. apríl 1995 Nr. 221

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 9/1995 um breytingu á skattmati tekjuárið 1994 (framtalsárið 1995).

Með vísan til 1. gr. laga nr. 30/1995, um breyting á 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og samkvæmt ákvæðum 116. gr. laga nr. 75/1981, gerir ríkisskattstjóri eftirfarandi breytingu á skattmati tekjuársins 1994 (framtalsársins 1995), sem birt var með auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 4/1995:

1. gr.

Ákvæði töluliðar 2.2.2. í auglýsingunni um teknamat á ókeypis flutningi milli heimilis og vinnustaðar, falli niður.

2. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi og gilda um teknamat framtalsárið 1995, vegna tekna ársins 1994.

Reykjavík, 6. apríl 1995.

Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994, um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 13. apríl til og með 30. apríl 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 1995

18. apríl 1995 453 Nr. 223

AUGLÝSING

um afturköllun á staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sbr. auglýsingu nr. 256/1994.

Með vísan til niðurstöðu endurtekinnar atkvæðagreiðslu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sem fram fór hinn 8. apríl 1995, tilkynnir félagsmálaráðuneytið að það hefur hinn 18. apríl 1995 afturkallað staðfestingu á sameiningu sveitarfélaganna tveggja í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 256/1994.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal fara með stjórn Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar uns sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna hafa verið kjörnar, sbr. ákvæði 4.-8. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Kosningar til sveitarstjórna í Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ skulu fara fram innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar þessarar. Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal ákveða kjördag (kjördaga) fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal semja kjörskrár fyrir Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ í samræmi við ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 19/1994, og V. kafla laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Bæjarstjórn sú, sem kjörin var hinn 1. október 1994, skal kjósa tvær kjörstjórnir fyrir hvort sveitarfélagið fyrir sig samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að sjá um framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna. Að öðru leyti fer um þær kosningar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, og ákvæðum laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Stjórnartíðindi B 35, nr. 223. Útgáfudagur 19. apríl 1995.

B 32

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1995

Nr. 224 454 30. mars 1995

REGLUGERÐ

um leigubifreiðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og mega flytja allt að átta farþega. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar slík bifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal flytja í farangursgeymslu bifreiðar, en þó má setja ferðatöskur inn í bifreiðina, ef farþegi krefst þess. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala, blóma eða neyðarsendinga fyrir sjúkrahús. Félög sendibifreiðastjóra og fólksbifreiðastjóra skulu gera með sér nánara samkomulag um verkaskiptingu, sem samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Auðkenni.

Leigubifreið til fólksflutninga skal auðkennd með þakljósi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gerð og búnað bifreiða. Ennfremur skal fólksbifreið, sem ekur frá bifreiðastöð, auðkennd með merki stöðvarinnar í framrúðu og stöðvarnúmeri á áberandi hátt í afturrúðu bifreiðar.

Í leigubifreiðum til fólksflutninga skal vera á áberandi stað skilríki samkvæmt 6. mgr. 8. gr. sem sýnir að ökumaðurinn hafi tilskilin atvinnuleyfi eða aksturshеimild.

3. gr.

Gjaldmælar.

Gjaldmælar skulu vera í fólksbifreiðum, sem notaðar eru til leiguaksturs. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

4. gr.

Skilyrði atvinnuleyfa.

Þeir einir, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, geta öðlast atvinnuleyfi samkvæmt lögum um leigubifreiðar og reglugerð þessari:

1. Fullnægjandi starfshæfni, þ.e. að hafa tilskilin ökuréttindi.
2. Óflekkað mannorð. Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds. Ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengri en 4 mánaða

Gutenberg

fangelsis- eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða skírlífisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi. Brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreisn æru.

3. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu, sem felst í að vera fjár síns ráðandi og eiga að minnsta kosti kr. 250.000 eigið fé og að sýna fram á með staðfestingu að viðskiptabanki eða sparisjóður treysti umsækjanda fjárhagslega til að stunda atvinnurekstur.
4. Hafa fullnægjandi heilbrigðisvottorð, þ.e. vottorð trúnaðarlæknis viðkomandi umsjónarnefndar eða samgönguráðuneytis um að viðkomandi sé líkamlega og andlega hæfur til að stunda leiguakstur á fólki.
5. Vera 70 ára eða yngri, sbr. þó 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þessum skilyrðum verður atvinnuleyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið.

II. KAFLI
Takmarkanir á fjölda bifreiða.

5. gr.
Svæði og hámarkstala.

Takmarkanir á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

1. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur. Hámarkstala er 570 fólksbifreiðar.
2. Keflavík, Njarðvík, Hafnir, Miðnes-, Gerða og Vatnsleysustrandarhreppur. Hámarkstala er 40 fólksbifreiðar.
3. Akureyri. Hámarkstala er 22 fólksbifreiðar.
4. Selfoss. Hámarkstala er 7 fólksbifreiðar.

Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa svo sem hámarkstala segir til um. Nú eru fleiri atvinnuleyfi í gildi en hámarkstalan segir til um við gildistöku þessarar reglugerðar og skal þá einungis úthluta öðru hverju leyfi, sem úr gildi fellur, uns réttri tölu er náð. Umsjónarnefnd skal svo fljótt sem við verður komið úthluta atvinnuleyfum til að fylla hámarkstölu.

6. gr.
Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

einingum sem eru notaðar við ræktunina til að fylgjast með því að einingarnar uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu (8. viðauki). Sérmenntað starfsfólk skal annast skoðunina.

Aðfangaeftirlitið getur eftir því sem með þarf haft eftirlit með plöntustofnum af grundvallarfræi og stofnfræi.

Aðfangaeftirlitinu er heimilt að skoða rekstrareiningu, rými og húsnæði sem er notað til geymslu og meðhöndlunar á sáðvöru sem er undir opinberu eftirliti.

9. gr.

Fyrirframflokkun.

Þegar plöntuskoðunin og samanburðarræktunin hefur farið fram tilkynnir aðfangaeftirlitið skriflega um niðurstöðurnar. Hafi kröfurnar verið uppfylltar er veitt bráðabirgðaleyfi til ræktunar á akrinum í þeim flokki sem um ræðir. Ef ekki er unnt að veita slíkt leyfi er gefin út skrifleg tilkynning um ástæðuna/ástæðurnar fyrir synjuninni (8. viðauki).

III. KAFLI
Gæðaeftirlit og merkingar.

10. gr.

Gæðakröfur.

Sáðvara af viðurkenndum stofni telst því aðeins söluhæft á Íslandi að hún uppfylli gæðakröfur í 2. viðauka.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað sölu úr flokkunum grundvallarfræ og stofnfræ enda þótt kröfum um spírunarhæfni sé ekki fullnægt, að því tilskildu að nota eigi fræið til frekari fjölgunar og seljandi gefi réttar upplýsingar um spírunarhæfni við sölu.

Heimila má sölu á garðyrkjufræi, án þess að ræktunareftirlit hafi farið fram, sem stöðluðu fræi (St) ef það fullnægir kröfum um einsleitni og hreinleika og uppfyllir gæðakröfur 2. viðauka. Sýni niðurstöður eftirlitsins að framleiðslueiningin uppfyllir ekki gæðakröfurnar í 2. viðauka má ekki selja hana á EES-svæðinu.

11. gr.

Sýnataka og greining.

Aðfangaeftirlitið skal taka sýni úr framleiðslueiningunum til eftirlits á rannsóknarstofu og samanburðarræktunar. Að ræktunartímanum loknum gefur aðfangaeftirlitið út samantekt um niðurstöður ræktunar sem fer fram undir opinberu eftirliti.

Kaupandi sáðvöru, sem er framleidd undir opinberu eftirliti, á rétt á upplýsingum frá sáðvöruversluninni eða aðfangaeftirlitinu um niðurstöður eftirlits með viðkomandi framleiðslueiningu.

12. gr.

Merkingar.

Við sölu skal hver pakkning, að frátöldum smápakkningum A, B, C og D og smápakkningum og skammtapakkningum, merkt með opinberum hætti samkvæmt A- og B-hluta í I. þætti 3. viðauka.

Pakkningar með fræi af eftirfarandi tegundum skal merkja með hliðsjón af d-lið IV. hluta 3. viðauka: berjum, ávöxtum, skrúgarðaplöntum, kryddplöntum, lækningajurtum og skrautjurtum.

Aðfangaeftirlitið sér til þess að pakkningarnar séu merktar. Við opinbera merkingu má nota límmiða, áfestan merkimiða eða skrifa beint á umbúðirnar.

13. gr.
Vörulýsingar.

Allar pakkningar skulu vera með vörulýsingu sem uppfyllir kröfu C-hluta I. þáttar eða II. þáttar í 3. viðauka. Sé vörulýsingin ekki á íslensku skal íslensk þýðing fylgja með við sölu.

14. gr.
Ógilding.

Sýni niðurstöður eftirlitsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. að framleiðslueiningin uppfylli ekki gæðakröfur 2. viðauka skal aðfangaeftirlitið sjá til þess að merkingin verði fjarlægð. Hægt er að heimila útflutning á sáðkorni að því tilskildu að það uppfylli gæðakröfurnar í 2. kafla 2. viðauka. Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að sett verði ný merking á eininguna.

15. gr.
Sérmerkingar.

Pakkningar sem eru viðurkenndar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skulu merktar með orðunum „Sáðvara til útflutnings".

Kröfurnar sem eru settar fram í 12. gr. gilda ekki um pakkningar sem eru seldar samkvæmt undantekningarreglunum í 2. mgr. 5. gr. Pakkningar með sáðvörunni sem eru seldar með vísindalegar athuganir eða kynbætur í huga skulu bera sérstakar merkingar sem uppfylla kröfur a-liðar IV. þáttar í 3. viðauka.

Pakkningar með kynbótafræi sem á að nota sem sáðvöru til ræktunar á grundvallarfræi skulu bera merkingar sem uppfylla kröfu b-liðar IV. þáttar í 3. viðauka.

Pakkningar með grundvallarfræi og stofnfræi sem er viðurkennt samkvæmt 2. mgr. 10. gr. skulu merktar í samræmi við kröfurnar í 12. gr. og skal þeim jafnframt fylgja vörulýsing þar sem rétt spírunarhæfni er tilgreind.

16. gr.
Innsigli.

Við sölu skal hver pakkning vera innsigluð. aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að innsiglið sé traust. Innsiglið skal vera þannig gert að það eyðileggist þegar pakkningin er opnuð.

17. gr.
Sölutímabil.

Flokkaða framleiðslueiningu má einungis selja á sölutímabili sáðvörunnar. Flokkun framleiðslueiningar eða hluta hennar getur dregist fram yfir sölutímabilið, enda uppfylli framleiðslueiningin áfram kröfu um spírunarhæfni. Aðfangaeftirlitið skal annast sýnatöku til að rannsaka spírunarhæfni að nýju auk þess að annast nauðsynlegar viðbótarmerkingar.

Aðfangaeftirlitið getur tekið sýni og sett viðbótarmerkingu með það í huga að framlengja sölutímabilið áður en útgefið sölutímabil sem innsiglað er á rennur út, enda telji aðfangaeftirlitið það forsvaranlegt með tilliti til þess að unnt sé að treysta því að

eftirlitsniðurstaðan haldi áfram að endurspegla gæði framleiðslueiningar á þeim tíma sem sala fer fram.

IV. KAFLI
Sérákvæði.

18. gr.
Fræblöndur.

Blanda má saman flokkuðum framleiðslueiningum gras- og smárafræs af mismunandi tegundum og stofnum og selja sem „fræblöndur".

Blanda má flokkuðu sáðkorni af mismunandi afbrigðum sömu tegundar saman og selja sem sáðkornsblöndu. Aðfangaeftirlitið setur nánari reglur um framleiðslu sáðkornsblanda.

19. gr.
Framleiðslueiningar og pakkningar.

Framleiðslueiningum sáðvöru í flokkunum grundvallarfræ, staðlað fræ, stofnfræ og vottað fræ með opinberum merkingum og innsigli má skipta niður og selja þær sem smápakkningar, skammtapakkningar eða sérpakkningar af gerðunum A, B, C og D skv. II. hluta 3. viðauka án opinberra merkinga og innsiglis.

Þegar fyrirframflokkun sáðkorns er lokið (sbr. 9. gr.) getur sáðvöruverslunin blandað saman framleiðslueiningum úr sama flokki.

Smápakkningar og skammtapakkningar skulu merktar samkvæmt kröfum þáttar A eða C í II. hluta eða d-lið í IV. hluta 3. viðauka. Verslunin skal sjá um að innsigla smápakkningar og skammtapakkningar, sbr. 16. gr. Smápakkningar má selja til loka greiningartímabilsins. Skammtapakkningar má selja til loka næsta tímabils á eftir greiningartímabilinu.

Sérpakkningar A, B, C og D skulu bera vörulýsingu á íslensku eða vera með prentaðar eða stimplaðar áritanir utan á umbúðunum. Vörulýsingin skal uppfylla kröfur II. kafla 3. viðauka. Ef um gagnsæjar umbúðir er að ræða má leggja vörulýsinguna inn í pakkninguna.

Verslunin skal sjá um að innsigla pakkninguna í samræmi við 16. gr. Pakkningu C skal einungis selja með frekari frærækt í huga. Pakkning D skal einungis boðin til sölu á Íslandi. Pakkningar með sáðvöru má selja til loka næsta tímabils á eftir greiningartímabilinu.

Framlengja má sölu framleiðslueininga sáðvöru eða hluta þeirra með nýju sölutímabili eins og tilgreint er í 17. gr. og í þessari málsgrein. Þetta er háð því skilyrði að tekin séu dæmigerð sýni úr framleiðslueiningunni og að ný spírunarmæling sýni að framleiðslueiningin uppfylli áfram kröfur um spírunarhæfni. Framleiðslueiningarnar verður að merkja að nýju til að tilgreina upplýsingar um nýtt spírunarhlutfall og breyttan sölutíma.

Verslanir sem sjá um að vigta og selja smápakkningar, skammtapakkningar eða sérpakkningar skulu upplýsa aðfangaeftirlitið um pakkningar, umfang og framleiðslunúmer framleiðslueininganna sem eru notaðar.

Aðfangaeftirlitið getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar ber að gefa um framleiðslueiningarnar.

20. gr.
Bæsuð sáðvara.

Einungis má selja bæsaða sáðvöru að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a. Efnið sem er notað við bæsunina verður að vera viðurkennt af aðfangaeftirlitinu til bæsunar á sáðvöru í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um plöntuvarnarefni.

b. Efninu skal dreift jafnt um framleiðslueininguna.
c. Í opinberu merkingunni eða vörulýsingunni skulu koma fram upplýsingar um bæsunina, sbr. I. og II. þátt í 3. viðauka.
d. Merkja skal pakkningarnar í samræmi við reglur um bæsun sem aðfangaeftirlitið hefur viðurkennt fyrir bæsunarefnið.
e. Bæsaða sáðvöru má einungis selja í innsigluðum pakkningum.

21. gr.
OECD-kerfið.

Sáðvöru má votta og merkja eftir þeim reglum sem OECD hefur sett um vottun sáðvöru sem er selt á alþjóðamarkaði, enda sé um að ræða stofna sem eru á sáðvörulista í landi sem er bundið af þessum reglum, auk þess sem framleiðslueiningin verður að uppfylla kröfur sem OECD hefur mælt fyrir um.

Við vottun samkvæmt reglunum sem um getur í fyrstu málsgrein skal aðfangaeftirlitið gefa út vottorð og sjá til þess að framleiðslueiningin sé merkt í samræmi við ákvæði 4. viðauka.

V. KAFLI
Innflutningsákvæði.

22. gr.
Innflutningur á sáðvöru.

Heimilt er að flytja inn sáðvöru ef:

a. um er að ræða stofn sem er tilgreindur á sáðvörulista eða í sameiginlegri EB-skrá yfir stofna, enda fái kaupandi upplýsingar um að vetrarþol viðkomandi sáðvöru sé óþekkt hér á landi;
b. framleiðslueiningin er flokkuð sem grundvallarfræ, stofnfræ eða vottuð sáðvara af yfirvaldi í landi á EES-svæðinu, eða í þriðja landi þar sem tekin hefur verið ákvörðun um að nota flokkun sambærilega þeirri íslensku og þar sem skilyrði fyrir slíkri flokkun eru uppfyllt. *Poa annua* má flytja inn sem sölufræ, sbr. 5. gr.;
c. framleiðslueiningin uppfyllir kröfur 20. gr.;
d. framleiðslueiningar með sáðkorni, fóðurmergkáli, næpum, rófum, repju, hreðku, fóðurfaxi, hávingli, tágavingli og rýgresi innihalda ekki flughafra (sbr. 6. gr. og 2. viðauka);
e. Í sáðkorni skal liggja fyrir opinber yfirlýsing frá útflutningslandinu til staðfestingar á að framleiðslueiningin hafi verið ræktuð á rekstrareiningu þar sem flughafrar hafa ekki fundist á ræktunarárinu eða á næstliðnum árum og að tekið hafi verið sýni úr framleiðslueiningunni, 1 kg á hver 10 tonn, sem inniheldur ekki flughafra.

Innflutningur á sáðvöru í framleiðslueiningum, að sérpakkningum meðtöldum, skal skráður fyrirfram samkvæmt ákveðnu kerfi hjá aðfangaeftirlitinu.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað innflutning á framleiðslueiningu með sáðvöru sem uppfyllir ekki kröfurnar í a- til c-lið, að því tilskildu að:

a. framleiðslueiningin sé flutt inn með fjölgun í huga og uppskeran ætluð til útflutnings; eða
b. framleiðslueiningin sé flutt inn með hreinsun og lokameðhöndlun fyrir útflutning í huga; eða

c. framleiðslueiningin sé ræktuð sem kynbótaefni á ábyrgð og undir eftirliti stofneigandans og flutt inn með frekari fjölgun í huga á ábyrgð íslensks umboðsmanns stofneigandans; eða
d. nota eigi framleiðslueininguna í vísindalegum tilgangi eða til kynbóta.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.
Eftirlit.

Aðfangaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Aðfangaeftirlitinu er heimilt að taka sýnishorn af allri sáðvöru sem reglugerðin gildir um.

24. gr.
Undanþágur.

Landbúnaðarráðherra getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar ef sérstakar aðstæður mæla með því.

25. gr.
Sáðvöru- og áburðarnefnd.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra sáðvöru- og áburðarnefnd til fjögurra ára og skal nefndin vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt reglugerð þessari. Um skipun nefndarinnar og hlutverk fer samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 22/1994.

26. gr.
Þóknun.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins samkvæmt reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 2,0% af innflutningsverði (cif.) sáðvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 2,0% af söluverði (án vsk.) innlendrar fóðurvöru, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, sem aðfangaeftirlitið sendir þeim að kostnaðarlausu. Gjalddagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars og 1. október ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum

viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

27. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

28. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldur II. kafli reglugerðar nr. 256 27. apríl 1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

1. VIÐAUKI
TEGUNDIR SÁÐVÖRU SEM REGLUGERÐIN TEKUR TIL:

Reglugerðin tekur til eftirtalinna tegunda, sem eru skilgreindar sem sáðvara (1. gr.):

I. Fóðurjurtir, landgræðslujurtir og grös í grasvelli.

1. Grös:

Týtulíngresi	Agrostis canina L.
Stórlíngresi	Agrostis gigantea Roth.
Skriðlíngresi	Agrostis stolonifera L.
Hálíngras	Agrostis capillaris L.
Háliðagras	Alopecurus pratensis L.
Fóðurfax	Bromus inermis Leyss.
Axhnoðapunktur	Dactylis glomerata L.
Tágavingull	Festuca arundinacea Schreb.
Sauðvingull	Festuca ovina L.
Sauðvingull	Festuca ovina L. var. duriuskula Kock
Hávingull	Festuca pratensis Huds.
Túnvingull	Festuca rubra L.
Ítalskt rýgresi	Lolium multiflorum Lam.
Westerwold-rýgresi	Lolium multiflorum Lam.
Vallarrýgresi	Lolium perenne L.

Rýgresisblendingur	Lolium x boucheanum Kanth.
Strandreyr	Phalaris arundinacea L.
	Phleum bertolonii DC
Vallarfoxgras	Phleum pratense
Kjarrsveifgras	Poa nemoralis L.
Fitjasveifgras	Poa palustris L.
Vallarsveifgras	Poa pratensis L.
Hásveifgras	Poa trivialis L.
Varpasveifgras	Poa annua L.
Snarrótarpuntur	Deschampsia caespitosa
Beringspuntur	Deschampsia beringensis
Melgresi	Leymus arenarius
Dúnmelur	Leymus mollis

2. Belgjurtir:

Akurmaríuskór	Lotus corniculatus L.
Alaskalúpína	Lupinus nootkatensis
Hvít lúpína	Lupinus albus L.
Lensulúpína	Lupinus angustifolius L.
Gul lúpína	Lupinus luteus L.
Úlfasmári	Medicago lupulina L.
Refasmári	Medicago sativa L.
Refasmári	Medicago x varia T.
Gráertur	Pisum sativum L. Convar.
	Speciosum (Dierb.) Alef.
Alexandríusmári	Trifolium alexandrinum L.
Túnsmári	Trifolium hybridum L .
Logasmári	Trifolium incarnatum L.
Rauðsmári	Trifolium pratense L.
Hvítsmári	Trifolium repens L.
Persasmári	Trifolium resupinatum L.
Jarðsmári	Trifolium subterraneaum L.
Hestabaunir	Vicia faba L.
Fóðurflækja	Vicia sativa L.
Dúnflækja	Vicia villosa Roth
Baunagras	Lathyrus japonicus ssp. maritimus

3. Korn til þroska og grænfóðurs:

Hafrar	Avena sativa
Bygg	Hordeum vulgare
Rúgur	Secale cereale
Hveiti	Triticum aestivum
Rúghveiti	X Triticosecale

4. Rófur sem ekki eru af krossblómaætt:

Fóðursykurrófa	Beta vulgaris L. var. crassa Mansf.
Sykurrófa	Beta vulgaris L. var. altissima Døll

5. Káltegundir (krossblómaætt):

Fóðurmergkál	Brassica oleracea L. var. medullosa
Sumarrepja	Brassica napus v. oleifera subvar. annua
Vetrarrepja	Brassica napus v. loeifera subvar. biennis
Næpa	Brassica rapa L. ar. silvestis (Lam)Briggs
Gulrófa	Brassica napus L. (partim)
Fóðurhreðka	Raphanus sativus L. var. oleiformis Pers.
Hvítur mustarður	Sinapis alba L.

II. Garðyrkjutegundir.

1. Grænmetistegundir og matjurtir.

Sáðlaukur	Allium cepa L.
Blaðlaukur	Allium porrum L.
Garðakerfill	Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm.
Selleri eða silla	Apium graveolens L.
Blaðbeðja, strandblaðka	Beta vulgaris L. var. vulgaris
Rauðrófa	Beta vulgaris L. var. conditiva Alef.
Hnúðkál	Brassica oleracea L. var. gongylodes L.
Grænkál	Brassica oleracea L. Alef. var. sabellica L.
Blómkál	Brassica oleracea L. convar. botrytis (L.) Alef. var. botrytis L.
Spergilkál	Brassica oleracea L. var. italica Plenck
Hvítkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. alba DC.
Toppkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. conica DC.
Rauðkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. rubra DC.
Blöðrukál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. sabauda L.
Rósakál	Brassica oleracea L. convar. oleracea var. gemmifera DC.
Kínakál	Brassica campestris L. ssp. pekinensis (Lour) Olsson
Gulrófa	Brassica napus L. var. napobrassica (L.) Rch.
Næpa	Brassica campestris L. ssp. rapifera
Chilepipar, spænskur pipar	Capsicum annuum L.
Paprika	Capsicum annuum L.
Endvía eða vetrarsalat	Cichorium endivia L.
Jólasalat	Cichorium intybus L. var. foliosum Hegi
Síkoría, kaffifífill	Cichorium intybus L. var. sativum DC.
Vatnsmelóna	Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai
Melóna	Cucumis melo L.
Gúrka	Cucumis sativus L.
Tröllakúrbítur	Cucurbita maxima Duch.
Möndlukúrbítur	Cucurbita pepo L.
Gulrætur	Daucus carota L. ssp. sativus (Hoffm.) Arcang

Fennikka	Foeniculum vulgare ssp. vulgare Mill.
Matarsalat	Lactuca Satvia L.
Tómatar	Lycopersicon esculentum Mill.
Steinselja	Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A.W. Hill
Blómbaunir	Phaseolus coccineus L.
Garðbaunir	Phaseolus vulgaris L.
Garðertur	Pisum sativum L.
Hreðka, radísa	Raphanus sativus L.
Surtarrót	Scorzonera hispanica L.
Eggaldin	Solanum melongena L.
Spínat	Spinacia oleracea L.
Vorsalat	Valerianella locusta (L.) Laterr.
Flækjur	Vicia faba L.

Aðrar grænmetistegundir og matjurtir.

2. Berjategundir.
3. Ávaxtategundir.
4. Skrúðgarðategundir.
5. Kryddjurtategundir.
6. Tegundir lækningajurta.
7. Tegundir skrautjurta.

III. Iðnaðarjurtir.

Asíumustarður	Brassica juncea (L.) Czernj. Cosson
Svartur mustarður	Brassica nigra (L.) Kock
Kúmen	Carum carvi L.
Sólfífill	Helianthus annuus L.
Trefjalín (spunalín)	Linum usitatissimum L.
Olíulín	Linum usitatissimum L.
Ópíumvalmúi	Papaver somniferum L.
Hvítur mustarður	Sinapis alba L.

2. VIÐAUKI

GÆÐAKRÖFUR (10. gr.).

I. Landgræðslujurtir, grös í grasvelli og fóðurjurtir aðrar en korntegundir og rófur.

Ekki er krafist stofnhreinleika í sáðvöru til landgræðslu á Íslandi og sem er safnað eða ræktað á Íslandi og er ekki fáanlegt á alþjóðlegum markaði. Aðrar gæðakröfur hvað varðar spírunarhæfni, hreinleika og önnur fræ eru þær sömu og um vottað fræ fyrir fóðurjurtir.

A. Vottað fræ.

1. Fræ skal að stofni til vera ósvikið og hreint. Stofnhreinleiki eftirtalinna tegunda skal vera minnst:

Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) eða aðrar geldæxla (apomictic) tegundir	98 %
Gráertur (*Pisum sativum*) og hestabaunir (*Vicia faba*):	
- vottað fræ af 1. ættlið	99 %
- vottað fræ af 2. ættlið	98 %
Fóðurmergkál (*Brassica oleracea* convar. acephala)	99 %
Brassica napus, Brassica rapa, Sinapis alba	
- stofnfræ	99,7%
- vottað fræ	99,0%

Eftirlit með lágmarkskröfum um stofnhreinleika fer einkum fram með opinberri plöntuskoðun samkvæmt reglum um akurskoðun og viðurkenningu.

2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.

3. Fræið skal uppfylla tilskildar kröfur um hreinleika, innihald fræja af öðrum tegundum jurta, innihald af hörðum fræjum og stærð sýnis skal tryggja að unnt sé að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum, sem eru tilgreindar í 1. töflu a og 1. töflu b.

1. tafla a. Vottað fræ af grastegundum.

Lykill:

1. Tegund
2. Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda
3. Lágmarkshreinleiki, % af þyngd
4. Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum jurta, % af þyngd alls
5. Hámarksinnihald fræja af einni annarri tegund jurta, % af þyngd
6. Hámarksinnihald fræja af Agropyron repens, % af þyngd
7. Hámarksfjöldi Rumex spp. til viðbótar við R. acetosella og R. maritimus
8. Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum jurta, grömm

1	2	3	4	5	6	7	8
Grös							
Agrostis gigantea	80	90	2	1	0,3	2	5
Agrostis, aðrar tegundir	75	90	2	1	0,3	2	5
Alopecurus pratensis	70	75	2,5	1	0,3	5	30
Bromus inermis	80	92	1	0,5	0,3	5	90
Dactylis glomerata	80	90	1,5	1	0,3	5	30
Festuca arundinacea	80	95	1,5	1	0,5	5	50
Festuca ovina	75	85	2	1	0,5	5	30
Festuca pratensis	80	95	1,5	1	0,3	5	50
Festuca rubra	75	90	1,5	1	0,3	5	30
Lolium multiflorum	75	96	1,5	1	0,5	5	60
Lolium perenne	80	96	1,5	1	0,3	5	60
Lolium x boucheanum	75	96	1,5	1	0,5	5	60
Phalaris arundinacea	80	95	1	0,5	0,3	5	30

Phleum bertolonii	80	96	1,5	1	0,3	5	10
Phleum pratense	80	96	1,5	1	0,3	5	10
Poa annua	75	85	2	1	0,3	5	10
Poa, aðrar tegundir	75	85	2	1	0,3	2	5
Deschampcia caespitosa	75	85	2	1	0,5	2	5
Deschampcia beringensis	75	85	2	1	0,5	2	5
Leymus arinarius	75	95	1	1	0,3	2	30
Leymus mollis	75	95	1	1	0,3	2	30

Athugasemdir við kröfur um vottað grasfræ:

a) Öll heilbrigð og lifandi óspíruð fræ skulu teljast til spíraðra fræja.
b) Fyrir sveifgrastegund (*Poa*) telst 0,8% þyngdarhlutfall fræja af öðrum sveifgrastegundum ekki til óhreininda og telst ekki sem hluti af innihaldi fræja af öðrum tegundum í 4. og 5. dálki.
c) Fyrir liðagrös (*Alopecurus*) gildir hámarkið í 5. dálki ekki um fræ af sveifgrastegundum.
d) Þyngdarhlutfall fræja *Alopercurus myosuroides* skal ekki vera hærra en 0,3%.
e) Flughafrar (*Avena fatua* L.) mega ekki finnast við eftirlit á sáðtíma að því er varðar tegundirnar hávingul, tágavingul, rýgresi og fóðurfax, og fyrir þessar tegundir má ekki finnast flughafrafræ.
f) Fræið skal vera hreint af vafsníkju (*Cuscuta*), í því magni sem er tilgreint í 8. dálki. Eitt fræ af vafsníkju telst þó ekki til óhreininda ef annað sýni af sömu stærð er hreint af vafsníkju. Fyrir aðrar tegundir en foxgrös (*Phleum*) þarf ekki að fara fram athugun með tilliti til vafsníkju nema efasemdir séu um að kröfum hafi verið fullnægt.
g) Að foxgrösum (*Phleum*) undanskildum skal því aðeins fara fram athugun með tilliti til súrufræs (*Rumex*) að grunur leiki á að kröfum samkvæmt 7. dálki sé ekki fullnægt.

1. tafla b. Vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum.
Lykill:
1. Tegund
2. Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda
3. Hámarkshlutfall af hörðu óspíruðu fræi, % af fjölda
4. Lágmarkshreinleiki, % af þyngd
5. Hámarkshlutfall af fræi annarra tegunda, % alls af þyngd
6. Hámarkshlutfall af fræi af einni annarri tegund, % af þyngd
7. Hámarksfjöldi Rumex spp. til viðbótar við R. acetosella og R. maritimus
8. Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af annarri tegund, grömm

1	2	3	4	5	6	7	8
Belgjurtir							
Lotus corniculatus	75	40	95	1,8	1,0	0	30
Lupinus nootkatensis	75	40	98	0,5	0,3	2	100
Lupinus angustifolius	75	20	98	0,5	0,3	5	1.000
Lupinus, aðrar tegundir	80	20	98	0,5	0,3	5	1.000
Medicago lupulina	80	20	97	1,5	1,0	10	50

Medicago sativa	80	40	97	1,5	1,0	10	50
Medicago x varia	80	40	97	1,5	1,0	10	50
Pisum sativum	80	---	98	0,5	0,3	5	1.000
Trifolium alexandrinum	80	20	97	1,5	1,0	10	60
Trifolium hybridum	80	20	97	1,5	1,0	10	20
Trifolium incarnatum	75	20	97	1,5	1,0	10	80
Trifolium pratense	80	20	97	1,5	1,0	10	5
Trifolium repens	80	40	97	1,5	1,0	10	20
Trifolium resupinatum	80	20	97	1,5	1,0	10	20
Vicia faba	85	5	98	0,5	0,3	5	1.000
Vicia, aðrar tegundir	85	20	98	1,0	0,5	5	1.000
Káltegundir							
Brassica oleracea	75	---	98	1,0	0,5	10	100
Brassica napus	75	---	98	---	2	5	100
Brassica rapa	85	---	98	---	2	5	70
Raphanus sativus var	80	---	97	1,0	0,5	5	300
Sinapis alba	85	---	98	---	2	5	200

Athugasemdir við kröfur um vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum fóðurjurta:

h) Öll heilbrigð lifandi óspíruð fræ skulu teljast til spíraðra fræja.

i) Hörð fræ skulu teljast til spíraðs fræs að því hámarki sem er tilgreint í 3. dálki.

j) Hvað varðar fræ af akurmaríuskó telst allt að því 1% þyngdarhlutfall af fræi rauðsmára ekki til óhreininda og sá hluti bætist ekki við summuna úr 5. og 6. dálki.

k) Allt að því 0,5 % þyngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum af lúpínu í lúpínu, af ertum í gráertum, af flækjum í flækjutegundum (*Vicia*) af svipaðri stærð skal ekki teljast til óhreininda og þessi hluti bætist ekki við summuna úr 5. og 6. dálki.

l) Þyngdarhlutfall fræs af steinsmára (*Melilotus*) í belgjurtum skal ekki vera hærra en 0,3%.

m) Þyngdarhlutfall fræs af akurhreðku (*Raphanus raphanistrum*) og arfamustarði (*Sinapis arvensis*) skal ekki vera hærra en 0,3% í fóðurmergkáli (*Brassica oleracea*) og fóðurhreðku (*Raphanus sativus*).

n) Fræ flughafra mega ekki finnast í fræsýninu sem er tekið til athugunar eins og tilgreint er í 8. dálki.

o) Í sýninu sem er tilgreint í 8. dálki skal ekki vera fræ af vafsníkju. Eitt fræ af vafsníkju í þessu sýni telst þó ekki til óhreininda í fóðurmergkáli ef annað sýni af sömu þyngd er hreint af vafsníkju.

Hvað varðar fræ af akurmaríuskó, refasmára og smárategundum telst eitt fræ af vafsníkju í sýninu ekki til óhreininda ef annað sýni, sem er helmingi stærra en krafist er samkvæmt 8. dálki, er hreint af vafsníkju.

Ekki er nauðsynlegt að fram fari athugun með tilliti til fræs af vafsníkju í framleiðslueiningum með lúpínu, gráertum, flækjum (*Vicia*), fóðurmergkáli og fóðurhreðku nema efasemdir séu um að kröfum hafi verið fullnægt.

p) Athugun með tilliti til fræs af súrutegundum til viðbótar við fræ hundasúru (*Rumex acetosella*) og strandsúru (*Rumex maritimus*) skal fara fram á þeirri sýnastærð sem er

tilgreind í 8. dálki. Slík athugun er ekki nauðsynleg vegna fræja af lúpínu, flækjum (*Vicia*) og gráertum nema grunur leiki á að kröfum sé ekki fullnægt.

Sérstakar kröfur vegna lúpínu:

1. Fjöldi fræja af öðrum lit skal ekki vera yfir 2% í stofnum beiskrar lúpínu að Alaskalúpínu undanskilinni og 1% í öðrum lúpínustofnum.
2. Fjöldi fræja af beiskum lúpínustofnum skal ekki vera yfir 2,5% í fræjum af öðrum lúpínustofnum.

B. Grundvallarfræ og stofnfræ.

Kröfur sem eru gerðar um vottaða sáðvöru gilda einnig um grundvallarfræ og stofnfræ. Athugasemdirnar í liðum b, c, d, j og k í 3. mgr. þáttar A í I. hluta gilda ekki um stofnfræ.

Fyrir grundvallarfræ og stofnfræ gilda ekki ákvæði f- og o-liðar um að sýni skuli teljast hreint af fræjum vafsníkju ef annað sýni er hreint.

Eftirfarandi kröfur gilda um grundvallarfræ og stofnfræ:

1. Lágmarkshreinleiki miðað við stofn skal vera 99,7% fyrir geldæxla vallarsveifgrasstofna, gráertur, fóðurmergkál og hestabaunir.
2. Við athugun með tilliti til fræs af öðrum jurtategundum skal miða við það magn sem er tilgreint í 1. töflu a og 1. töflu b í 8. dálki.
3. Þyngdarhlutfall fræs af öðrum jurtategundum skal ekki vera yfir 3%. Fyrir fóðurfaxfræ eru mörkin við þyngdarhlutfallið 0,4%. Ennfremur skulu í mesta lagi vera 20 fræ af einni tegund í því magni sem er tilgreint í 8. dálki (sbr. 4. og 5. lið hér að aftan).
4. Í fræi sveifgrasa skal við athugun á 500 fræjum vera mest 1 fræ af öðrum sveifgrastegundum.
5. Í fræi af háliðagrasi, axhnoðapunkti, vingultegundunum og rýgresi skulu innan við 80 fræ af sveifgrasi ekki teljast til óhreininda.
6. Mesti leyfilegi fjöldi af súrutegundum, húsapunti og *Alopercurus myosuroides* er tilgreindur í 2. töflu.

2. tafla. Hámarksfjöldi fræja af Rumex, Apropyron og Alopecurs myosuroides *í grundvallarfræi og stofnfræi.*

Tegundir	Rumex-tegundir að undanskildum R. acetosella og R. maritimus	Agropyron repens	Alopecurus myosuroides
A. Grös:			
Agrostis spp.	1	1	1
Alopecurus pratensis	2	5	5
Bromus inermis Leyss.	5	5	5
Dactylis glomerata	2	5	5
Festuca spp.	2	5	5
Lolium spp.	2	5	5
Phalaris arundinacea L.	5	5	5
Phleum spp.	2	1	1
Poa spp.	1	1	1

B. Belgjurtir:	
Lotus corniculatus	3
Lupinus spp.	2
Medicago spp.	3
Pisum sativum	2
Trifolium spp.	3
Vicia spp.	2
C. Káltegundir:	
Brassica oleracea convar.	3
Brassica napus	3
Brassica rapa	3
Sinapis alba	3
Raphanus sativus var. oleiformis	2

7. Belgjurtafræ skulu ekki innihalda fræ af steinsmára. Eitt fræ af steinsmára telst ekki til óhreininda í akurmaríuskó, úlfasmára, refasmára og öðrum smárategundum ef annað sýni sem er helmingi stærra er hreint af fræjum steinsmára. Ekki þarf að fara fram athugun með tilliti til fræja steinsmára á framleiðslueiningum með lúpínu, gráertum og flækjutegundum (*Vicia*).

Sérstakar kröfur um lúpínu:

1. Fjöldi fræja af beiskum lúpínustofnum skal ekki vera yfir 1% í fræjum af öðrum lúpínustofnum.

II. Korn til grænfóðurs og þroska.

Íslenskar gæðakröfur teljast vera uppfylltar þegar greiningarniðurstöður og leyfileg frávik eru í samræmi við kröfurnar. Sömu kröfur eru gerðar til sáðkorns til útflutnings.

1. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til stofnhreinleika;

Korntegund	Flokkur	Krafa
Bygg, hafrar og hveiti	P og B	lágmark 99,9%
	C1	lágmark 99,7%
	C2	lágmark 99,0%
Rúgur	Allir	*

* Allir flokkar af rúgi skulu vera hreinir miðað við stofn.

Kynbótafræ, notað sem sáðvara til ræktunar á grundvallarfræi, skal uppfylla kröfur um grundvallarfræ með tilliti til annarra stofna.

2. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til spírunarhæfni;

Korntegund	Flokkur	Krafa, %	Leyfileg frávik
Bygg, hafrar og vorhveiti	B, C1 og C2	minnst 90,0	3
	D	minnst 85,0	0
Rúgur, hausthveiti og rúgmjöl	Allir	minnst 85,0	0

3. Eftirfarandi kröfur er gerðar til fjölda kjarna af öðrum korntegundum og fjöldi kjarna af illgresisfræi á hvert kg;

Korntegund	Flokkur	Krafa, fjöldi	Leyfileg frávik
Allar	P og B	hámark 1 kjarni af annarri korntegund	1
		hámark 3 kjarnar af illgresisfræi samtals	0
		hámark 2 kjarnar af húsapunti	0
Allar	C1 og C2	hámark 4 kjarnar af annarri korntegund	2
Allar	D	hámark 14 kjarnar af annarri korntegund	0
Allar	C1, C2 og D	hámark 5 kjarnar af illgresisfræi samtals	0
		hámark 2 kjarnar af húsapunti	0

4. Sjúkdómum er takmarka notagildi sáðkorns skal haldið í lágmarki. Eftirfarandi kröfur eru gerðar um;

a. Innihald af grasdrjólum á hvert kg

Korntegund	Flokkur	Krafa, fjöldi
Allar	P og B	hámark 2
	C1, C2 og D	hámark 6

b. „Nakinn sótsveppur“

Korntegund	Flokkur	Krafa, %
Allar krafa*	P	Engin
	B	hámark 0,05
	C1 og C2	hámark 0,1
	D	hámark 1,0

* Hægt er að krefjast sveppameðhöndlunar.

5. Sáðkornsblöndur. Einstakir stofnar eru settir í blönduna eftir tilgreindu magnhlutfalli.

6. Aðrar kröfur;
   a) Hreinleiki sáðkorns í öllum flokkum má ekki fara undir 99,5%. Leyfilegt frávik er 0,3 %.
   b) Ekki má finnast fræ af flughöfrum eða eiturrýgresi í neinum flokki sáðkorns.
   c) Raki sáðkorns má ekki vera meiri en 15% af þyngd í neinum flokki sáðkorns.

III. Rófur aðrar en af krossblómaætt.

A. Grundvallarfræ, stofnfræ og vottað fræ.

1. Fræi skal vera nægilega ósvikið og hreint miðað við stofn.
2. Sjúkdómum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.
3. Þyngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum jurta skal ekki vera hærra en 0,3%. Í þessu þyngdarhlutfalli er þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna ekki reiknuð með.
4. Fræ skal ennfremur uppfylla eftirtaldar kröfur:

Kröfur um hreinleika, spírunarhæfni og rakainnihald

Fræ	Lágmarks-hreinleiki % af þyngd	Lágmarks-spírun % af fjölda	Hámarks-rakainnihald % af þyngd
Sykurrófur:			
Arfbundin einkímsfræ	97	80	15
Tæknilega einkímuð fræ	97	75	15
Fjölkímsfræ af stofnum sem eru meira en 85% tvílitna	97	73	15
Annað fræ	97	68	15
Fóðursykurrófur:			
Arfbundin einkímsfræ	97	73	15
Tæknilega einkímuð fræ	97	73	15
Fjölkímsfræ af stofnum sem eru meira en 85% tvílitna	97	73	15
Annað fræ	97	68	15

Sérstakir staðlar fyrir:

a) Arfbundin einkímsfræ.
   Minnst 90% spíraðra fræja skal við spírun reynast einkíma. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærra en 5% spíraðra fræja.

b) Tæknilega einkímað fræ.
   1. Sykurrófa.

Minnst 70% spíraðra fræja skal við spírun reynast einkíma. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærra en 5% spíraðra fræja.

2. Fóðursykurrófa.

Þegar um er að ræða stofna sem eru yfir 85% tvílitna skal af minnst 58% spíraðra fræja koma upp einungis ein ungplanta. Fyrir öll önnur fræ skal af minnst 63% spíraðra fræja koma upp einungis ein ungplanta. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærra en 5% spíraðra plantna.

c) Arfbundin einkímsfræ og tæknilega einkímað fræ.
Fyrir stofnfræ skal þyngdarhlutfall óhreininda ekki vera yfir 1,0%.
Fyrir vottað fræ skal þyngdarhlutfall óhreininda ekki vera yfir 0,5%.

Þegar um er að ræða húðað fræ skal greining fara fram á sýnum sem, samkvæmt opinberum aðferðum, eru tekin úr forunnu fræi sem hefur verið afhýtt að hluta til (skorið eða mulið) en hefur enn ekki verið húðað.

IV. Iðnaðarjurtir.

A. Grundvallarfræ, stofnfræ og vottað fræ.

1. Fræið skal að stofni til vera ósvikið.

Eftirfarandi lágmarksgildi eiga við um stofnhreinleika:

Tegund og flokkur	Lágmarks-stofnhreinleiki í %
Helianthus annuus, nema blendingar	
--- stofnfræ	99,7
--- vottað fræ af fyrsta ættlið	99,0
Linum usitatissimum	
--- stofnfræ	99,7
--- vottað fræ af fyrsta ættlið	98,0
--- vottað fræ af öðrum ættlið	97,5
Papaver somniferum	
--- stofnfræ	99,0
--- vottað fræ	98,0

Eftirlit með því hvort kröfum um lágmarkshreinleika stofna er fullnægt skal einkum framkvæmt með plöntuskoðunum.

2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræja skal haldið í lágmarki.

Eftirfarandi kröfur gilda um sjúkdóma er draga úr notagildi fræs:

a) Hlutfall fræs af iðnaðarjurtum sem eru sýkt af grásveppi (*Botrytis*) skal ekki vera hærra en 5%.

b) Hlutfall fræs af iðnaðarjurtum sem eru sýkt af öðrum sjúkdómum en grásveppi, einkum rótarfúa (*Ascochyta linicola*), visnunarveiki (*Colletotrichum lini*), *Fusarium* tegundum og *Alternaria* tegundum skal ekki vera hærra en 5% samtals.

Í trefjalíni skal hlutfall fræs sem er sýkt af rótarfúa ekki vera hærra en 1%.

c) Fyrir fræ af hvítum mustarði skulu hnúðar eða vottar um hnúða af (*Sclerotinia sclerotiorum*) ekki vera fleiri en fimm og fyrir fræ af gulrófu og sólfífli skulu þeir ekki vera fleiri en tíu í greiningarsýninu sem er tilgreint í 7. dálki.

Þessi athugun skal ekki fara fram nema ástæða sé til að ætla að kröfur séu ekki uppfylltar.

3. Fræ skal ennfremur uppfylla kröfurnar í 3. töflu.

3. tafla. Kröfur um spírun, hreinleika og innihald fræs af öðrum jurtategundum, ásamt lágmarksþyngd sýna til að unnt sé að ákvarða fræ af öðrum jurtategundum.

Lykill:
1. Tegund.
2. Lágmarksspírun, % af fjölda.
3. Lágmarkshreinleiki, % af þyngd.
4. Hámarksfjöldi fræja af öðrum tegundum, alls.
5. Hámarksfjöldi Rumex tegunda að frátaldri Rumex acetosella í grundvallarfræi og stofnfræi.
6. Hámarksfjöldi Rumex tegunda að frátaldri Rumex acetosella í vottuðu fræi.
7. Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum, grömm.

1	2	3	4	5	6	7
Brassica Juncea	85	98	---	2	5	40
Brassica nigra	85	98	---	2	5	40
Carum carvi	70	97	25	---	---	80
Helianthus annuus	85	98	5	---	---	1.000
Linum usitatissimum, trefjalín	92	99	15	---	--	150
Linum usitatissimum, olíulín	85	99	15	---	---	150
Papaver somniferum	80	98	25	---	---	10
Sinapis alba	85	98	---	2	5	200

Athugasemdir við kröfur er gilda um iðnaðarjurtir.

a) Þyngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum jurta í káli og hvítum mustarði skal ekki vera hærra en 0,3%.
b) Kröfurnar sem vísað er til í 4., 5. og 6. dálki og liðum c - i hér að aftan gilda um greiningu á því magni sem er tilgreint í 7. dálki.
c) Hámarksfjöldi fræja samkvæmt 4. dálki tekur einnig til fræs af öðrum tegundum sem um getur í liðum e - i hér að aftan.

d) Fyrir framleiðslueiningar með kúmeni og ópíumvalmúa skal eingöngu fara fram athugun með tilliti til annarra tegunda ef grunur leikur á að kröfum sé ekki fullnægt.
e) Fræ flughafra má ekki finnast í greiningarsýni.
f) Fræ af vafsníkju skal ekki vera í greiningarsýni. Athugun með tillit til fræs af vafsníkju skal eingöngu fara fram ef efasemdir eru um að kröfum sé fullnægt.
Eitt fræ af vafsníkju í sýnum úr káltegundum, kúmeni, olíu- og trefjalíni, ópíumvalmúa og hvítum mustarði telst ekki til óhreininda ef annað sýni er hreint af fræi vafsníkju.
g) Í greiningarsýni fræs af káltegundum, kúmeni og hvítum mustarði skulu ekki vera fleiri en 10 fræ af akurhreðku.
h) Í greiningarsýni fræs af kúmeni, trefja- og olíulíni skulu ekki vera fleiri en 3 eða 4 fræ af *Alopecurus myosuroides*.
i) Í greiningarsýni fræs af trefja- og olíulíni skulu ekki vera fleiri en 2 fræ af *Lolium remotum*.

V. Garðyrkjujurtir.

1. Fræ skal vera ósvikið og hreint miðað við stofn.
2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.
3. Fræ skal ennfremur uppfylla eftirtaldar kröfur í eftirfarandi:

Lykill:
1. Tegund.
2. Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda.
3. Lágmarks hreinleiki, % af þyngd.
4. Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum, % af þyngd.

1	2	3	4
Allium cepa	70	97	0,5
Allium porrum	65	97	0,5
Anthiscus cerefolium	70	96	1,0
Apium graveolens	70	97	1,0
Beta vulgaris (allar tegundir)	70	97	0,5
Brassica oleracea convar. botrytis	70	97	1,0
Brassica oleracea (aðrar undirtegundir)	75	97	1,0
Brassica napus var. napobrassica	75	97	1,0
Brassica campestris ssp. rapifera	80	97	1,0
Brassica campestris ssp. pekinenesis	75	97	1,0
Capsicum annuum	65	97	0,5
Cichorium endivia	65	95	1,0
Cichorium intybus var. foliosum	65	95	1,5
Cichorium intybus var. sativum	80	97	1,0
Citrullus lanatus	75	98	0,1
Cucumis melo	75	98	0,1
Cucumis sativus	80	98	0,1
Cucurbita maxima	80	98	0,1

Cucurbita pepo	75	98	0,1
Daucus carota	65	95	1,0
Foeniculum vulgare	70	96	1,0
Lactucasativa	75	95	0,5
Lycopersicum esculentum	75	97	0,5
Petroselinum crispum	65	97	1,0
Phaseolus coccineus	80	98	0,1
Phaseolus vulgaris	75	98	0,1
Pisum sativum	80	98	0,1
Paphanus sativus	70	97	1,0
Scorzonera hispanica	70	95	1,0
Solanum melongena	65	96	0,5
Spinacia oleracea	75	97	1,0
Valerianella locusta	65	95	1,0
Vicia faba	80	98	0,1
Aðrar grænmetistegundir	engin	98	0,1
Berjategundir	engin	engin	engin
Ávaxtategundir	engin	engin	engin
Skrúðgarðategundir	engin	engin	engin
Kryddjurtategundir	engin	engin	engin
Skrautjurtategundir	engin	engin	engin

Aðrar kröfur:

4. Belgjurtafræ mega ekki vera smituð eða bera með sér eftirtalin lifandi skordýr:
   Acanthoscelides obtectus (baunakímblað)
   Bruchus affinis Froel.
   Bruchus atomarius L.
   Bruchus pisorum L. (ertukímblað)
   Bruchus rufimanus Boh.

5. Fræ mega ekki vera smituð eða bera með sér lifandi *Acarina* (midd).

3. VIÐAUKI

MERKINGAR Á FRAMLEIÐSLUEININGUM OG PAKKNINGUM.

I. HLUTI

Merkingar á framleiðslueiningum og pakkningum, að smápakkningum, skammtapakkningum og sérpakkningum A, B, C og D undanskildum. Upplýsingar sem skulu koma fram í opinberum merkingum (15. gr.):

A. Grundvallarfræ, stofnfræ, vottað fræ og sáðkorn í flokki D.

1. „EES-reglur og -kröfur".
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Númer framleiðslueiningar.

4. Innsiglunarmánuður og -ár.
5. Tegund, grasafræðiheiti ritað á latínu. Rita má heitið stytt, með hefðbundnum hætti eða hvorutveggja.
6. Stofn, gefinn upp með latínskum bókstöfum.
7. Flokkur.
8. Ræktunarland.
9. Nettó- eða brúttóþyngd.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Ef fræið er rófnafræ skal tilgreina í 5. lið hvort um er að ræða fræ af fóðursykurrófu eða sykurrófu.
2. Ef fræið er rófnafræ skal tilgreina í 5. lið hvort um er að ræða arfbundið einkímsfræ eða tæknilega einkímað fræ.
3. Við 10. lið skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur föst aukefni skal tilgreina efnin og áætlað þyngdarhlutfall miðað við þyngd af hreinu fræi. Ef um rófnafræ er að ræða skal tilgreina hlutfall plantna.
4. Ef um vottað fræ er að ræða skal tilgreina fjölda ættliða frá stofnfræi samkvæmt 7. lið.
5. Fyrir nytjajurtir sem ekki hafa verið gæðaprófaðar með nytjaræktun í huga skal eftirfarandi upplýsingum bætt við 10. lið: „Ekki ætlað til ræktunar nytjajurta".
6. Ef framleiðsluleyfi er með grundvallarfræi og stofnfræi sem hafa lægri spírunarhæfni (sbr. 11) skal þeim upplýsingum bætt við í 10. lið.

B. Fræblöndur (15. og 18. gr.).
1. „EES-reglur og -kröfur".
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Númer blöndunnar.
4. Innsiglunarmánuður og -ár.
5. „Fræblanda til notkunar...."
6. Þyngdarhlutfall tegundar/stofns.
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar við 6. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar upplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfangaeftirlitinu.
2. Í 8. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

C. Vörulýsing á íslensku fyrir pakkningar með opinberum merkingum (13. gr.).
1. „EES-reglur og -kröfur".
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.

4. Númer framleiðslueiningar.
5. Tegund og stofn.
6. Nettó- eða brúttóþyngd.
7. Þyngdarhlutfall hreins fræs.
8. Þyngdarhlutfall illgresisfræs.
9. Spírunarhæfni.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

D. Fræ sem hefur ekki verið flokkað endanlega (á við um garðyrkjufræ eingöngu).
1. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
2. Númer framleiðslueiningar.
3. Tegund, lágmarkslengd grasafræðiheitis ritað á latínu. Rita má heitið stytt, með hefðbundnum hætti eða hvorutveggja.
4. Stofn, gefinn upp með latínskum bókstöfum.
5. Flokkur.
6. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
7. Jafnframt skal bæta við eftirfarandi texta: „Hefur ekki verið flokkað endanlega."

E. Sáðvara ætluð til landgræðslu.
1. Nafn opinbers eftirlitsaðila á Íslandi.
2. Nafn framleiðanda og söluaðila.
3. Plöntutegund.
4. Uppruni. Frá hvaða landssvæði á Íslandi.
5. Ræktunarstaður ef annar en uppruni.
6. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
7. Jafnframt skal bæta við eftirfarandi texta: „Ætlað til landgræðslu eingöngu."
8. Aðrar athugasemdir.

Athugasemdir:
1. Í 8. tölulið skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

II. HLUTI

Merkingar á sérpakkningum A, B, C og D (12., 13., og 19.gr.). Vörulýsing á íslensku eða áþrykktur eða prentaður texti á pakkningunni:

A. A-pakkning (2. gr.).
1. „EES - A-pakkning".
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.

4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. „Fræblanda til notkunar ....."
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er vigtað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar við 8. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar upplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfangaeftirlitinu.
3. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

B. B-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara.
1. „EES - B-pakkning".
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. Tegund.
7. Stofn.
8. „Vottað fræ".
9. Nettó- eða brúttóþyngd.
10. Spírunarhæfni.
11. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er vigtað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt, skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Í 11. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs. Þegar um er að ræða nytjaplöntur sem eru ekki gæðaprófaðar með tilliti til nytjaræktunar skal bæta eftirfarandi upplýsingum við undir 11. tölul.: „Ekki ætlað til ræktunar á nytjajurtum".

C. B-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara í blöndu.
1. „EES - B-pakkning".

2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. „Fræblanda til notkunar....“
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er ræktað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt, skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar í 8. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar uppplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfangaeftirlitinu.
3. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

D. C-pakkning (2. gr.).

Grundvallarfræ og stofnfræ.

1. „N-pakkning - C“.
2. „Grundvallarfræ“ eða „stofnfræ“.
3. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. Tegund.
7. Stofn.
8. Nettó- eða brúttóþyngd.
9. „Einungis til ræktunar samkvæmt samningi á Íslandi“.
10. Spírunarhæfni.
11. Aðrar upplýsingar.

E. D-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara.

1. „N-pakkning - D“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Númer framleiðslueiningar.
4. Síðasti söludagur.
5. Tegund.
6. Stofn.
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Spírunarhæfni.
9. „Einungis til sölu á Íslandi“.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

F. D-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara í blöndu.
1. „N-pakkning - D".
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Númer framleiðslueiningar.
4. Síðasti söludagur.
5. „Fræblanda til notkunar".
6. Nettó- eða brúttóþyngd.
7. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
8. „Einungis til sölu á Íslandi".
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

III. HLUTI
Merkingar á smápakkningum í garyrkjufræi.

A. Merkingar á smápakkningum með vottuðu fræi (2. gr.).
1. „EES-reglur og -kröfur".
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) og heimilisfang fyrirtækis.
3. Innsiglunarár eða dagsetning síðustu prófunar á spírunarhæfni.
4. Tegund, grasafræðiheiti.
5. Stofn.
6. Flokkur „vottað" eða „C".
7. Framleiðslunúmer á upprunalegu framleiðslueiningunni.
8. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
9. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Í 9. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd.

B. Merking framleiðslueininga með stöðluðu fræi (2. gr.).
1. „EES-reglur og -kröfur".
2. Fyrirtækjaheiti söluaðila eða merki (lógó) og heimilisfang fyrirtækis.

3. Innsiglunarár eða dagsetning síðustu prófunar á spírunarhæfni.
4. Tegund, grasafræðiheiti.
5. Stofn.
6. Flokkur „staðlað“ eða „S“.
7. Framleiðslunúmer.
8. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
9. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:
1. Í 9. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd.
2. Í pakkningum fyrir gulrætur og lauk sem eru ætlaðar til sölu á Íslandi skal alltaf tilgreina fjölda fræja í hverju grammi.

IV. HLUTI

E. Litur og stærð merkimiða í sáðvöru.

Flokkur	Litur	Stærð
P	Hvítur með fjólubláu skástriki	Lágmark 110 x 67 mm
B	Hvítur	"
C1	Blár	"
C2	Rauður	"
D	Brúnn	"
Stofnablöndur	Grænn	"
St	Dökkgulur	"
Fræ sem ekki hefur verið vottað endanlega	Grár	"

Vörulýsing:

Pakkning	Flokkur	Litur
A-pakkning		Grænn
B-pakkning	Hrein tegund úr flokki C1	Blár
	Hrein tegund úr flokki C2	Rauður
	Blöndur	Grænn
C- og D-pakkningar	B	Hvítur
	C1	Blár
	Blöndur	Grænn

V. HLUTI

Sérmerkingar (15. gr.).

Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal að jafnaði leitað álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu sem um er að ræða.

5. gr.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. lög nr. 34/1987, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 87 frá 25. febrúar 1991 með breytingu nr. 178 frá 16. apríl 1991.

Samgönguráðuneytið, 8. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með breytingum skv. reglugerðum nr. 489/1992 og 30/1993.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýrr málsliður er orðist svo: Rétt til endurgreiðslu samkvæmt a– og b–lið á einnig sá sem byggir eða framkvæmir endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði, þó það sé að hluta notað undir virðisaukaskattskylda starfsemi, enda geti sá hinn sami ekki talið þann virðisaukaskatt til innskatts.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

1. 1. málsliður 1. mgr. orðast svo: Endurgreiðslubeiðni þeirra sem byggja á eigin kostnað til leigu eða sölu skal byggjast á fullnægjandi sölureikningum verktaka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 50/1993, eða fullnægjandi byggingarbókhaldi, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 576/1989.
2. 2. mgr. orðast svo: Frumrit fullnægjandi sölureiknings skal fylgja endurgreiðslubeiðni annarra en um ræðir í 1. mgr. vegna vinnu verktaka við nýbyggingu, endurbætur og viðhald.
3. Á eftir orðinu „launamiða“ í 3. mgr. kemur: (RSK 2.01).

3. gr.

Í stað reglugerðarnúmersins „501/1989“ í 11. gr. kemur: 50/1993

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. :

1. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo: Skattstjóri skal skrá sérstaklega þær upplýsingar um greidda vinnureikninga, sem einstaklingar veita á endurgreiðslubeiðnum. Framangreind skráning skattstjóra kemur í stað skila á launamiðum skv. 3. mgr. 8. gr.
2. Í stað „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 3. mgr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Sauðárkróki.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. í samþykkt um hundahald á Sauðárkróki nr. 162/1974, skal vera kr. 7.500, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og reiknast dráttarvextir frá eindaga, sé eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 19. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 359 26. júní 1995

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 468/1993 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Reglugerð nr. 468/1993 um jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1995-1996.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1995-1996 skal vera 101 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skal sá útreikningur byggjast á greiðslumarki lögbýlisins til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1994-1995 að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa vegna úreldingar á mjólkurframleiðsluaðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 211/1994 og geymslu skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala, næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamning. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.

b) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með þeim takmörkunum sem um getur í 1. mgr. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1995-1996 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 1996 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

3. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.

b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.

c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. stafliðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

a) 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1995.

b) 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1995.

c) 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1996.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

6. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör.Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá

skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Upphafsákvæði.

1. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari, hafa með höndum rannsóknir á skattsvikum og öðrum refsiverðum brotum gegn lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með áorðnum breytingum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum eða þeim er falin framkvæmd á, sbr. 102. gr. A laga nr. 75/1981, sbr. 19. gr. laga nr. 111/1992 og 13. gr. laga nr. 122/1993.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hafa með höndum rannsóknir á refsiverðum brotum gegn lögum nr. 145/1994 um bókhald og gegn lögum nr. 144/1994 um ársreikninga, sbr. lög nr. 37/1995.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal enn fremur taka ákvörðun um hvort hann vísar máli til opinberrar rannsóknar og venjulegrar sakamálameðferðar eða til meðferðar fyrir yfirskattanefnd. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir yfirskattanefnd við ákvörðun sekta og annast kröfugerð í sektarmálum. Ákvæði þetta gildir jafnt um mál sem sætt hafa eða sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sem og mál sem skattstjórar hafa lokið meðferð í skv. 13. gr. reglugerðar þessarar.

I. KAFLI
Upphaf rannsóknar, markmið hennar og afmörkun.

Upphaf rannsóknar máls.

2. gr.

Upphaf rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins á skattsvikum eða öðrum refsiverðum brotum, sem tiltekin eru í 1. gr., getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Með tilkynningu frá skattstjóra, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1995 og 8. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum.
2. Með tilkynningu frá ríkisskattstjóra, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, sbr. 6. gr. laga nr. 37/1995.
3. Að eigin frumkvæði, sbr. 2. mgr. 102. gr. A laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum og 4. mgr. 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, 2. mgr. 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum.
4. Samkvæmt tilvísun frá rannsóknarlögreglu ríkisins, sbr. 70. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.
5. Samkvæmt kæru, tilkynningu eða ábendingu frá þriðja manni (utanaðkomandi aðila).

Skattrannsóknarstjóri ríkisins ákveður hvort ábending skv. 5. tölul. 1. mgr. eða tilkynning skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. gefur tilefni til rannsóknar eða annarrar umfjöllunar af hans hálfu. Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal hefja rannsókn samkvæmt 4. tölul. nema hann telji atvik vera með þeim hætti að rannsókn á hans vegum sé þýðingarlaus eða illframkvæmanleg af öðrum ástæðum eða varði mjög óverulegar fjárhæðir. Skal þá rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt sú niðurstaða.

Markmið rannsóknar.

3. gr.

Markmið rannsóknar skal vera að afla allra nauðsynlegra gagna og upplýsa málsatvik til þess að unnt sé að ákvarða hvort skattskil hafi verið röng eða byggð á vafasömum, hæpnum eða ófullnægjandi forsendum, svo leggja megi grundvöll að endurákvörðun opinberra gjalda, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, 5. mgr. 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, 14. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með áorðnum breytingum og 3. mgr. 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum og unnt sé að meta hvort krafist skuli refsimeðferðar og þá með hvaða hætti, sbr. V. kafla.

Heimildir til rannsóknar.

4. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild til að rannsaka framtalsskil og skattskil allra manna og lögaðila sem framtalsskyldir eru, hvort sem framtalsskyldu hefur verið fullnægt eða ekki, sbr. 1. mgr. 102. gr. A laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild til að rannsaka staðgreiðsluskil, sbr. 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum, virðisaukaskattsskil, sbr. 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum og tryggingagjaldsskil sbr. 11. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, með áorðnum breytingum, m.a. á yfirstandandi rekstrarári.

Þá hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins heimild til að rannsaka bókhald, grundvöll skattskila og ársreikninga sbr. 41. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum, og 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal við rannsókn hafa aðgang að öllum framtölum og skýrslum í vörslu skattstjóra og getur hann krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og aðilum sem um ræðir í 94. gr. laga 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

Lögreglu er skylt að veita skattrannsóknarstjóra ríkisins nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna og hætta er á sakarspjöllum vegna gruns um væntanlegt undanskot gagna.

Umfang og afmörkun rannsóknar.

5. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um afmörkun á rannsókn máls, þ.m.t. til hvaða ára eða tímabila rannsókn tekur, hvaða atriði rannsökuð verða, af hverjum skýrslur eru teknar og að öðru leyti með hvaða hætti rannsókn fer fram.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að vinna að einstökum rannsóknarverkefnum.

II. KAFLI
Tilhögun og framkvæmd rannsókna.

Upphafsdagur rannsóknar.

6. gr.

Upphafsdagur rannsóknar miðast við móttöku gagna frá skattaðila eða þann dag sem skattrannsóknarstjóri ríkisins gerir skattaðila bréflega kunnugt um að rannsókn sé hafin á framtals- eða skattskilum hans. Að jafnaði skal skattaðila gert bréflega kunnugt um að rannsókn sé hafin á skattskilum hans.

Skrá skal upphafsdag rannsóknar í gerðabók skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 31. gr.

Í skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins um rannsókn á máli skattaðila skal m.a. koma fram hver sé upphafsdagur rannsóknar.

Rannsókn skattundandráttar og bókhaldsbrota.

7. gr.

Rannsaka skal hvort skattstofnar séu ranglega tilgreindir eða vanrækt að telja þá fram og hvaða áhrif slíkt hefur haft á álagningu tekjuskatts og eignarskatts. Enn fremur skal rannsaka hvort og með hvaða hætti skattaðili hefur vangreitt skilaskyld gjöld eða skatta sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta eða vanrækt að inna af hendi gjöld eða skatta sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir.

Rannsaka skal, eftir því sem tilefni gefst til, hvort bókhaldsskyldur aðili hafi haldið lögbundið bókhald og hvort samræmi sé milli bókhalds og fylgiskjala, að allar tekjur séu færðar til bókar og eftir atvikum að útgjöld rekstrarins, þ.m.t. vörukaup, séu bókuð með lögbundnum hætti og hvort bókhaldi sé hagað í samræmi við meginreglur laga nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum.

Rannsaka skal hve háar fjárhæðir hafa verið dregnar undan, vanrækt var greiðsla á eða endurgreiddar voru um of. Séu gögn og upplýsingar af skornum skammti, þ.m.t. vegna förgunar skattaðila á gögnum eða vanrækslu hans um að halda gögnum til haga eða færa bókhald, skal skattrannsóknarstjóri ríkisins leitast við að meta ætlaðan undandrátt með hliðsjón af því sem fram kemur í 11.-13. og 20. gr.

Þá skal, eftir því sem skattrannsóknarstjóri ríkisins telur vera þörf á, rannsaka hvort hinn grunaði sé aðalmaður eða hlutdeildarmaður í ætlaðri refsiverðri háttsemi. Ef fleiri en einn maður er grunaður um brot skal rannsaka hvort um samverknað þeirra var að ræða.

Rannsókn saknæmisskilyrða.

8. gr.

Rannsaka skal eftir því sem tilefni þykir gefa til huglæga afstöðu hins grunaða til ætlaðs brots, ásetning hans, gáleysi og eftir atvikum hvatir, svo og ef um tilraun til brots er að ræða og hvort hann hefur af sjálfsdáðum horfið frá henni.

Móttaka gagna frá skattaðila og gagnaöflun frá þriðja manni.

9. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur aflað gagna frá skattaðila vegna rannsóknar á máli skattaðila með eftirfarandi hætti:

1. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur munnlega eða skriflega lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að leggja fram umbeðin gögn til skattrannsóknarstjóra.
2. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur farið á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila og lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að afhenda skattrannsóknarstjóra ríkisins umbeðin gögn. Heimilt er skattrannsóknarstjóra ríkisins að kanna sjálfstætt hvaða gögn eru á starfsstöð og staðreyna þýðingu þeirra vegna rannsóknar málsins.

Að jafnaði skal beiðni um framlagningu gagna við upphaf rannsóknar máls vera skrifleg. Í beiðni til skattaðila um gögn sbr. 1. tölul. 1. mgr., svo og við heimsókn á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila sbr. 2. tölul. 1. mgr., getur skattrannsóknarstjóri ríkisins lagt fyrir skattaðila eða umboðsmann hans að afhenda bókhald skattaðila og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn sem varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Auk þessa getur skattrannsóknarstjóri ríkisins krafist allra annarra upplýsinga og gagna sem hann telur nauðsynleg við rannsókn málsins.

Við heimsókn á starfsstöð eða í birgðageymslu skattaðila, hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins heimild til að taka afrit allra gagna samkvæmt 1. mgr., sem geymd eru á tölvutæku formi, eða yfirfæra þau á eigin miðil. Ef stöðva þarf rekstur tölvukerfis vegna þessa skal þó leitast við að slík stöðvun valdi sem minnstum óþægindum eða röskun á starfsemi skattaðila.

Við öflun gagna frá þriðja aðila hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins sömu heimildir og greinir í 1. mgr., sbr. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum.

Skráning móttekinna gagna.

10. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá gögn sem aflað er frá skattaðila er sætir rannsókn og veita honum staðfestingu um móttekin gögn. Gögn sem rannsókn er byggð á skal eigi afhenda skattaðila aftur fyrr en endurákvörðun opinberra gjalda, kærumeðferð og refsiákvörðun er að fullu lokið. Skattrannsóknarstjóra er þó heimilt að afhenda gögn tímabundið aftur, ef sérstaklega stendur á og tryggt má telja að þau verði ekki fyrir tjóni. Þá getur skattrannsóknarstjóri ríkisins afhent skattaðila ljósrit einstakra skjala eða heimilað honum að kanna gögn sín á skrifstofu skattrannsóknarstjóra, ef tryggt er að slíkt spilli ekki rannsóknarhagsmunum.

Sönnunargögn og sönnun sektar.

11. gr.

Helstu sönnunargögn við rannsókn máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins eru skattframtöl, ársreikningar með fylgiskjölum, fylgiskjöl bókhalds, fært bókhald, þ.m.t. færslubækur og færslulistar, afstemmingargögn, verðútreikningar, tilboð, samningar, bréf, símskeyti og myndrit. Einnig hvers konar önnur gögn sem tengjast rekstri skattaðila og önnur hlutlæg sönnunargögn ótalin hér, svo sem rangfærð skjöl og önnur upplýsandi skjöl.

Auk gagna samkvæmt 1. mgr. teljast ýmsar persónubundnar yfirlýsingar til sönnunargagna, svo sem skýrslur af skattaðila, vitnum og öðrum sem upplýsingar geta gefið vegna

rannsóknarinnar, þ.m.t. skýrslur tilkvaddra sérfróðra aðila, yfirlýsingar viðskiptamanna, birgja o.fl.

Heimilt er að styðja sönnun á grundvelli upplýsinga sem aflað hefur verið frá viðskiptamönnum, birgjum og peningastofnunum, enn fremur með vettvangsuppdráttum og ljósmyndum, sbr. 12. gr.

Vettvangsgögn og aðstoð sérfróðra aðila.

12. gr.

Auk sönnunargagna skv. 11. gr. er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að afla hvers konar annarra gagna sem hann telur nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, t.d. ljósmynda af munum, tækjum, mannvirkjum, lóðum og löndum, svo og vettvangsuppdrátta.

Þá er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að kalla aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við rannsókn máls, þar með talda menn með tækniþekkingu, löggilta endurskoðendur, lögfræðinga og rekstrarráðgjafa.

Framsending máls til skattstjóra.

13. gr.

Heimilt er skattrannsóknarstjóra ríkisins að fela skattstjóra sem vísað hefur til hans máli á grundvelli 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum og 8. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, svo og ríkisskattstjóra, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, að ljúka skattaþætti málsins án þess að fram fari rannsókn skv. reglugerð þessari, enda verði talið að málsatvik séu að fullu upplýst og ekki sé þörf á skýrslutökum skv. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, í því skyni.

Að endurákvörðun lokinni samkvæmt 1. mgr. skal skattstjóri eða ríkisskattstjóri senda málsgögn til skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tekur ákvörðun um hvort til refsimeðferðar skuli koma.

Þá er skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilt að framsenda í upplýsingaskyni til skattstjóra og ríkisskattstjóra ábendingar um athugunarverð skattskil og önnur atriði sem eftirlits kunna að þarfnast.

III. KAFLI
Um skýrslutökur.

Boðun til skýrslutöku.

14. gr.

Boðun til skýrslugjafar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins skal að jafnaði vera skrifleg. Þó er heimilt að boða skattaðila munnlega. Við boðun skal þess gætt að fyrirvari manna til að mæta til skýrslugjafar sé nægur.

Mæti maður ekki til skýrslugjafar skal hann boðaður á ný og þá með sannanlegum hætti en ef hann mætir ekki við þá boðun er heimilt að vísa málinu þá þegar til opinberrar rannsóknar, sbr. nánar 4. tölul. 1. mgr. 29. gr.

Tilefni skýrslutöku.

15. gr.

Áður en skýrslutaka hefst skal skýrslugjafa gert kunnugt um tilefni skýrslutökunnar. Bóka skal sérstaklega að tilefni hafi verið kynnt.

Réttarstaða skýrslugjafa.

16. gr.

Skýra skal skýrslugjafa frá því áður en skýrslutaka hefst, hvort hann er spurður vegna gruns á hendur honum um refsiverða háttsemi eða hvort hann er kvaddur til vitnisburðar.

Sé skýrslugjafi grunaður um refsiverða háttsemi er honum óskylt að svara spurningum sem varða þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Ber að benda skýrslugjafa ótvírætt á þennan rétt strax þegar efni standa til.

Skýrslugjafi skal fyrst spurður um nafn, kennitölu, stöðu og heimili. Ef hann kýs að gefa skýrslu um sakarefnið skal brýnt fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Spurningar skulu vera skýrar og ótvíræðar.

Talsmaður skýrslugjafa.

17. gr.

Skýrslugjafi, sem grunaður er um refsiverða háttsemi má hafa með sér við skýrslutöku talsmann, sem hann ræður á sinn kostnað.

Við skýrslugjöf er talsmanni eigi heimilt að leggja skýrslugjafa orð í munn, né torvelda eða trufla framgang skýrslutöku. Skattrannsóknarstjóra er heimilt að meina talsmanni að vera við skýrslutöku ef hann truflar eða torveldar hana.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur ákveðið að talsmanni sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf skattaðila ef talsmaðurinn er einnig grunaður um refsivert brot vegna máls skattaðila, verður hugsanlega vitni í máli hans, eða er að öðru leyti svo viðriðinn mál hans eða hann sjálfan, að hætta sé á að hann geti ekki sem skyldi gætt hagsmuna skattaðila í málinu eða nærvera hans geti truflað framgang rannsóknarinnar.

Ef skattrannsóknarstjóri þarf að víkja talsmanni úr skýrslutöku eða meina honum að vera viðstaddur, sbr. 2. og 3. mgr., skal fresta skýrslutöku og gefa skýrslugjafa hæfilegan frest til að ráða sér annan talsmann.

Lengd skýrslutöku.

18. gr.

Skýrslutaka má ekki standa lengur en sex klukkustundir samfleytt á sólarhring. Spyrja skal hvern mann án nærveru annarra grunaðra manna eða þeirra sem taldir eru vitni í málinu nema um samprófun sé að ræða. Heimilt er að samprófa tvo eða fleiri sakaða menn eða sakaðan mann og vitni þegar ástæða þykir til.

Vottur við skýrslutöku.

19. gr.

Við skýrslutöku skal a.m.k. einn vottur vera viðstaddur og við undirritun eða staðfestingu skýrslu skulu a.m.k. tveir votta undirritun skýrslugjafa.

Bókun skýrslutöku.

20. gr.

Í upphafi skýrslutöku skal bóka eftirfarandi atriði:

1. dagsetningu og ár,
2. hvenær skýrslutaka hefst,
3. hvaða starfsmaður skattrannsóknarstjóra ríkisins tekur skýrslu af skýrslugjafa,
4. hvar skýrslutaka fer fram,
5. fullt nafn skýrslugjafa, kennitölu, heimilisfang og stöðu,
6. að skýrslugjafa sé gert kunnugt um tilefni skýrslutökunnar,
7. hvaða réttarstöðu skýrslugjafi hefur við skýrslutökuna,
8. að skýrslugjafa sé bent á heimild hans til að hafa talsmann við skýrslutökuna. Bóka skal hver mætir sem talsmaður með skýrslugjafa við skýrslutökuna.

Sé um samprófun að ræða skal það bókað sérstaklega í upphafi skýrslutöku.

Bóka skal aðalatriði í framburði skýrslugjafa. Fyrir skýrslugjafa skulu lagðar ákveðnar númeraðar spurningar. Þó er heimilt að bóka orðrétt þýðingarmesta hluta framburðar hans eða endursegja sjálfstæða frásögn hans sjálfs ef sú framsetning þykir heppilegri.

Að skýrslugjöf lokinni skal skýrslugjafa gefinn kostur á að kynna sér bókaðan framburð sinn. Áður en skýrslugjafi undirritar skýrslu skal hann spurður hvort rétt sé eftir honum haft og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Bóka skal hvenær skýrslutöku er lokið.

Tæknileg skráning skýrslutöku.

21. gr.

Heimilt er að bóka skýrslutöku í ritvinnslu á tölvu, sbr. 20. gr. Skal bókunin þá prentuð og undirrituð og skjalfest af þeim er skýrsluna tekur, skýrslugjafa svo og vottum.

Skýrslugjafi á ekki rétt á að fá eintak skýrslu í hendur fyrr en rannsókn máls er lokið, sbr. 23. gr.

IV. KAFLI
Lok rannsóknar máls.

Rannsóknarskýrsla.

22. gr.

Við lok rannsóknar máls hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins skal tekin saman skýrsla um rannsóknina og niðurstöður hennar.

Í skýrslu skal koma fram hvaða sönnunargögn liggja til grundvallar, hverjir hafa komið til skýrslugjafar, hver sé ætlaður undandreginn skattur eða skattstofn, hvort og hvenær skilaeða gjaldskyldum skatti hafi verið skilað, ef um það er að ræða, hvenær rannsókn teljist lokið og hvaða rannsóknarmenn hafa unnið að rannsókn málsins.

Andmælaréttur.

23. gr.

Þegar rannsókn máls er lokið hefur skattaðili rétt á að fá afhent eintak af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Gefa skal skattaðila kost á að tjá sig um efni skýrslunnar og koma að mótmælum, gögnum og skriflegum skýringum, áður en skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um framhald málsins. Veita skal skattaðila hæfilegan frest til andmæla.

Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við ef mál hefur verið kært til lögreglu áður en rannsókn máls hefur verið lokið af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða málið er kært til lögreglu strax eftir að rannsókn skattrannsóknarstjóra lýkur.

Endurupptaka rannsóknar.

24. gr.

Telji skattrannsóknarstjóri ríkisins andmæli skattaðila, sbr. 2. mgr. 23. gr. gefa tilefni til þess, skal rannsókn máls endurupptekin og henni fram haldið og lokið, að teknu tilliti til andmæla skattaðila.

Berist skattrannsóknarstjóra ríkisins engin andmæli frá skattaðila eða telji hann þau ekki gefa tilefni til breytinga á niðurstöðum skýrslunnar, tekur hann ákvörðun um framhald málsins.

Ákvörðun um endurákvörðun.

25. gr.

Taki skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvörðun um að senda mál skattaðila til endurákvörðunar hjá ríkisskattstjóra, sbr. 6. mgr. 102. gr. A laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, 5. mgr. 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, 3. mgr. 26. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með áorðnum breytingum, og 14. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með áorðnum breytingum, skal skattaðila tilkynnt um þá ákvörðun. Honum skal þá jafnframt tilkynnt að rannsókn máls sé lokið hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og hvort tekin verði ákvörðun þá eða síðar um að hefja refsimeðferð. Andmæli skattaðila skulu fylgja með skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkisskattstjóra.

V. KAFLI
Um refsimeðferð.

Ákvörðun um upphaf refsimeðferðar.

26. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur af sjálfsdáðum ákveðið að hefja refsimeðferð annaðhvort með því að vísa máli til opinberrar rannsóknar og venjulegrar sakamálameðferðar eða með því að vísa því til sektarmeðferðar fyrir yfirskattanefnd og annast hann þá kröfugerð af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni, sbr. 108. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda með áorðnum breytingum, 11. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með áorðnum breytingum, 41. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, sbr. lög nr. 37/1995 og 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. lög nr. 37/1995. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur þó ekki vísað máli til sektarmeðferðar fyrir yfirskattanefnd ef sökunautur vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af nefndinni. Ákvörðun skattrannsóknarstjóra um upphaf refsimeðferðar er óháð því hvort málsmeðferð fyrir ríkisskattstjóra eða eftir atvikum yfirskattanefnd er lokið

eða ekki. Að jafnaði skal endurákvörðun vera lokið áður en mál er sent til refsimeðferðar nema ákvæði 1., 2. og 5. tölul. 1. mgr. 29. gr. eigi við.

Gefa skal skattaðila kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun um refsimeðferð, áður en skattrannsóknarstjóri ríkisins tekur ákvörðun um refsimeðferðina, ef þess er kostur og tryggt er að rannsóknarhagsmunum sé ekki spillt.

Grundvöllur ákvörðunar um refsimeðferð.

27. gr.

Við mat á því hvort mál skuli sæta opinberri rannsókn og sakamálameðferð eða sektarmeðferð yfirskattanefndar skal höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 29. gr.

Sé undandregin fjárhæð skattstofns eða skattskyldrar veltu án álags lægri en kr. 200.000 skal mál eigi sæta refsimeðferð, nema saknæmi brotsins að öðru leyti þyki gefa ástæðu til hennar. Hið sama á við um óveruleg brot á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum.

Sektarmeðferð yfirskattanefndar.

28. gr.

Þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur tekið ákvörðun um að vísa máli til sektarmeðferðar yfirskattanefndar og sökunautur mælir því ekki gegn, skal skattrannsóknarstjóri annast kröfugerð í málinu og kemur að öðru leyti fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún fjallar um sektarmál. Í kröfugerð skattrannsóknarstjóra ríkisins skal skilmerkilega lýst ætlaðri refsiverðri háttsemi, við hvaða lagaákvæði og eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmæli hún er talin varða, hver sé huglæg afstaða hins brotlega til háttseminnar, hverjar séu kröfur skattrannsóknarstjóra fyrir nefndinni og önnur þau atriði sem talin eru hafa þýðingu í málinu. Ekki skal hefja refsimeðferð fyrir yfirskattanefnd nema skattaðili eða forsvarsmaður lögaðila hafi tjáð sig um sakarefni við rannsókn málsins.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað málum sem um ræðir í 13. gr. til sektarmeðferðar yfirskattanefndar þó að ekki hafi farið fram sjálfstæð rannsókn af hálfu skattrannsóknarstjóra. Ekki skal þó senda mál skv. 13. gr. í sektarmeðferð nema skattaðila hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um sakarefni fyrir skattrannsóknarstjóra ríkisins eða löglærðum fulltrúa hans.

Kröfugerð skattrannsóknarstjóra ríkisins skal unnin af skattrannsóknarstjóra eða löglærðum fulltrúa hans.

Ákvörðun um opinbera rannsókn.

29. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar í eftirfarandi tilvikum:

1. Ef líkur eru á að ætlað undanskot nemi verulegum fjárhæðum og varði við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.
2. Ef rökstuddur grunur er um að verknaður hafi verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög saknæmi brotsins.
3. Samkvæmt ósk skattaðila ef skattaðili vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd, sbr. 26. gr. og 28. gr.
4. Ef upplýsingaskyldu er ekki gegnt, hvort sem um er að ræða skattaðila sjálfan eða annan aðila sem ekki gegnir upplýsingaskyldu, sbr. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og

eignarskatt, með áorðnum breytingum, 38. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum og 25. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda með áorðnum breytingum.

5. Ef skattaðili hefur áður orðið uppvís að skattsvikum með dómi eða sætt sektum yfirskattanefndar, enda hafi það brot verið framið innan síðustu fimm ára.
6. Ef rökstuddur grunur er um að háttsemi geti talist meiri háttar brot gegn lögum nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 37/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við mat skattrannsóknarstjóra ríkisins á því hvort máli skuli vísað til opinberrar rannsóknar og sakamálameðferðar getur hann, auk þess sem í 1. mgr. er talið, tekið mið af því hvort um hefur verið að ræða skipulega eða langvarandi brotastarfsemi, harðan brotavilja, eða brot af öðrum ástæðum er svo alvarlegt að eðlilegt sé að mati skattrannsóknarstjóra ríkisins að vísa málinu til opinberrar rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar á hvaða stigi rannsóknar sem er. Ef háttsemi er talin varða við 262. gr. alm. hgl. skal vísa máli til opinberrar rannsóknar svo fljótt sem kostur er.

Meðferð skattkröfu.

30. gr.

Ef máli er vísað til opinberrar rannsóknar skv. 29. gr., tekur skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvörðun um hvort senda skuli málið til endurákvörðunar ríkisskattstjóra eða hvort skattkrafa verði höfð uppi í opinberu máli.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur tekið ákvörðun skv. 1. mgr. hvenær sem er eftir að máli hefur verið vísað til opinberrar rannsóknar og fram til þess tíma sem ákæra er gefin út, enda fari það ekki í bága við ákvæði laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með áorðnum breytingum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði, gildistaka.

Skráning í gerðabækur.

31. gr.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá öll mál í gerðabók sem tekin eru til rannsóknar hjá embættinu. Hann skal einnig skrá í gerðabók öll mál sem til hans er vísað frá skattstjórum og ríkisskattstjóra og um allar skýrslugjafir hjá embættinu, og ákvarðanir ásamt rökstuðningi fyrir því hvort máli skuli vísað til opinberrar rannsóknar eða sent til sektarmeðferðar fyrir yfirskattanefnd. Heimilt er að hafa gerðabækur í tölvutæku formi.

Lok málsmeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

32. gr.

Tilkynna skal skattaðila lok rannsóknar hjá embættinu og skila öllum bókhaldsgögnum þegar rannsókn málsins, endurákvörðun, kærumeðferð og refsimeðferð þess er að fullu lokið. Skal þá gefin út skrifleg kvittun fyrir afhendingu gagna. Leiði rannsókn ekki til endurákvörðunar opinberra gjalda eða refsimeðferðar skal öllum gögnum skilað til viðkomandi aðila svo fljótt sem unnt er þegar sú niðurstaða liggur fyrir.

Breytingar á fjárhæðum.

33. gr.

Viðmiðunarfjárhæð í 27. gr. reglugerðar þessarar skal taka breytingum 1. maí ár hvert í samræmi við breytingu neysluvísitölu næstliðinna 12 mánaða, í fyrsta sinn 1. maí 1996.

Gildistaka.

34. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 362 18. mars 1995

REGLUGERÐ

um Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Vetraríþróttamiðstöð Íslands, VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur það meginhlutverk að efla vetraríþróttir, íþróttafræðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings, svo sem skólafólks, fatlaðra og keppnis- og afreksfólks í íþróttum með hefðbundnar vetraríþróttir, íþróttafræðslu og útivist að leiðarljósi.

II. KAFLI
Markmið.

2. gr.

Vetraríþróttamiðstöð Íslands veitir einstaklingum og hópum aðstöðu til æfinga, keppni, funda, námskeiða og ráðstefnuhalds og veitir þjónustu á þessu sviði.

Vetraríþróttamiðstöðin leiðbeinir og fræðir um vetraríþróttir, heilsurækt og félagsmál á eigin vegum eða í samvinnu við aðra, og hvetur einstaklinga og félagasamtök til aukinnar þátttöku og samstarfs í vetraríþróttum, jafnt fyrir almenning sem keppnisfólk.

III. KAFLI
Samstarf.

3. gr.

Starfsemi og uppbygging VMÍ er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Íþróttasambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar, samkvæmt þessari reglugerð.

IV. KAFLI
Stjórnun.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar 5 menn í stjórn VMÍ til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum: Menntamálaráðuneyti 1 fulltrúi; Akureyrarbær 2 fulltrúar; Íþróttasamband Íslands 1 fulltrúi; Íþróttabandalag Akureyrar 1 fulltrúi. Annar fulltrúi Akureyrarbæjar er formaður stjórnar og fulltrúi menntamálaráðuneytis varaformaður.

5. gr.

Hlutverk stjórnar er að móta markmið og stefnu VMÍ, vinna að uppbyggingu starfseminnar og vera til ráðgjafar um uppbyggingu mannvirkja fyrir Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

Stjórnin skal gera samninga um afnot af landi, íþróttamannvirkjum, húsnæði og annarri aðstöðu sem starfsemin þarfnast. Jafnframt verðleggur stjórnin þátttökugjöld og þjónustu sem hún lætur í té sbr. gr. 1-2.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann og setja honum starfslýsingu.

V. KAFLI
Rekstur.

6. gr.

Stjórnstöð VMÍ er á Akureyri, enda miðast reksturinn við að nýta þau mannvirki sem þar eru ætluð til vetraríþrótta, auk annarra íþróttamannvirkja, skóla og félagsaðstöðu samkvæmt samningi þar um.

7. gr.

Tekjur VMÍ eru eftirfarandi:

a) Tekjur af seldri aðstöðu og þjónustu.
b) Framlög frá íþróttahreyfingunni.
c) Framlög frá Akureyrarbæ samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.
d) Framlög frá ríkissjóði samkvæmt því sem stjórnvöld ákveða hverju sinni.
e) Framlög frá öðrum aðilum.

8. gr.

Reikningsár VMÍ skal vera almanaksárið. Ársreikningur VMÍ, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal lagður fyrir stjórnina eigi síðar en 31. mars ár hvert og sendur ríkisendurskoðun.

Menntamálaráðuneytið, 18. mars 1995.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1995.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða tekjuauka sem hér segir á árinu 1995:

a) Í júlí 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 26% uppbót vegna launabóta.
b) Í ágúst 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
c) Í desember 1995 skal greiða á þessar fjárhæðir eins og þær eru í maí 1995 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 26% uppbót vegna launabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 364 26. júní 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362/1995 um Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

1. gr.

Við 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

2. gr.

Ný grein, 9. gr., hljóðar svo: Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 2. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 og öðlast þegar gildi.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 26. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. júní 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012, og staðfest var 29. apríl 1994, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að sunnan við Eyrardalsá er gert ráð fyrir nýrri íbúðabyggð og þjónustu þar sem áður var íbúðasvæði til notkunar að skipulagstímabili loknu og útivistarsvæði.

Sveitarstjórn Súðavíkur mun taka að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 380/1994 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. mgr. 9. gr. breytist og orðast svo:

Við rekstrardeild fara fram kennsla og rannsóknir í þeim greinum sem tengjast rekstri fyrirtækja og stofnana. Við rekstrardeild eru rekstrarbraut og iðnrekstrarbraut. Nám á rekstrarbraut er skipulagt sem þriggja ára nám og lýkur með BS-prófi í rekstrarfræði. Nám á iðnrekstrarbraut er skipulagt sem tveggja ára nám. Brautskráðum nemendum af iðnrekstrarbraut gefst kostur á eins árs viðbótarnámi (30 einingum) til BS-prófs í rekstrarfræði. Að fengnu samþykki háskólanefndar er rekstrardeild heimilt að skipta hluta námsframboðs á rekstrarbraut og iðnrekstarbraut í sérhæfð námssvið. Rekstrardeild er heimilt að fengnu samþykki háskólanefndar að gefa nemendum með BS-próf í rekstrarfræði, eða öðrum með sambærilega menntun að baki, kost á eins árs framhaldsnámi í gæðastjórnun er lýkur með sérstakri staðfestingu (diploma).

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1995 úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA, IIIB og IVB við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

			Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
	Vara	**Tímabil**	**kg.**	**%**	**kr./kg.**
Úr tollkafla 6:					
0601.2004	Pottapl. 100 sm og stærri	01.07.-31.07	5.000	30	
0603.1003	Ættkvíslar skv. tollskrá	01.07.-31.07	700	30	
0603.1004	Afskornar greinar	01.07.-31.07	700	30	
0603.1009	Annars	01.07.-31.07	170	30	
0604.9109	Annað	01.07.-31.07	3.000	30	
Úr tollkafla 7:					
0701.9000	Kartöflur	01.07.-13.08	135.000	15	30
0703.9000	Blaðlaukur	01.07.-31.07		30	
0704.1000	Blómkál	01.07.-16.07	15.000	30	
0704.2000	Rósakál	01.07.-31.08		30	
0704.9001	Hvítkál	01.07.-09.07	20.000	30	
0704.9002	Rauðkál	01.07.-31.08		30	
0704.9004	Spergilkál	01.07.-16.07		30	
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-31.08		30	
0704.9009	Annað	01.07.-31.08		30	
0705.1002	Salat	01.07.-31.08		15	92
0705.2100	Kaffífífilsblöð	01.07.-31.08		30	
0705.2900	Annað	01.07.-31.08		30	
0706.1000	Gulrætur & næpur	01.07.-16.07	25.000	30	
0706.9000	Annað	01.07.-31.08		30	
0709.5100	Sveppir	01.07.-31.08		15	200
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-31.08		30	
0709.9009	Annað	01.07.-31.08		30	

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

